

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2010/EES/14/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 329/08/COL frá 28. maí 2008 um aðstoð sem veitt hefur verið Sementsverksmiðjunni hf. (Ísland) . . . . .	1
2010/EES/14/02		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 405/08/COL frá 27. júní 2008 um að ljúka formlegri rannsókn að því er varðar Íbúðalánasjóð (Ísland) . . . . .	20
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2010/EES/14/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5797 – State Street Corporation/Intesa Sanpaolo Servizi Transazionali/Sanpaolo Bank) . . . . .	43
2010/EES/14/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5824 – BC Partners/Spotless) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . .	44
2010/EES/14/05		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5549 – EDF/Segebel) . . . . .	45
2010/EES/14/06		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5554 – HAVI/KeyLux/STI Freight JV) . . . . .	45
2010/EES/14/07		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5579 – TLP/Ermewa) . . . . .	46

<b>2010/EES/14/08</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5611 – Agilent/Varian) . . . . .	46
<b>2010/EES/14/09</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5664 – Bilfinger Berger/MCE) . . . . .	47
<b>2010/EES/14/10</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5688 – Alstom/Bharat Forge/JV Companies) . . . . .	47
<b>2010/EES/14/11</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5700 – Lloyds TSB Development Capital/PCH) . . . . .	48
<b>2010/EES/14/12</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5707 – Tennet/E.ON) . . . . .	48
<b>2010/EES/14/13</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5712 – Mitsubishi Chemical Holdings/Mitsubishi Rayon Co) . . . . .	49
<b>2010/EES/14/14</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5729 – Bank of America/Barclays Bank/DSI International) . . . . .	49
<b>2010/EES/14/15</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5730 – Telefónica/Hansenet Telekommunikation) . . . . .	50
<b>2010/EES/14/16</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5732 – Hewlett-Packard/3Com) . . . . .	50
<b>2010/EES/14/17</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5750 – WABCO/Würth/JV) . . . . .	51
<b>2010/EES/14/18</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5773 – Qatar Petroleum/General Electric Company/PII Group) . . . . .	51
<b>2010/EES/14/19</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5783 – Statoil/Svitzer/FTTS (JV)) . . . . .	52
<b>2010/EES/14/20</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5806 – KKR & Co/Pets at Home) . . . . .	52
<b>2010/EES/14/21</b>	Ríkisaðstoð – Spánn – Málsnúmer C 37/09 (áður N 226/09) – Fyrsti og annar samningur fyrirtækjanna Bizkailur S.A. og Habidite Technologies País Vasco S.A. um byggingu iðjuvers fyrir Habidite í Alonsotegi – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans . . . . .	53
<b>2010/EES/14/22</b>	Ríkisaðstoð – Lettland – Málsnúmer C 39/09 (áður N 385/09) – Opinber fjármögnun mannvirkja og búnaðar í höfninni í Ventspils – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans . . . . .	53
<b>2010/EES/14/23</b>	Ríkisaðstoð – Ungverjaland – Málsnúmer C 31/09 (áður N 113/09) – Aðstoð sem veitt hefur verið fyrirtækinu Audi Hungaria Motor Kft. – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans . . . . .	54
<b>2010/EES/14/24</b>	Ríkisaðstoð – Þýskaland – Málsnúmer C 40/09 (áður N 555/09) – Viðbótaraðstoð sem veitt hefur verið fyrirtækinu WestLB AG til að selja frá sér eignir – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans . . . . .	54
<b>2010/EES/14/25</b>	Auglýsing eftir tillögum – EACEA/11/10 – Áætlunin „Virk æska“ – Aðgerð 3.2 – „Æska heimsins“: samstarf við önnur ríki en nágrannaríki Evrópusambandsins. . . . .	55

<b>2010/EES/14/26</b>	Auglýst eftir tillögum um aðgerðir til að draga úr vegaf lutningum, stuðla að breytingum í öðrum flutningagreinum, nýta hraðbrautir á sjó, forðast aukna umferð eða auka menntun og samstarf í fraktflutningageiranum samkvæmt annarri Marco Polo áætluninni . . . . .	55
<b>2010/EES/14/27</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug (Frakkland) . . . . .	56

**3. Dómstóllinn**

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2010/EES/14/01

329/08/COL

frá 28. maí 2008

um aðstoð sem veitt hefur verið Sementsverksmiðjunni hf.

(Ísland)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN <sup>(1)</sup>

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið <sup>(2)</sup>, einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókunar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls <sup>(3)</sup>, einkum ákvæða 24. gr.,

með vísan til 2. mgr. 1. gr. I. hluta og 4. mgr. 4. gr., 6. gr., 5. mgr. 7. gr. og 14. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól <sup>(4)</sup>,

með vísan til leiðbeininga Eftirlitsstofnunar EFTA <sup>(5)</sup> um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins, einkum ákvæða kaflans Aðstoð til björgunar og endurskipulagningar í illa stöddum fyrirtækjum,

með vísan til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA frá 14. júlí 2004 um framkvæmdarákvæði sem um getur í 27. gr. II. hluta bókunar 3 <sup>(6)</sup>,

eftir að hafa boðið hagsmunaaðilum að leggja fram athugasemdir í samræmi við ofangreind ákvæði <sup>(7)</sup> og með hliðsjón af athugasemdum sem borist hafa

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

### I. MÁLSATVIK

#### 1 Málsmeðferð

Stjórnvöld á Íslandi tilkynntu sölu á eignarhlut ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf., í samræmi við 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3, með bréfi fastanefndar Íslands gagnvart Evrópusambandinu dagsettu 19. ágúst 2003, sem hafði að geyma bréf fjármálaráðuneytisins dagsett 19. ágúst 2003 (skjalnr. 03-5685 A).

Hinn 17. desember 2003 lagði fyrirtækið Aalborg Portland Íslandi ehf. fram kvörtun hjá Eftirlitsstofnun EFTA að því er varðaði skilmála sem tengdust sölu ríkisins á eignarhlut sínum í Sementsverksmiðjunni hf. Bréfið barst stofnuninni og var skráð 23. desember 2003 (skjalnr. 03-9059 A). Kvartandi fór þess á leit að kvörtunin yrði tekin til meðferðar samtímis tilkynningu stjórnvalda um sölu fyrirtækisins.

<sup>(1)</sup> [Á ekki við í íslensku þýðingunni.]

<sup>(2)</sup> „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(3)</sup> „Samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(4)</sup> „Bókun 3“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(5)</sup> Leiðbeiningar um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti og sendi frá sér 19. janúar 1994 og birtar voru í Stjtið. EB L 231 og EES-viðbæti nr. 32 hinn 3. september 1994. Leiðbeiningunum var breytt síðast 19. desember 2007. Þær nefnast „Leiðbeiningar um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir. Uppfærð útgáfa Leiðbeininga um ríkisaðstoð er birt á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/fieldsofwork/fieldstateaid/guidelines>.

<sup>(6)</sup> Sjá Stjtið. ESB L 139, 25.5.2005, bls. 37.

<sup>(7)</sup> Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 421/04/COL birtist í Stjtið. ESB C 117, 19.5.2005, bls. 17, og EES-viðbæti nr. 24 sama dag. Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 368/06/COL birtist í Stjtið. ESB C 77, 5.4.2007, bls. 21, og EES-viðbæti nr. 17, 5.4.2007, bls. 1.

Í kjölfar nokkurra bréfaskipta <sup>(8)</sup> tilkynnti Eftirlitsstofnun EFTA stjórnvöldum á Íslandi, með bréfi dagsettu 21. desember 2004, að hún hefði ákveðið að hefja rannsókn í samræmi við ákvæði 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 að því er varðaði sölu íslenska ríkisins á eignarhlut sínum í Sementsverksmiðjunni hf. (skjalnr. 296878). Eftirlitsstofnun EFTA viðraði efasemdir um markaðsvirði Sementsverksmiðjunnar hf. um það leyti sem salan átti sér stað, markaðsvirði eignanna sem ríkið keypti aftur af fyrirtækinu, rétt Sementsverksmiðjunnar hf. til að nýta ýmsar eignir í Reykjavík, sem seldar höfðu verið ríkissjóði, án endurgjalds, og rétt fyrirtækisins til að leysa til sín aftur tilteknar fasteignir og lóðarréttindi í Reykjavík á fyrirframákveðnu verði.

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 421/04/COL um að hefja rannsókn var birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau <sup>(9)</sup>. Eftirlitsstofnunin leitaði eftir athugasemdum hagsmunaaðila þaraðlútandi. Stjórnvöld á Íslandi lögðu fram athugasemdir við ákvörðunina í bréfi dagsettu 24. febrúar 2005 (skjalnr. 311243). Hinn 20. júní 2005 bárust Eftirlitsstofnun EFTA athugasemdir frá Íslensku sementi ehf., kaupanda Sementsverksmiðjunnar hf. (skjalnr. 323552). Loks bárust athugasemdir frá Aalborg Portland Íslandi ehf. hinn 2. september 2005 (skjalnr. 333018).

Með bréfi, sem var dagsett 17. febrúar 2006 (skjalnr. 363608), framsendu stjórnvöld á Íslandi Eftirlitsstofnun EFTA enska gerð samnings, sem Sementsverksmiðjan hf. og iðnaðarráðuneytið, fyrir hönd ríkisins, höfðu gert með sér og fól í sér að réttur fyrirtækisins til að leysa til sín aftur tilteknar eignir í Reykjavík var felldur niður. Þá var kveðið á um það í 2. gr. þessa samnings að fyrirtækið skyldi taka eignirnar, sem það hafði afnot af, á leigu um ótiltekinn tíma frá 1. janúar 2004 að telja og greiða mánaðarleigu sem ákveðin yrði í samræmi við markaðsverð.

Með hliðsjón af athugasemdum kvartanda og frekari upplýsingum og skýringum, sem stjórnvöld á Íslandi lögðu fram meðan á formlegri rannsókn stóð, taldi Eftirlitsstofnun EFTA nauðsynlegt að rýmka formlegu rannsóknina þannig að hún tæki til yfirtöku íslenska ríkisins á lífeyrisskuldbindingum Sementsverksmiðjunnar hf. Í samræmi við það var gefin út ákvörðun 367/06/COL frá 29. nóvember 2006 um yfirtöku íslenska ríkisins á lífeyrisskuldbindingum Sementsverksmiðjunnar hf. Með bréfi, sem var dagsett 29. nóvember 2006 (skjalnr. 399095), tilkynnti Eftirlitsstofnun EFTA stjórnvöldum á Íslandi að ákveðið hefði verið að víkka formlega rannsókn á ráðstöfuninni. Engar athugasemdir bárust frá stjórnvöldum á Íslandi um þessa ákvörðun stofnunarinnar.

Sama dag, þ.e. 29. nóvember 2006, hætti Eftirlitsstofnun EFTA formlegri rannsókn á aðstoðarráðstöfunum í þágu Íslensks sements ehf., fjárfestahópsins sem keypti eignarhlut ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf. Niðurstaða stofnunarinnar var að engin ríkisaðstoð hefði verið veitt í tengslum við viðskiptin.

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 367/06/COL var birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau <sup>(10)</sup>. Eftirlitsstofnunin leitaði eftir athugasemdum hagsmunaaðila um efni ákvörðunarinnar. Hinn 7. maí 2007 bárust Eftirlitsstofnun EFTA athugasemdir frá Íslensku sementi ehf. (skjalnr. 420691). Með bréfi, sem var dagsett 14. maí 2007 (skjalnr. 421504), framsendi stofnunin stjórnvöldum á Íslandi þessar athugasemdir og bauð þeim að senda svör við þeim. Svar stjórnvalda á Íslandi barst 18. apríl 2008 (skjalnr. 474416).

## 2 Aðdragandi

### 2.1 *Söluferli Sementsverksmiðjunnar hf.*

Allt fram til ársins 2000, þegar innflutningur á dönsku sementi hófst, hafði Sementsverksmiðjan hf. notið í reynd einokunar á markaði fyrir sement. Hin nýtilkomna samkeppni leiddi til

<sup>(8)</sup> Um nánari upplýsingar um bréfaskipti Eftirlitsstofnunar EFTA við stjórnvöld á Íslandi vísast til ákvörðunar stofnunarinnar um að hefja formlega rannsókn, ákvörðunar 421/04/COL, sem birtist í Stjtið. ESB C 117, 19.5.2005, bls. 117, og í EES-viðbæti nr. 24 sama dag.

<sup>(9)</sup> Sjá Stjtið. ESB C 117, 19.5.2005, bls. 17, og EES-viðbæti nr. 24, 19.5.2005.

<sup>(10)</sup> Sjá Stjtið. ESB C 77, 5.4.2007, bls. 21, og EES-viðbæti nr. 17, 5.4.2007, bls. 1.

fjárhagsörðugleika og taprekstrar hjá Sementsverksmiðjunni hf. Ríkið ákvað því í mars árið 2003 að selja fyrirtækið og auglýsti eftir tilboðum í allan eignarhlut sinn í Sementsverksmiðjunni hf. <sup>(11)</sup>.

Í kjölfar útboðsins var valinn fjárfestahópur <sup>(12)</sup> sem setti á stofn Íslenskt sement ehf. í þeim tilgangi að kaupa eignarhlut ríkisins. Stjórnvöld hófu samningaviðræður um sölu á eignarhlut ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf. Niðurstaða viðræðna milli stjórnvalda og Íslensks sements ehf. var að fyrirtækið var selt í aðalatriðum samkvæmt neðangreindum samningum.

Hinn 2. október 2003 undirritaði iðnaðarráðuneytið fyrir hönd íslenska ríkisins samning við Íslenskt sement ehf. um kaup á eignarhlut ríkisins. Samkvæmt þeim samningi seldi ríkið, eigandi alls hlutfjár Sementsverksmiðjunnar hf. að nafnverði 450 milljónir kr., Íslensku sementi ehf. allt hlutféð fyrir 68 milljónir kr.

Samkvæmt 4. gr. samnings um kaup á eignarhlut ríkisins tók íslenska ríkið við lífeyrisskuldbindingum Sementsverksmiðjunnar hf. Ríkið tók einnig við öllum áföllnum skuldbindingum og framtíðarskuldbindingum sem tengdust árlegum greiðslum til þeirra sem greiða í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, þann tíma sem þeir væru starfsmenn Sementsverksmiðjunnar hf.

Fjármálaráðuneytið yfirtók fyrir hönd ríkissjóðs eftirstöðvar skuldabréfa sem gefin höfðu verið út til að fjármagna uppsafnaðar skuldbindingar Sementsverksmiðjunnar hf. samkvæmt samningnum frá 1997, auk áfallinna skuldbindinga og framtíðarskuldbindinga vegna þeirra starfsmanna fyrirtækisins sem tilheyra B-deild, samkvæmt samningi við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem var gerður 23. október 2003. Ríkið fullnægði þannig skuldbindingunni sem mælt er fyrir um í 4. gr. samnings iðnaðarráðuneytisins og Íslensks sements ehf. um kaup á eignarhlut ríkisins.

Samkvæmt 5. gr. samningsins um kaup á eignarhlut ríkisins bar íslenska ríkinu að kaupa tilteknar eignir af Sementsverksmiðjunni hf. samkvæmt sérstökum samningi. Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. samningsins var kaupverð þessara eigna 450 milljónir kr.

Sama dag, 2. október 2003, gerðu Sementsverksmiðjan hf. og ríkissjóður með sér samning um kaup ríkissjóðs á fasteignum og öðrum eignum fyrirtækisins í Reykjavík, skrifstofubyggingu fyrirtækisins á Akranesi, að undanskilinni einni og hálfri hæð, svo og hlutabréfum og skuldabréfum annarra fyrirtækja í eigu Sementsverksmiðjunnar, fyrir 450 milljónir kr. Samkvæmt 5. gr. kaupsamningsins var Sementsverksmiðjunni hf. heimilt að halda afnotum af hluta hinna seldu eigna í Reykjavík <sup>(13)</sup>, nýta þær í þágu eigin atvinnurekstrar og afhenda þær ríkissjóði eigi síðar en 31. desember 2011. Sementsverksmiðjan hf. skyldi sjá um og kosta allt viðhald og endurbætur þessa hluta eignanna en ekkert endurgjald var tiltekið fyrir þennan afnotarétt. Samkvæmt 6. gr. kaupsamningsins átti Sementsverksmiðjan hf. fram til 31. desember 2009 rétt á að leysa til sín hinar ofangreindu seldu eignir í Reykjavík fyrir alls kr. 95 milljónir að viðbættum 7,0 % föstum ársvöxtum frá 1. ágúst 2003.

Kaupsamningnum var breytt 16. febrúar 2006 með samningi sem gerður var milli Sementsverksmiðjunnar hf., iðnaðarráðuneytisins fyrir hönd ríkisins og Íslensks sements ehf. Samningsaðilar ákváðu að víkja frá ákvæðum fjórðu málsgreinar 5. gr. samningsins um kaup á eignarhlut ríkisins að því er varðaði réttinn til að leysa til sín tilteknar eignir samkvæmt 6. gr. kaupsamningsins, og setja í staðinn ákvæði um leigu tiltekinna eigna <sup>(14)</sup>. Mánaðarleiga var ákveðin [...] kr. og skyldi hún breytast í samræmi við breytingar á visitölu byggingarkostnaðar. Að því er varðaði afhendingartíma eignanna, sem seldar voru ríkissjóði, ákváðu samningsaðilar að í stað dagsetningarinnar 31. desember 2011 skyldi koma 1. janúar 2004.

<sup>(11)</sup> Um nánari upplýsingar um söluna vísast til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 421/04/COL sem birt var í Stjtið. ESB C 117, 19.5.2005, bls. 17, og EES-viðbæti nr. 24, 19.5.2005.

<sup>(12)</sup> Fjárfestahópurinn mynduðu Framtak fjárfestingarbanki hf., Björgun ehf., BM Vallá ehf. og í upphafi Steypustöðin, en í hennar stað kom síðar norska fyrirtækið Norcem AS.

<sup>(13)</sup> Eignirnar, sem um ræðir, eru tveir sementsgeymar, afgreiðsla á sementi/pökkunarstöð, stigahús og gangur, sementsleiðslustokkur, girðing og hlið, stálsíló með tilheyrandi búnaði, loftpressur, þurrkari og rafbúnaður í herbergi í vöruskemmu við bryggju, hafnarkrani, röralagnir í sementsleiðslustokki, bílavog og tilheyrandi tölvubúnaður.

<sup>(14)</sup> Eignirnar, sem um ræðir, eru loftpressuherbergi í vöruskemmu, tveir sementsgeymar, afgreiðsla á sementi, dælskúr, bílavog og tilheyrandi tölvubúnaður í afgreiðslu, krani, röralagnir og stálsíló með tilheyrandi búnaði, vélar og salerni, spennistöð, stigahús og gangur.

## 2.2 *Skuld Sementsverksmiðjunnar hf. við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins*

### 2.2.1 *Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins*

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfaði upphaflega samkvæmt ákvæðum laga nr. 29/1963. Árið 1990 var svo komið að iðgjöld, sem greidd voru í sjóðinn, virtust ekki lengur nægja til að standa undir lífeyrisgreiðslum. Af þeim sökum var ákveðið að breyta kerfinu og voru í því skyni sett lög nr. 1/1997, „Lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins“. Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins var skipt í tvær deildir: Stofnuð var ný deild, sem nefndist A-deild, og lífeyrissjóðurinn, sem fyrir var, breyttist í B-deild. Öllum nýjum starfsmönnum var gert að greiða í A-deild, en eldri starfsmönnum var í sjálfvald sett að greiða framvegis í A-deild eða halda aðild að B-deild, sem var eftir það lokað nýjum félögum. Að sögn stjórnvalda á Íslandi var Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins gerður sjálfbær með því að skipta eldra sjóðnum í A- og B-deild, og þannig komið í veg fyrir vaxandi misvægi milli iðgjalda og skuldbindinga sem ríkissjóður hefði þurft að taka á sig að lokum <sup>(15)</sup>.

Hins vegar valda ákvæðin um B-deild því að hún er venjulega rekin með halla sem nauðsynlegt er að jafna með reglulegu millibili. Samkvæmt ákvæðunum um B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins skulu iðgjöld, sem greidd eru í þá deild, aðeins reiknuð af grunnlaunum viðkomandi starfsmanna, ekki heildarlaunum þeirra. Sjóðfélagar öðlast rétt til greiðslna sem nema tilteknum hundradshluta grunnlauna sem greidd eru fyrir starfið sem þeir gegna við upphaf eftirlaunatöku. Eftir það eru lífeyrisgreiðslurnar tengdar meðalhækkun launa ríkisstarfsmanna. Samkvæmt ákvæðum 33. gr. laga nr. 1/1997 ber launagreiðendum þeirra, sem eiga aðild að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, að bera þá hækkun. Falli greiðslur frá launagreiðanda niður ábyrgist ríkissjóður þó greiðslu lífeyris samkvæmt lögum nr. 1/1997, sbr. 32. gr. laganna.

### 2.2.2 *Ákvörðun á fjárhæð skuldar Sementsverksmiðjunnar hf. við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins*

Í tengslum við breytingarnar, sem ákveðnar voru árið 1996, bættist við lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins ákvæði um að launagreiðendur skyldu bera hækkun á lífeyrisgreiðslum.

Í 33. gr. laga nr. 1/1997 er að finna eftirfarandi ákvæði:

*„Nú verður hækkun á áður úrskurðuðum [...] lífeyri vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna og **endurgreiðir þá** <sup>(16)</sup> ríkissjóður og aðrir þeir launagreiðendur, sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, þá hækkun er þannig verður á lífeyrisgreiðslum. [...]“*

Hinn 8. október 1997 gerði fjármálaráðuneytið samning við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins um greiðslu á skuldbindingum ríkissjóðs samkvæmt 33. gr. laga nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins vegna starfsmanna Sementsverksmiðju ríkisins til ársloka 1996. Þessar skuldbindingar svöruðu til áfallinnar hækkunar lífeyrisskuldbindinga vegna starfsmanna Sementsverksmiðjunnar hf. að frádreginni hlutdeild fyrirtækisins í eignum sjóðsins.

3. gr. þessa samnings hljóðar svo: „*Með 3,5% reiknivöxtum var núvirði áfallinna skuldbindinga LSR <sup>(17)</sup> vegna starfsmanna Sementsverksmiðju ríkisins í árslok 1996 metið 494.816.380 krónur. Eign LSR til greiðslu á skuldbindingum er talin vera 19% af áföllnum óuppgerðum skuldbindingum sjóðsins. Skuldbinding ríkissjóðs vegna Sementsverksmiðjunnar hf. er því 400.801.268 krónur.*“

Hin nýju ákvæði 33. gr. laga nr. 1/1997 heimila uppgjör með skuldabréfi.

*„Stjórn sjóðsins er heimilt [...] að taka við skuldabréfi til greiðslu á framtíðarskuldbindingum. [...] Uppgjör þetta skal miða við tryggingafræðilegt mat á framtíðarskuldbindingunum miðað við uppgjörsdag. Launagreiðandi, sem gerir upp framtíðarskuldbindingar sínar samkvæmt þessari málsgrein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum [...] sjóðsins [...] vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjörð tekur til“.*

<sup>(15)</sup> Iðgjöld, sem greidd eru í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, eru reiknuð af heildarlaunum viðkomandi starfsmanna og öðlast þeir lífeyrisréttindi í samræmi við heildariðgjaldagreiðslur. Rétt eins og hjá flestum lífeyrissjóðum með lögbundinni aðild eru lífeyrisréttindi í A-deild tengd neyslusvísitölu. Lífeyrisréttindi sjóðfélaga eru bundin í lögum og verða launagreiðendur að leiðrétta reglulega iðgjöld, sem þeir greiða í sjóðinn, til þess að tryggja sé að iðgjaldatekjur hans standi undir skuldbindingum.

<sup>(16)</sup> Leturbreyting Eftirlitsstofnunar EFTA.

<sup>(17)</sup> Skammstöfun á heiti Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Þá segir í 4. gr. ofangreinds samnings: „Skuldbindingu sína skv. 2. gr. greiðir ríkissjóður LSR með því að afhenda LSR til eignar veðskuldabréf Sementsverksmiðjunnar hf. samtals að fjárhæð 326.488.714 [...] krónur. [...] Skuldabréfin er[ú] verðtryggð með vísitölu neysluverðs og er grunnvísitala þeirra 178,6 stig. Ársvextir eru 5,5 % (fyrir hálf[t] ár 2,75 %) og reiknast frá 1. 1. 1997. Vextir fyrir tímabilið 1. 1. 1997 til 30. 8. 1997 greiðast sérstaklega 1. nóvember 1997. Núvirði skuldabréfsins 1. 9. 1997 með 3,5% reiknivöxtum er 400.801.268 krónur. Ríkissjóður ber einfalda ábyrgð gagnvart LSR á greiðslu afborgana og vaxta af bréfi þessu. Með skuldabréfum þessum hefur ríkissjóður að fullu gert upp skuldbindingar sínar við LSR vegna lífeyrishækkana samkvæmt 33. gr. laga nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sem myndast hafa vegna aðildar starfsmanna Sementsverksmiðju ríkisins að LSR til ársloka 1996.“

Af þessu leiddi, samkvæmt ákvæðum síðustu málsgreinar 33. gr. laga nr. 1/1997, að með því að gera upp skuldbindingar sínar með útgáfu skuldabréfs fyrir fjárhæð, sem ákveðin var í samningnum frá 8. október 1997, bæri Sementsverksmiðjan hf. ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins vegna þeirra fyrrverandi starfsmanna sinna og þess tímabils, til loka ársins 1996, sem uppgjörið tók til. Skuldabréfið er því einfaldlega aðferð til að fresta greiðslu skuldarinnar.

Hinn 30. mars 1999 var gerður annar samningur milli Sementsverksmiðjunnar hf. og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á grundvelli 33. gr. laga nr. 1/1997. Samkvæmt þeim samningi skyldi sjóðurinn meta á hverju ári framtíðarskuldbindingar sem stofnast hefðu á því ári vegna þeirra starfsmanna fyrirtækisins sem tilheyrðu B-deild sjóðsins og störfuðu enn hjá fyrirtækinu. Fyrirtækið skyldi gera upp þessar skuldbindingar að frádregnum öllum iðgjöldum sem starfsmenn og fyrirtækið hefðu þegar greitt vegna áunninna réttinda á árinu. Að sögn stjórnvalda á Íslandi tilheyrðu fimm starfsmenn Sementsverksmiðjunnar hf. enn B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á árinu 2003.

### 2.2.3 Yfirtaka íslenska ríkisins á lífeyrisskuldbindingum Sementsverksmiðjunnar hf.

Samkvæmt samningi fjármálaráðuneytisins og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, sem var dagsettur 23. október 2003, yfirtók fjármálaráðuneytið fyrir hönd ríkissjóðs eftirstöðvar skuldabréfa sem Sementsverksmiðjan hf. hafði gefið út til að fjármagna framtíðarskuldbindingar fyrirtækisins samkvæmt samningnum frá árinu 1997. Ríkið yfirtók einnig þær skuldbindingar Sementsverksmiðjunnar hf. gagnvart Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins að greiða og gera upp árlega lífeyrisgreiðslur vegna þeirra starfsmanna fyrirtækisins sem tilheyrðu B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (í samræmi við samning Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Sementsverksmiðjunnar hf. frá 30. mars 1999).

Með þeim samningi fullnægði fjármálaráðuneytið skuldbindingu samkvæmt 4. gr. samningsins um kaup á eignarhlut ríkisins sem var gerður við hluthafahópinn Íslenskt sement ehf. 2. október 2003. Í því ákvæði segir: „Seljandi yfirtekur þær lífeyrisskuldir og lífeyrisskuldbindingar fyrirtækisins sem bera ríkisábyrgð og fyrirtækið yfirtók árið 1997 samkvæmt sérstökum samningi þess efnis. Seljandi yfirtekur einnig allar áfallnar og væntanlegar skuldbindingar sem tengjast árlegu uppgjóri sem fram fer vegna þeirra einstaklinga sem greiða nú í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins meðan þeir starfa hjá fyrirtækinu.“

Þótt fjármálaráðuneytið hafi sjálft ákveðið að yfirtaka þessar skuldir og skuldbindingar Sementsverksmiðjunnar hf. í samningnum um kaup á eignarhlut ríkisins sem var gerður við hluthafahópinn Íslenskt sement ehf. var Sementsverksmiðjan hf. leyst undan þessum skuldbindingum með öðrum löggerningi, þ.e. samningi fjármálaráðuneytisins og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins frá 23. október 2003.



Samkvæmt upplýsingum, sem borist hafa frá stjórnvöldum á Íslandi <sup>(18)</sup>, voru lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna, sem þegar höfðu látið af störfum, taldar nema 412 milljónum kr. árið 2003. Að því er varðar framtíðarskuldbindingar vegna þeirra starfsmanna Sementsverksmiðjunnar hf., sem tilheyrðu enn B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, voru þær taldar nema 10–15 milljónum kr. eftir því hversu lengi starfsmennirnir ættu eftir að vinna hjá fyrirtækinu.

### 3 Ráðstafanir sem teknar eru til athugunar í þessari ákvörðun

Eins og þegar hefur verið nefnt var formlega rannsóknin, sem stofnað var til með ákvörðun 421/04/COL, víkkuð með ákvörðun 367/06/COL frá 29. nóvember 2006 þannig að hún tæki til yfirtöku ríkisins á lífeyrisskuldbindingum fyrirtækisins.

Sama dag, þ.e. 29. nóvember 2006, tók Eftirlitsstofnun EFTA ákvörðun 368/06/COL um að hætta formlegri rannsókn á sölu á eignarhlut ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf. til Íslensks sements ehf. fyrir 68 milljónir kr. og komst að þeirri niðurstöðu að salan hefði ekki haft í för með sér ríkisaðstoð.

Í ákvörðuninni, sem hér birtist, mun Eftirlitsstofnun EFTA meta hvort Sementsverksmiðjan hf. hafi notið ríkisaðstoðar í tengslum við eftirtaldir ráðstafanir, sem stofnunin hefur ekki tekið um ákvörðun áður, og þá hvort sú aðstoð samrýmist samkeppnisreglum:

- 1) Kaup ríkisins á fasteignum, fjármunaeignum, hlutabréfum og skuldabréfum Sementsverksmiðjunnar hf.

Í ákvörðun 421/04/COL vakti Eftirlitsstofnun EFTA máls á því að ríkisaðstoð kynni að hafa verið veitt í tengslum við kaup ríkissjóðs á eignum Sementsverksmiðjunnar hf. <sup>(19)</sup> fyrir 450 milljónir kr., yrði niðurstaðan sú að það verð samsvaraði ekki markaðsverðmæti.

- 2) Réttur Sementsverksmiðjunnar hf. til að halda afnotum af eignunum og leysa þær til sín á föstu verði

Með ákvörðun 421/04/COL hóf Eftirlitsstofnun EFTA einnig formlega rannsókn á þeim möguleika Sementsverksmiðjunnar hf. að halda afnotum af hluta hinna seldu eigna í Reykjavík <sup>(20)</sup>, nýta þær í þágu eigin atvinnurekstrar og afhenda þær ríkissjóði eigi síðar en 31. desember 2011. Sementsverksmiðjan hf. skyldi sjá um og kosta allt viðhald og endurbætur þessara eigna en greiddi ekkert endurgjald fyrir þennan afnotarétt. Þá átti Sementsverksmiðjan hf. samkvæmt 6. gr. kaupsamningsins fram til 31. desember 2009 rétt á að leysa til sín hinar ofangreindu seldu eignir í Reykjavík fyrir alls kr. 95 milljónir að viðbættum 7,0 % föstum ársvöxtum frá 1. ágúst 2003.

Í ákvörðun 421/04/COL lýsti Eftirlitsstofnun EFTA þeirri bráðabirgðaniðurstöðu að ríkisaðstoð væri fólgin í þeirri tilhöggun að ekki skyldi greitt fyrir afnot af þeim eignum í Reykjavík sem seldar voru ríkissjóði. Stofnunin taldi að nýtti Sementsverksmiðjan hf. það að geta keypt eignirnar aftur á ofangreindu verði gæti ríkið orðið af tekjum ef það seldi eignirnar á verði sem væri lægra en markaðsverðmæti þeirra.

<sup>(18)</sup> Stjórnvöld á Íslandi sendu ýmis bréf með upplýsingum um lífeyrissjóðsaðild starfsmanna Sementsverksmiðjunnar hf. Þessar áætluðu tölur bárust í bréfi dagsettu 12. nóvember 2003. Þá skýrðu stjórnvöld á Íslandi frá því í bréfi dagsettu 18. apríl 2006 að um það leyti sem fyrirtækið var gert að hlutafélagi árið 1993 hafi 6 starfsmenn tilheyrt Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og 93 almennum lífeyrissjóðum. Samkvæmt upplýsingum stjórnvalda gátu starfsmenn á skrifstofu Sementsverksmiðjunnar hf. greitt í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins en verkamenn í þjónustu fyrirtækisins tilheyrðu almenna lífeyrissjóðakerfinu, þ.e. lífeyrissjóðum verkalýðsfélaganna. Eftir að fyrirtækið var gert að hlutafélagið árið 1993 gátu nýir starfsmenn á skrifstofu enn öðlast aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Eftir að eignarhlutur ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf. var seldur árið 2003 verða allir nýir starfsmenn að greiða iðgjöld í almennan lífeyrissjóð.

<sup>(19)</sup> Eignirnar, sem um ræðir, eru fasteignir og aðrar eignir fyrirtækisins í Reykjavík, skrifstofubýgging þess á Akranesi, að undanskilinni einni og hálfri hæð, svo og hlutabréf og skuldabréf annarra fyrirtækja í eigu Sementsverksmiðjunnar hf.

<sup>(20)</sup> Eignirnar, sem um ræðir, eru tveir sementsgeymar, afgreiðsla á sementi/pökkunarstöð, stigahús og gangur, sementsleiðslustokkur, girðing og hlið, stálsiló með tilheyrandi búnaði, loftpressur, þurrkari og rafbúnaður í herbergi í vöruskemmu við bryggju, hafnarkrani, roralagnir í sementsleiðslustokki, bílavog og tilheyrandi tölvubúnaður.

3) Yfirtaka ríkissjóðs á lífeyrisskuldbindingum Sementsverksmiðjunnar hf.

Í ákvörðun 367/06/COL lýsti Eftirlitsstofnun EFTA þeirri bráðabirgðaniðurstöðu að yfirtaka ríkisins á lífeyrisskuldbindingum Sementsverksmiðjunnar hf. hefði í för með sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Stofnunin taldi vafa leika á að hér gæti átt við nokkur þeirra undantekninga frá almennu banni við ríkisaðstoð sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Yrði niðurstaðan sú að ríkisaðstoð hefði verið veitt taldi stofnunin vafa leika á að unnt yrði að telja hana samrýmanlega framkvæmd EES-samningsins. Nánar tiltekið taldi stofnunin það athugunarefni hvort unnt væri að telja aðstöðina samrýmanlega gildandi reglum á grundvelli ákvæða kaflans um aðstoð til björgunar og endurskipulagningar í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð.

#### 4 Athugasemdir stjórnvalda

Stjórnvöld á Íslandi sendu Eftirlitsstofnun EFTA bréf, dagsett 23. febrúar 2005, með athugasemdum við efasemdirnar sem viðraðar voru í ákvörðun 421/04/COL. Fram komu þær skýringar að endurkaup eigna af Sementsverksmiðjunni hf. hefðu átt sér stað sem einn þáttur í endurskipulagningu fyrirtækisins: „Ríkið yrði að kaupa af félaginu allar eignir sem tengdust ekki framleiðslu og rekstri í því skyni að lækka rekstrarkostnað og gera rekstur félagsins lífvænlegan.“

Að því er varðaði sannvirði eignanna, sem keyptar voru aftur, færðu stjórnvöld á Íslandi rök fyrir því að réttasta verðmætið væri það sem gert hefði verið á vegum sérfræðinga hjá AV og VSO Ráðgjöf í september 2003. Sérfræðingarnir töldu að virði fasteignarinnar í Reykjavík væri 276 milljónir kr. og virði skrifstofubyggingarinnar á Akranesi 74,4 milljónir kr. Stjórnvöld á Íslandi töldu verðmat fasteignanna í Reykjavík afar hagstætt ríkinu enda hefðu þær mikið gildi vegna staðsetningar með hliðsjón af væntanlegu virði í framtíðinni, „því að um það leyti, sem salan fór fram, var í skipulagi gert ráð fyrir mikilli brúarframkvæmd sem hefði lokað aðgangi að höfn fyrirtækisins við Sævarhöfða í Reykjavík og gert aðstöðuna þar gagnslausa rekstri fyrirtækisins. Með tilkomu brúarinnar verða hins vegar breytingar á skipulagi svæðisins og gert er ráð fyrir að lóðirnar verði teknar undir íbúðabygging og verðmæti þeirra aukist þá verulega.“

Að því er varðaði rétt fyrirtækisins til að leysa til sín tilteknar eignir, sem mælt er fyrir um í 6. gr. samningsins um kaup á eignarhlut ríkisins frá 2. október 2003, tóku stjórnvöld fram í bréfinu að þau væru reiðubúin að breyta samningnum þannig að í stað þessa réttar kæmi forkaupsréttur.

Loks færðu stjórnvöld á Íslandi rök fyrir því að teldist aðstoð hafa verið veitt í tengslum við söluna á Sementsverksmiðjunni hf. gæti hún talist samrýmanleg gildandi samkeppnisreglum á grundvelli kaflans um aðstoð til björgunar og endurskipulagningar í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð. Þessu til stuðnings lögðu þau fram áætlun um endurskipulagningu fyrirtækisins.

Engar athugasemdir bárust frá stjórnvöldum á Íslandi um ákvörðun stofnunarinnar 367/06/COL um yfirtöku íslenska ríkisins á lífeyrisskuldbindingum Sementsverksmiðjunnar hf.

#### 5 Athugasemdir frá Íslensku sementi ehf.

Hinn 20. júní 2005 lagði Íslenskt sement ehf. fram athugasemdir við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 421/04/COL (skjalnr. 323552). Í því bréfi færðu stjórnendur fyrirtækisins rök fyrir því að endurkaup ríkisins á eignum af Sementsverksmiðjunni hf. hefðu ekki verið sjálfstæð viðskipti heldur hefðu þau tengst sölu eignarhlutarins. Sala eignanna hefði því verið óaðskiljanlegur hluti heildarsamningsins um sölu á eignarhlutum í Sementsverksmiðjunni hf. Þá töldu stjórnendur Íslensks sements ehf. að líta bæri á afnotarétt Sementsverksmiðjunnar hf. af sumum þeirra eigna, sem ríkið keypti aftur, sem óaðskiljanlegan hluta af einkavæðingu fyrirtækisins, og hefði verið horft til þess í samningum um heildarkaupverðið. Að þessu frátöldu lýstu stjórnendur Íslensks sements ehf. þeirri skoðun að eiginlegt markaðsvirði afnotaréttar af þessum eignum væri „lítið sem ekkert“ enda nýttust þær engum nema Sementsverksmiðjunni hf. sem væri eini sementsframleiðandi á Íslandi. Loks mótmæltu stjórnendur Íslensks sements ehf. því að ríkisaðstoð væri fólgin í rétti fyrirtækisins til að leysa til sín aftur eignirnar, sem það hefur afnotarétt af, fyrir 95 milljónir kr. alls þar eð sá sérhæfði sementsframleiðslubúnaður hefði lítið markaðsvirði.

Í bréfi, sem var dagsett 7. maí 2007 (skjalnr. 421504), lýstu stjórnendur Íslensks sements ehf. í fyrsta lagi skoðun sinni á þeirri nálgun Eftirlitsstofnunar EFTA að skipta málinu í tvo hluta, þ.e. sölu eignarhlutarins og aðrar ráðstafanir. Stjórnendurnir töldu að skoða bæri öll viðskiptin sem eina heild. „Sá fyrirvari var gerður, bæði af hálfu seljanda (Íslenska ríkisins) og kaupanda (Íslensks sements ehf.) að samningarnir, sem gerðir voru sama dag, skyldu teljast ein viðskipti sem ekki yrði skipt upp. Enginn þessara samninga hefði því verið gerður án þess að allir hinir væru gerðir samtímis og í innbyrðis tengslum.“

Í öðru lagi færðu stjórnendur Íslensks sements ehf. rök fyrir því að engin ríkisaðstoð hefði verið veitt í tengslum við yfirtöku íslenska ríkisins á lífeyrisskuldbindingum Sementsverksmiðjunnar hf. Skýringar þeirra voru á þá leið að lífeyrisskuldbindingarnar hefðu ekki verið taldar með í efnahagsreikningi í reikningum ársins 1996 heldur aðeins tilgreindar sem ábyrgðarskuldbinding utan efnahagsreiknings. Árið 1997 var fyrirtækið leyst undan lífeyrisskuldbindingunum gegn útgáfu skuldabréfs. Það felur í sér að skuldbindingarnar voru fjármagnaðar með skuld (skuldabréfi) sem var afhent Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og síðan bókað sem langtímaskuldbinding í efnahagsreikningi ársreiknings fyrir árið 1997 og eftirfarandi ár. Stjórnendur Íslensks sements ehf. vísuðu ennfremur til þess að í tengslum við sölu á eignarhlutum í Sementsverksmiðjunni hf. hefði ríkið yfirtækið skuld fyrirtækisins við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eins og hún var árið 2003. Í efnahagsreikningi í reikningum ársins 2003 hefði þannig verið dregin frá skuldum fjárhæðin 388 028 317 kr. en óráðstafaður hagnaður fyrirtækisins hækkaður á móti um sömu fjárhæð.

Í þriðja lagi vísuðu stjórnendur Íslensks sements ehf. til sölu eigna frá Sementsverksmiðjunni hf. til ríkisins fyrir 450 milljónir kr., en um hana var fjallað í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 421/04/COL. Öll hlutabréf og skuldabréf voru seld ríkinu á markaðsvirði <sup>(21)</sup>. Verðmat fasteignarinnar að Sævarhöfða í Reykjavík og hlutarins í skrifstofubyggingu á Akranesi var 276 milljónir kr. annars vegar og 74,4 milljónir kr. hins vegar og voru þessar eignir seldar ríkinu fyrir 280 milljónir kr. annars vegar og 72,5 milljónir kr. hins vegar.

Þá vísuðu stjórnendur Íslensks sements ehf. til kostnaðar við félagsslit Sementsverksmiðjunnar hf. samkvæmt mati MP Fjárfestingarbanka hf. frá árinu 2003 og ítrekuðu að sá kostnaður hefði verið talinn 506 498 730 kr. að meðtöldum kostnaði við hreinsun lóðarinnar á Akranesi.

Stjórnendur Íslensks sements ehf. komust að eftirfarandi niðurstöðu: „Ef stuðst er við aðferðina, sem Evrópuðómstóllinn hefur fest í sessi, til dæmis í málinu *Gröditzer Stahlwerke GmbH*, er spurningin hér hvort heildarkostnaður ríkisins vegna slíta félagsins hefði verið hærri en kostnaður þess við að yfirtaka skuldirnar og selja eignarhlut sinn í félaginu. Ef svarið við þeirri spurningu er jákvætt verður að líta svo á að ákvarðanir ríkisins hafi verið í samræmi við markaðsfjárfestaregluna, enda hefðu eðlileg efnahagsleg rök leitt einkaþjárfesti til að yfirtaka skuldirnar og selja eignarhlutinn í félaginu.“ Afstaða stjórnenda Íslensks sements ehf. var því sem hér segir: „heildarkostnaður vegna félagsslíta var hærri en heildarkostnaður við sölu fyrirtækisins svo nam 70 376 683 kr. <sup>(22)</sup> og ákvarðanir ríkisins voru því í samræmi við markaðsfjárfestaregluna. Því getur engin ríkisaðstoð verið fólgin í yfirtöku ríkisins á skuld félagsins við lífeyrissjóðinn í tengslum við sölu ríkisins á eignarhlutum í félaginu.“

## 6 Athugasemdir frá Aalborg Portland Íslandi ehf.

Kvartandi, Aalborg Portland Íslandi ehf., sendi Eftirlitsstofnun EFTA athugasemdir við ákvörðun stofnunarinnar 421/04/COL í bréfi sem var dagsett 2. september 2005. Þar var tekið undir þau athugunarefni, sem stofnunin hafði vakið máls á, en jafnframt bent á að í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn hefði ekki verið fjallað um yfirtökuna á lífeyrisskuldbindingum Sementsverksmiðjunnar hf. Aalborg Portland Íslandi ehf. gerði þó engar athugasemdir við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 367/06/COL um að fella yfirtöku íslenska ríkisins á lífeyrisskuldbindingum Sementsverksmiðjunnar hf. einnig undir formlegu rannsóknina.

<sup>(21)</sup> Hlutabréf í Geca voru metin á 46,5 milljónir kr., hlutabréf Spalar á 40 milljónir kr. og skuldabréf Spalar á 11 milljónir kr.

<sup>(22)</sup> Íslenskt sement lagði fram þær skýringar að heildarkostnaður vegna félagsslíta fyrirtækisins væri 390,4 milljónir kr. að teknu tilliti til greiðslu ríkisins vegna kaupa á lóðum í Reykjavík og á Akranesi. Hefði ríkið ákveðið að slíta félaginu hefði kostnaður við það numið upplausnarvirði fastafjármuna, þ.e. 69,9 milljónum kr., að frádrögnum kostnaði vegna sammingsbundinnar skyldu til að hreinsa verksmiðjulóðina, og heildarkostnaður vegna félagsslítanna hefði því verið 390,4 milljónir kr. Sú ákvörðun ríkisins að yfirtaka skuld fyrirtækisins við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins að fjárhæð 388 028 317 kr., og selja Íslensku sementi eignarhlut sinn í fyrirtækinu fyrir 68 milljónir kr., leiddi til hreina útgjalda að fjárhæð 320 028 317 kr. Kostnaður vegna félagsslíta var því hærri en heildarkostnaður við sölu fyrirtækisins svo nam 70 376 683 kr.

## 7 Aðrar athugasemdir frá Íslandi

Í bréfi dagsettu 8. apríl 2008 lögðu stjórnvöld á Íslandi fram frekari upplýsingar um þá áætlun um endurskipulagningu, sem áður hafði borist, og létu fylgja markaðskönnun sem Eftirlitsstofnun EFTA hafði ekki fengið í hendur áður.

### II. MAT

#### 1 Er um ríkisaðstoð að ræða?

1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo:

*„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“*

#### 1.1 Kaup á fasteignum, fjármunaeignum, hlutabréfum og skuldabréfum

Samkvæmt ákvæðum umrædds kaupsamnings keypti ríkissjóður fasteignir og aðrar eignir fyrirtækisins í Reykjavík, skrifstofubyggingu þess á Akranesi, að undanskilinni einni og hálfri hæð, svo og hlutabréf og skuldabréf annarra fyrirtækja í eigu Sementsverksmiðjunnar, fyrir 450 milljónir kr.

Í töflunni hér fyrir neðan er sýndur samanburður á markaðsvirði fasteigna og fjármunaeigna Sementsverksmiðjunnar hf. í Reykjavík og á Akranesi, svo og hlutabréfa og skuldabréfa, samkvæmt mati óháðra sérfræðinga <sup>(23)</sup> og verðinu sem ríkissjóður greiddi fyrir þessar eignir:

	Verðmat óháðra sérfræðinga (milljónir kr.)	Verð sem ríkissjóður greiddi (milljónir kr.)
Lóð, fasteign og búnaður að Sævarhöfða 31 í Reykjavík	276	280
Skrifstofubygging á Akranesi (að undanskilinni einni og hálfri hæð)	74,4	72,5
Hlutabréf Geca	46,5	46,5
Hlutabréf Spalar	40	40
Skuldabréf Spalar	11	11
SAMTALS	447,9	450

Ríkissjóður greiddi því sem nemur 2,1 milljón kr. (samsvarandi 21 214 evrum) umfram markaðsvirði hinna keyptu eigna samkvæmt mati óháðra sérfræðinga. Munurinn tengist sölu eignanna í Reykjavík, sem seldar voru fyrir fjárhæð sem var 4 milljónum kr. hærri en matsvirðið, og skrifstofubyggingarinnar á Akranesi, sem var seld fyrir fjárhæð sem var 1,9 milljónum kr. lægri en matsvirðið.

Af dómaframkvæmd má ráða að Eftirlitsstofnun EFTA er ekki heimilt að fastsetja markaðsverð í ákvörðun sem þessari án þess að hafa annað til að styðjast við en mat sérfræðings <sup>(24)</sup>. Öllu heldur ber stofnuninni við mat á markaðsverði lóða og bygginga „að hafa hliðsjón af óvissunni sem slíkt mat á markaðsverði er undirorpið, og að það miðast í eðli sínu við atburði í fortíð.“ <sup>(25)</sup> Oft er ógerlegt að draga þá niðurstöðu að eitt mat endurspeglir sem slíkt það markaðsvirði sem kaupandi teldi viðunandi. Nær er að telja að áætla megi viðunandi markaðsvirði innan eðlilegra skekkjumarka á kjölfar markaðsprófunar. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að ekkert augljóst svar sé við því hversu víð þau skekkjumörk skuli vera. Hugsanlega geta þau verið mismunandi frá einu tilviki til annars.

<sup>(23)</sup> Almenna Verkfræðistofan (AV) vann hlutamat á fasteignum Sementsverksmiðjunnar hf. í Reykjavík í febrúar 2003 og heildarmat í nóvember 2003. Verðmæti skuldabréfa og hlutabréfa var metið á vegum MP Verðbréfa í tengslum við mat á upplausnarvirði fyrirtækisins sem fram fór áður en eignarhlutur ríkisins var seldur. Daniel Rúnar Eliasson, löggiltur fasteignasali hjá fasteignasöluinni Há koti, mat bygginguna á Akranesi í ágúst 2003.

<sup>(24)</sup> Sameinuð mál T-127/99, T-129/99 & T-148/99 *Diputación Foral de Alava o.fl. gegn framkvæmdastjórn* [2002] ECR II-1275, 71. mgr.

<sup>(25)</sup> Mál T-366/00, *Scott SA gegn framkvæmdastjórn* [2007] ECR II-797, 93. mgr.

Það er skoðun Eftirlitsstofnunar EFTA að ofangreindur munur, að fjárhæð 2,1 milljónar kr., á mati óháða sérfræðingsins og verðinu sem ríkissjóður greiddi að lokum sé svo lítill að hann geti ekki talist vísbending um að kaupverðið hafi ekki endurspeglad markaðskjör. Líta má á verðmat óháða sérfræðingsins sem viðmiðun. Verulegt frávik frá því mati gæti talist vísbending um ríkisaðstoð. Aftur á móti lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á <sup>(26)</sup> að svo lítill munur sem þessi nægi ekki til að sýna fram á að Sementsverksmiðjan hf. hafi notið ríkisaðstoðar. Öllu heldur er það vísbending um að greiðslan hafi verið sanngjarnt markaðsverð. Stofnunin lítur því svo á að Sementsverksmiðjan hf. hafi ekki notið ríkisaðstoðar, í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, í tengslum við sölu á fasteignum, fastafjarmunum, hlutabréfum og skuldabréfum til ríkissjóðs.

### 1.2 Rétturinn til að halda afnotum af eignunum og kaupa þær aftur á föstu verði

Samkvæmt 5. gr. kaupsamningsins var Sementsverksmiðjunni hf. heimilt að halda afnotum af hluta hinna seldu eigna í Reykjavík <sup>(27)</sup>, nýta þær í þágu eigin atvinnurekstrar og afhenda þær ríkissjóði eigi síðar en 31. desember 2011. Sementsverksmiðjan hf. skyldi sjá um og kosta allt viðhald og endurbætur þessara eigna en greiddi ekkert endurgjald fyrir þennan afnotarétt. Þá átti Sementsverksmiðjan hf. samkvæmt 6. gr. kaupsamningsins fram til 31. desember 2009 rétt á að leysa til sín hinar ofangreindu seldu eignir í Reykjavík fyrir alls kr. 95 milljónir að viðbættum 7,0% föstum ársvöxtum frá 1. ágúst 2003.

Með bréfi, sem var dagsett 17. febrúar 2006 (skjalnr. 363608), framsendu stjórnvöld á Íslandi Eftirlitsstofnun EFTA enska gerð samnings, sem Sementsverksmiðjan hf. og iðnaðarráðuneytið, fyrir hönd ríkisins, höfðu gert með sér. Samkvæmt þeim samningi var felldur niður réttur fyrirtækisins til að kaupa aftur tiltekna eignir í Reykjavík. Eignirnar, sem seldar voru ríkissjóði, voru afhentar honum 1. janúar 2004. Fyrirtækið tók eignirnar, sem það hafði afnot af, á leigu um ótiltekinn tíma í samræmi við ákvæði 2. gr. ofangreinds samnings. Mánaðarleiga fyrir eignirnar <sup>(28)</sup> er [...] kr. Leiguverðið breytist einu sinni á ári í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Stjórnvöld á Íslandi lögðu fram þær skýringar að leiguverðið væri reiknað á grundvelli gangverðs á íslenskum fasteignamarkaði.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur enga ástæðu til að efast um réttmæti og nákvæmni upplýsinganna sem stjórnvöld á Íslandi lögðu fram, en samkvæmt þeim hefur Sementsverksmiðjan hf. greitt markaðsverð fyrir leigu á þessum eignum <sup>(29)</sup>. Eftir að samningnum var breytt eins og hér hefur verið rakið lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að hann feli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

### 1.3 Yfirtaka lífeyrisskuldbindinga

Með samningi fjármálaráðuneytisins og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, sem var gerður 23. október 2003, yfirtók fjármálaráðuneytið fyrir hönd ríkissjóðs eftirstöðvar skuldabréfa sem gefin höfðu verið út til að fjármagna uppsafnaðar skuldbindingar Sementsverksmiðjunnar hf. samkvæmt samningnum frá 1997. Þá yfirtók ríkissjóður samkvæmt sama samningi skuldbindingar Sementsverksmiðjunnar hf. vegna þeirra starfsmanna sem störfuðu enn hjá fyrirtækinu. Greiðslur og uppgjör þeirra skuldbindinga átti að fara fram árlega.

<sup>(26)</sup> Samkvæmt fordæmi undirréttar EB skal Eftirlitsstofnun EFTA „ekki gjalda þess að mat hennar byggist á nálgun“ þar eð slíkt mat er í eðli sínu nálgun, sbr. mál T-366/00, *Scott SA gegn framkvæmdastjórn*, sem vísað er til hér á undan, 96. mgr.

<sup>(27)</sup> Eignirnar, sem um ræðir, eru tveir sementsgeymar, afgreiðsla á sementi/pökkunarstöð, stigahús og gangur, sementsleiðslustokkur, girðing og hlið, stálsíló með tilheyrandi búnaði, loftpressur, þurrkari og rafbúnaður í herbergi í vöruskemmu við bryggju, hafnarkrani, roralagnir í sementsleiðslustokki, bílavog og tilheyrandi tölvubúnaður.

<sup>(28)</sup> Eignirnar, sem um ræðir, eru loftpressuherbergi, tveir sementsgeymar, afgreiðsla á sementi og dæluskúr, alls 290 fm. Einnig eru leigðar eftirfarandi eignir: bílavog, lóð, krani, lagnir og stálsíló, vélar og salerni, spennistöð, stigahús og gangur.

<sup>(29)</sup> Stjórnvöld á Íslandi hafa greint Eftirlitsstofnun EFTA frá því að stærstur hluti lóðarinnar að Sævarhöfða í Reykjavík, sem var áður í eigu Sementsverksmiðjunnar hf., hafi verið leigður Jarðborunum hf. fyrir [...] kr. á fermetra. Fermetravæðing, sem Sementsverksmiðjunni hf. var gert að greiða, var [...] kr. Þá hafa stjórnvöld á Íslandi greint frá því að lóðin að Sævarhöfða hafi verið auglýst til leigu í Morgunblaðinu í árslok 2003 og að hæsta tilboðið hafi borist frá Jarðborunum hf. eða samkvæmt ofangreindu verði. Af þessum ástæðum lýstu stjórnvöld á Íslandi þeirri skoðun að leiguverðið samsvaraði markaðsverði á Íslandi.

### 1.3.1 Er gengið á ríkisfjármuni?

Til þess að aðstoðarráðstöfun geti talist ríkisaðstoð verður hún í fyrsta lagi að vera á vegum ríkisins eða fela í sér nýtingu ríkisfjármuna. Samkvæmt samningi fjármálaráðuneytisins og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins frá október 2003 ber ríkissjóði að standa sjóðnum skil á greiðslum, sem fallið hafa á Sementsverksmiðjuna hf., fyrir hönd fyrirtækisins. Um það leyti sem samningurinn var gerður voru skuldbindingar Sementsverksmiðjunnar hf. við sjóðinn vegna lífeyrisgreiðslna til starfsmanna er látið höfðu af störfum taldar nema 412 milljónum kr. Þá voru framtíðarskuldbindingar vegna þeirra starfsmanna fyrirtækisins, sem tilheyrðu B-deild sjóðsins og störfuðu enn hjá fyrirtækinu, taldar nema 10 til 15 milljónum kr. Yfirtaka lífeyrisskuldbindinganna og greiðsla þeirra úr ríkissjóði fela í sér að gengið er á ríkisfjármuni.

### 1.3.2 Er ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara ívilnað?

Í öðru lagi verður aðstoðarráðstöfunin að færa viðtakanda ávinning sem hlífir honum við greiðslum sem hann þyrfti ella að inna af hendi af rekstrarfé sínu.

Ríkið yfirtók skuldir Sementsverksmiðjunnar hf. við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins vegna lífeyrisgreiðslna til eigin starfsmanna fyrirtækisins. Sementsverksmiðjan hf. hafði verið stofnuð árið 1955 sem ríkisfyrirtæki. Starfsmenn sementsverksmiðjunnar, sem nefndist á þeim tíma Sementsverksmiðja ríkisins, tilheyrðu Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eins og aðrir ríkisstarfsmenn.

Árið 1997 var reglum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins breytt. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins lét vinna tryggingafræðilegt mat á skuldbindingum sínum við sjóðfélaga vegna framtíðarlífeyrisgreiðslna. Matsniðurstöðurnar voru síðan bornar saman við eignir sjóðsins og hlutdeild einstakra launagreiðenda sjóðfélaga í skuldbindingunum. Skuldbindingar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna þeirra starfsmanna Sementsverksmiðjunnar hf., sem látið höfðu af störfum, námu 400 milljónum kr. í árslok 1996 <sup>(30)</sup>.

Ríkissjóður greiddi Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins þessa skuldbindingu með skuldabréfi fyrirtækisins. Skuldbindingin var skráð í reikningum Sementsverksmiðjunnar hf. til 23. október 2003, en þá yfirtók ríkið skuld fyrirtækisins við lífeyrissjóðinn. Sú skuld var annars vegar vegna lífeyrisgreiðslna til þeirra starfsmanna Sementsverksmiðjunnar hf. sem þegar höfðu látið af störfum þegar stofnað var til skuldarinnar árið 1997. Að öðru leyti var skuldin vegna áætlaðra lífeyrisgreiðslna til þeirra fimm starfsmanna Sementsverksmiðjunnar hf. sem tilheyrðu enn B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins <sup>(31)</sup>.

Með vísan til þess að greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga falla undir eðlilegan rekstrarkostnað fyrirtækis varð yfirtaka ríkisins á greiðslunum þess valdandi að Sementsverksmiðjan hf. losnaði undan hluta af rekstrarkostnaði sínum. Á þennan hátt færði ríkið fyrirtækinu sértækan ávinning þar eð önnur fyrirtæki verða að standa sjálf undir öllum kostnaði vegna lífeyrisréttinda starfsmanna.

### 1.3.3 Samkeppnisröskun og áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum

Í þriðja lagi verður ráðstöfunin að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila EES-samningsins.

Ef ríkið hefur fært fyrirtækjum fjárhagslegan ávinning sem gerir þeim kleift að lækka venjulegan kostnað sinn verður samkeppnisstaða þeirra betri en þeirra fyrirtækja sem njóta ekki slíks ávinnings. Samkeppni er ríkjandi á sementsmarkaði Evrópska efnahagssvæðisins. Sem stendur eru tvö fyrirtæki starfandi á íslenskum sementsmarkaði: Sementsverksmiðjan hf. og Aalborg Portland Íslandi ehf. Ívilnun, sem Sementsverksmiðjan hf. nýtur og lækkar þau útgjöld sem hún hefði ella þurft að bera, gerir fyrirtækið betur í stakk búið til að keppa við aðra núverandi eða

<sup>(30)</sup> Samkvæmt 3. gr. samnings Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og fjármálaráðuneytisins um uppgjör skuldbindinga ríkissjóðs samkvæmt 33. gr. laga nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, að því er varðaði starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins til loka ársins 1996, voru skuldbindingar fyrir hönd Íslensks sements hf. 400 801 268 kr.

<sup>(31)</sup> Lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna, sem þegar höfðu látið af störfum, námu 412 milljónum kr. í október 2003. Um sama leyti voru framtíðarskuldbindingar vegna þeirra, sem störfuðu enn hjá fyrirtækinu, metnar hér um bil 10–15 milljónir kr.

hugsanlega þátttakendur á íslenskum sementsmarkaði sem njóta ekki slíkrar ívilnunar. Stuðningur ríkisins við Sementsverksmiðjuna hf. hefur því þau áhrif að raska samkeppni.

Fjórða skilyrðið fyrir því að ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins eigi við er að hin tilkynnta ráðstöfun hafi áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins.

Beinn keppinautur Sementsverksmiðjunnar hf. á íslenskum markaði er dótturfélag fyrirtækis sem starfar í öðru ríki sem á aðild að EES-samningnum og framleiðir ekki sement á Íslandi heldur flytur það þangað frá öðrum EES-ríkjum. Af þeirri ástæðu hefur ráðstöfunin áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

#### 1.3.4 Niðurstaða

Af þeim ástæðum, sem hér hafa verið raktar, lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að Sementsverksmiðjunni hf. hafi verið veitt ríkisaðstoð með yfirtöku ríkisins á lífeyrisskuldbindingum samkvæmt samningi fjármálaráðuneytisins og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem var gerður í október árið 2003.

## 2 Málmeðferð

Eftirfarandi ákvæði er að finna í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól: „Tilkynna skal [E]ftirlitsstofnun EFTA um áætlanir um að veita eða breyta aðstoð þannig að henni gefist nægur tími til athugasemda. [...]. Hlutaðeigandi ríki skal ekki gera fyrirhugaðar ráðstafanir fyrir en endanleg niðurstaða liggur fyrir.“

Þó að stjórnvöld á Íslandi hafi tilkynnt fyrirhugaða sölu á eignarhlut ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf., með bréfi sem var dagsett 29. ágúst 2003, hafði undirritun stjórnvalda á ofangreindum samningum þær afleiðingar að hvers kyns ríkisaðstoð, sem kann að hafa verið veitt með þessum samningum, komst til framkvæmda áður en Eftirlitsstofnun EFTA hafði tekið endanlega ákvörðun um hina tilkynntu ráðstöfun. Af þessum ástæðum er öll ríkisaðstoð, sem veitt hefur verið í tengslum við þessi viðskipti, ólögæt ríkisaðstoð í skilningi 1. gr. II. hluta bókar 3, staflíð f), þ.e. ný aðstoð sem veitt hefur verið í bága við ákvæði 3. mgr. 1. gr. I. hluta sömu bókar.

## 3 Samrýmist aðstoðin samkeppnisreglum?

Samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, staflíð c), getur aðstoð talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins ef hún er veitt í því skyni að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins, enda hafi slík aðstoð ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn almannahagsmunum. Aðstoð til endurskipulagningar ber að meta samkvæmt leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA um aðstoð til björgunar og endurskipulagningar (þær leiðbeiningar nefnast „leiðbeiningarnar um björgun og endurskipulagningu“ í því sem hér fer á eftir).

Í ákvörðun 421/04/COL lagði Eftirlitsstofnun EFTA áherslu á að hún hefði hvorki fengið í hendur röksemdir né samsvarandi skjalfest gögn frá stjórnvöldum á Íslandi sem nota mætti til að meta hvort aðstoðin samrýmist leiðbeiningunum um björgun og endurskipulagningu. Stjórnvöld á Íslandi lögðu fram áætlun um endurskipulagningu Sementsverksmiðjunnar hf. í bréfi sem var dagsett í febrúar 2005. Þá sendu stjórnvöld í febrúar 2008 viðbótarupplýsingar um endurskipulagningaráætlunina. Hér á eftir kemur fram mat stofnunarinnar á því hvort þessar nýju upplýsingar nægi til að ákvarða hvort aðstoðin fullnægir kröfum leiðbeininganna um björgun og endurskipulagningu <sup>(32)</sup>.

### 3.1 Viðeigandi leiðbeiningar

Aðstoðin var veitt í október 2003 þegar ríkið leysti Sementsverksmiðjuna hf. undan lífeyrisskuldbindingum sínum. Mat á því hvort þessi aðstoðarráðstöfun samrýmist gildandi samkeppnisreglum verður byggt á ákvæðum leiðbeininganna um björgun og endurskipulagningu frá árinu 1999 <sup>(33)</sup>, en sú útgáfa leiðbeininganna var í gildi á þeim tíma sem aðstoðin var veitt.

<sup>(32)</sup> Mál T-157/01 *Danske Busvognmænd* gegn *framkvæmdastjórn*, [2004] ECR II-917, 116. mgr.

<sup>(33)</sup> Sjá Stjórn. EB L 274, 26.10.2000, og EES-viðbæti nr. 48, 26.10.2000.

## 2.2 *Fyrirtæki sem eiga í erfiðleikum*

Samkvæmt undirkafla 16.2.1 í leiðbeiningunum um björgun og endurskipulagningu telst hlutafélag í öllum tilvikum fyrirtæki sem á í erfiðleikum, án tilliti til stærðar þess, að því er leiðbeiningarnar varðar, þegar meira en helmingur af bókfærðu eiginfé þess er tapaður og meira en fjórðungur þess fjár hefur tapast næstu 12 mánuði á undan. Samkvæmt leiðbeiningunum um björgun og endurskipulagningu telst félag eiga í erfiðleikum, að því er leiðbeiningarnar varðar, óháð gerð viðkomandi fyrirtækis, ef það uppfyllir skilyrði fyrir opinberri gjaldþrotameðferð samkvæmt landslögum. Algengustu merki um að fyrirtæki eigi í erfiðleikum eru vaxandi tap, veltusamdráttur, auknar vörubirgðir, umframafkastageta, minna sjóðstreymi, auknar skuldir, hækkandi fjármagnsgjöld og lækkandi eða ekkert virði hreinna eigna.

Bókfært eiginfé Sementsverksmiðjunnar hf. minnkaði úr 1 096 milljónum kr. árið 2000 í 458 milljónir kr. árið 2003. Velta fyrirtækisins minnkaði úr 1,06 milljörðum kr. árið 2000 í 863 milljónir kr. árið 2001 og 598 milljónir kr. árið 2002. Sala fyrirtækisins minnkaði úr [...] árið 2000 í [...] árið 2001 og [...] árið 2002. Framleiðsla dróst af þessum sökum saman um meira en [...]%. Rekstrinum fór hratt hrakandi á þessum tíma. Sementsverksmiðjan hf. skilaði 70 milljóna kr. hagnaði árið 2000 en 230 milljóna kr. tapi árið 2001. Á árinu 2002 nam tapið 220 milljónum kr. Frá árinu 2000 til ársins 2002 jukust heildarskuldir Sementsverksmiðjunnar hf. úr 733 milljónum kr. í 1 157 milljónir kr. Veltufjármunir drögust saman úr 750 milljónum kr. í 640 milljónir kr.

Í reikningum Sementsverksmiðjunnar hf. fyrir árið 2002 gerðu endurskoðendur alvarlegar athugasemdir við fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Sökum uppsafnaðs taps og líkinda til áframhaldandi rekstrartaps árið 2003 var talið vafasamt að unnt væri að reka fyrirtækið áfram.

Samkvæmt þeim skýringum og upplýsingum, sem bárust frá stjórnvöldum á Íslandi, lá við gjaldþroti Sementsverksmiðjunnar hf. og taldist fyrirtækið ófært um að snúa rekstrinum til betri vegar af eigin rammleik.

Eftirlitsstofnun EFTA lítur því svo á að Sementsverksmiðjan hf. hafi verið fyrirtæki sem átti í erfiðleikum í skilningi leiðbeininganna um björgun og endurskipulagningu um það leyti sem styrkurinn var veittur.

## 3.3 *Skilgreining á aðstoð til endurskipulagningar*

Aðstoð til endurskipulagningar verður að byggjast á raunhæfri, samræmdri og víðtækri áætlun um að gera fyrirtæki arðbært á ný til lengri tíma litið. Samkvæmt undirkafla 16.2.2 í leiðbeiningunum um björgun og endurskipulagningu felur aðstoð til endurskipulagningar að jafnaði í sér einn eða fleiri eftirtalinna þátta: endurskipulagningu og hagræðingu á starfsemi fyrirtækisins þannig að hún verði skilvirkari, sem venjulega þýðir að fyrirtækið hættir starfsemi sem tap er á, endurskipuleggur fyrirliggjandi starfsemi, sem hægt er að gera samkeppnishæfa á nýjan leik, og eykur fjölbreytni, hugsanlega með því að snúa sér að nýrri arðbærri starfsemi. Þegar starfsemi er endurskipulögð þarf venjulega að fylgja fjárhagsleg endurskipulagning (nýtt hlutafé, lækkun skulda). Þó er lögð á það áhersla í leiðbeiningunum um björgun og endurskipulagningu að endurskipulagning megi ekki takmarkast við fjárhagsaðstoð sem veitt er í því skyni að bæta upp tap fyrri ára án þess að tekist sé á við orsakir þess taps.

Áætlunin um endurskipulagningu Sementsverksmiðjunnar hf. fól í sér margvíslegar ráðstafanir. Fjallað var um endurskipulagningu á fjárhag fyrirtækisins, endurskipulagningu starfsmannahalds og framleiðslukostnaðar og innleiðingu nýrra tekjustofna. Í ljósi leiðbeininganna um björgun og endurskipulagningu takmarkaðist áætlunin því ekki við fjárhagslega endurskipulagningu heldur var fjallað um ýmsa aðra þætti endurskipulagningar á Sementsverksmiðjunni hf. Þegar í upphafi var aðstoðin því þeirrar gerðar sem fellur undir mat samkvæmt leiðbeiningunum um björgun og endurskipulagningu.



### 3.4 *Skilyrði fyrir því að heimila aðstoð til endurskipulagningar*

Ríkisaðstoð, sem er veitt til að auðvelda endurskipulagningu í illa stöddum fyrirtækjum, getur aðeins talist réttmæt að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Hana má til að mynda réttlæta með vísun til félagslegra sjónarmiða eða byggðastefnu, með því að taka verði tillit til gagnsemi lítilla og meðalstórra fyrirtækja í efnahagslífinu eða með því að æskilegt sé að viðhalda samkeppni á markaði þegar hætta er á að lokun fyrirtækja leiði til einokunar eða mikillar fákeppni.

#### 3.4.1 *Fyrirtækið gert arðbært á ný*

Samkvæmt undirkafla 16.3.2.2, staflíð b), í leiðbeiningunum um björgun og endurskipulagningu ber að binda aðstoð því skilyrði að framkvæmd sé áætlun um endurskipulagningu og að aflað sé samþykkis Eftirlitsstofnunar EFTA við henni. Gildistími áætlunar um endurskipulagningu verður að vera sem stystur og hún skal miðast við að gera fyrirtækið arðbært á ný til lengri tíma lítið innan hæfilega langs tíma og á grundvelli raunhæfra ályktana um rekstrarskilyrði á komandi árum. Aðstoð til endurskipulagningar verður að tengjast raunhæfri áætlun um endurskipulagningu sem hlutaðeigandi EFTA-ríki skuldbindur sig til að fylgja. Gera ber Eftirlitsstofnun EFTA grein fyrir áætluninni í öllum helstu atriðum og leggja jafnframt fram markaðskönnun.

Ráðstafanir áætlunarinnar til að gera fyrirtækið arðvænlegra skulu einkum lúta að fyrirtækinu sjálfu og taka má tillit til ytri þátta sem fyrirtækið ræður litlu um, til dæmis breytinga á verði og eftirspurn, því aðeins að slíkar ráðstafanir byggist á ályktunum um þróun markaðarins sem njóta almennrar viðurkenningar. Áætlun um endurskipulagningu verður að fela í sér að hætt sé starfsemi sem yrði áfram óarðbær þáttur í starfsemi fyrirtækisins þó að til endurskipulagningar kæmi.

Í undirkafla 16.3.2.2, staflíð b), í leiðbeiningunum um björgun og endurskipulagningu kemur fram að í áætlun um endurskipulagningu skuli koma fram hvaða skýringar séu á bágrri stöðu fyrirtækisins þannig að unnt sé að meta hvort fyrirhugaðar ráðstafanir séu viðeigandi. Meðal annars verður að hafa hliðsjón af ástandi og horfum að því er varðar eftirspurn og framboð á viðkomandi vörumarkaði og draga upp líklega atburðarás miðað við bestu forsendur, lökustu forsendur og meðalforsendur ásamt helstu styrkleikum og veikleikum fyrirtækisins. Áætlunin verður að gera fyrirtækinu kleift að þróast í átt að nýju skipulagi sem bætur rekstrarhorfur þess til lengri tíma lítið og gerir því kleift að standa á eigin fótum.

Í áætluninni verður að gera ráð fyrir viðsnúningi í rekstri sem geri fyrirtækinu kleift, að lokinni endurskipulagningu, að standa undir öllum útgjöldum, að meðtöldum afskriftum og fjármagnsgjöldum. Í leiðbeiningunum um björgun og endurskipulagningu kemur fram að áætluð ávöxtun eiginfjár eftir endurskipulagningu verði að vera nógu há til að fyrirtækið geti keppt á markaði á eigin forsendum.

Eftirtaldir fjórar ráðstafanir voru uppistaðan í áætlun um endurskipulagningu Sementsverksmiðjunnar hf.:

- Endurskipulagning á fjárhag fyrirtækisins
- Endurskipulagning starfsmannahalds
- Endurskoðun framleiðslukostnaðar
- Nýir tekjustofnar

#### *Endurskipulagning á fjárhag fyrirtækisins*

Stjórnvöld á Íslandi hafa skýrt frá því að eitt lykilatriðanna í endurskipulagningunni hafi verið að lækka skuldir með sölu eigna. Haustið 2003 seldi Sementsverksmiðjan hf. frá sér allar eignir sem tengdust ekki beint framleiðslu og dreifingu á sementi á íslenskum markaði. Afraksturinn gerði fyrirtækinu kleift að lækka skuldir sínar og vinna að minnsta kosti að hluta á rekstrarhallanum. Heildartekjur af eignasölunni voru 580 milljónir kr. og voru þær notaðar til að lækka bæði langtíma- og skammtímaskuldir. Meginmarkmið fyrirtækisins var að draga sem mest úr fjármagnsgjöldum á endurskipulagningartímanum. Í kjölfarið var samið á ný um allar

langtímaskuldir sem eftir stóðu til þess að fyrirtækið þyrfti ekki að greiða niður höfuðstólinn fyrstu tvö árin eftir eignasöluna.

Sá þáttur endurskipulagningarinnar, sem fyrirtækinu reyndist erfiðastur samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum, var að semja á ný við lánardrottna sína. Svo virðist sem bæði skammtíma- og langtímaskuldir fyrirtækisins hafi vaxið hratt næstu þrjú ár fyrir eignasöluna vegna rekstrartaps. Fyrirtækið hafði gert lánasamninga við ýmsar stofnanir. Lánastofnanirnar litu á lán, sem veitt voru Sementsverksmiðjunni hf., sem lán til ríkisins og vildu ekki veita fyrirtækinu frekari lán eftir að það var einkavætt nema eldri lán yrðu greidd upp. Af þeim sökum var nauðsynlegt að minnka skuldabyrði verulega og það var gert með því að selja frá fyrirtækinu þær eignir sem tengdust ekki framleiðslu eða dreifingu á sementi.

Lýsing stjórnvalda á Íslandi er sem hér segir: „*Það var höfuðþáttur í samningaviðræðunum [um fjármálahlíðina] að lífeyrisskuldbindingarnar yrðu fjarðar af efnahagsreikningi fyrirtækisins til þess að það gæti lagt fram raunhæfa og trúverðuga áætlun um afborganir. Fyrir liggur, og var það einnig skoðun bæði kaupenda og kröfuhafa, að fyrirtækið hefði ekki getað staðið bæði undir lífeyrisskuldbindingunum og öðrum skammtíma- og langtímaskuldbindingum jafnframt því að halda áfram nauðsynlegum fjárfestingum í fastafjármunum til að geta haldið áfram rekstri.*“

Frumskilyrði fyrir því að fjárhagsleg endurskipulagning væri samþykkt var að fyrirtækið yrði losað undan lífeyrisskuldbindingunum og fengi jafnframt heimild til að greiða aðrar skuldir aðeins að hluta.

#### *Endurskipulagning starfsmannahalds*

Um það leyti sem Sementsverksmiðjan hf. var seld voru starfsmenn 63 að tölu. Greining á efnahagslegum aðstæðum hjá fyrirtækinu og á markaðnum, sem það starfaði á, sýndi að starfsmönnum þyrfti að fækka um 20 að minnsta kosti. Verksmiðjan þyrfti að minnsta kosti 41 starfsmann til að halda starfseminni gangandi. Samningum annarra starfsmanna var sagt upp og var kostnaður við þær uppsagnir hár sökum langs starfsaldurs sumra starfsmanna.

Í öðru lagi var við lýði í fyrirtækinu kaupaukakerfi vegna framleiðslu sem snerti flesta starfsmenn þess. Fjárhæðin, sem úthlutað skyldi til starfsmanna, var föst í þeim skilningi að útgjöld fyrirtækisins af kaupaukanum voru hin sömu óháð fjölda starfsmanna. Leitað var samninga við verkalýðsfélagið í því skyni að binda kaupaukagreiðsluna við hvern starfsmann þannig að fækkun starfsmanna hefði í för með sér lækkun á heildargreiðslum vegna kaupaukans.

#### *Endurskoðun framleiðslukostnaðar og nýir tekjustofnar*

Að sögn stjórnvalda á Íslandi varðaði mikilvægasta ráðstöfunin samninga um endurskoðun á hráefnisverði. Þá var efnasamsetningu sementsins breytt til þess að draga úr orkunotkun við framleiðsluna.

Að því er varðaði endurskoðun á hráefnisverði var verulegur hluti breytilegs rekstrarkostnaðar Sementsverksmiðjunnar hf. tengdur markaðsverði innanlands sem utan og varð engum breytingum viðkomið á honum. Þannig háttáði til um kol, raforku, kísilryk og ýmis önnur hráefni. Aftur á móti reyndist unnt að lækka verð á skeljasandi, helsta innlenda hráefninu, um [...] %. Jafnframt var samið um lægra verð fyrir annað innlent hráefni.

Þá hafði Sementsverksmiðjan hf. tekið upp brennslu úrgangsolíu sem nýjan tekjustofn og sem aðferð til að lækka heildareldsneytiskostnað.

#### *Samræmi við kröfur um endurskipulagningu*

Að teknu tilliti til þeirra ráðstafana, sem hér hefur verið lýst, lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að áætlun um endurskipulagningu Sementsverksmiðjunnar hf. sé í samræmi við kröfurnar sem gerðar eru í leiðbeiningunum um björgun og endurskipulagningu. Í áætluninni var að finna skýringu á bágrri stöðu Sementsverksmiðjunnar hf. Sementsverksmiðjan hf. hafði ekki til að bera styrk til að takast á við samkeppni og veikleika í byggingariðnaðinum í upphafi aldarinnar. Áætlunin tók til rækilegrar fjárhagslegrar endurskipulagningar sem var fölgín í samningum við

kröfuhafa um endurskipulagningu skulda og yfirtöku ríkisins á lífeyrisskuldbindingum gagnvart Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Auk fjárhagslegrar endurskipulagningar voru gerðar ýmsar rekstrarráðstafanir sem tóku meðal annars til endurskipulagningar starfsmannahalds (með uppsögn starfssamninga og samningum um endurskoðun á hlunnindum starfsmanna) en einkum endurskoðunar framleiðslukostnaðar, en hann vó þungast í áætluninni um endurskipulagningu. Framleiðslukostnaður var lækkaður, efnasamsetningu sementsins var breytt, samið var á ný við birgja og hafið var markaðsstarf í þeim tilgangi að auka tekjur. Í áætluninni um endurskipulagningu Sementsverksmiðjunnar hf. var gert ráð fyrir að reksturinn yrði fljótt arðbær á ný, eða innan tveggja ára, og virðist það hæfilegt markmið. Áætlunin hefur nú verið framkvæmd að fullu og hefur hún gert fyrirtækinu kleift að keppa á markaði á eigin forsendum. Af þessum sökum, og á grundvelli upplýsinganna sem stjórnvöld á Íslandi hafa lagt fram, lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að áætlunin um endurskipulagningu Sementsverksmiðjunnar hf. samræmist kröfum undirkafla 16.3.2.2, staflíðar b), í leiðbeiningunum um björgun og endurskipulagningu.

### 3.4.2 *Komið í veg fyrir óhóflega mikla samkeppnisröskun*

Í undirkafla 16.3.2.2, staflíð c), í leiðbeiningunum um björgun og endurskipulagningu er kveðið á um að gera skuli ráðstafanir til þess að draga sem verða má úr óæskilegum áhrifum aðstoðar á keppinauta. Að öðrum kosti verði litið svo á að aðstoðin stríði gegn sameiginlegum hagsmunum og sé því ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins. Þetta skilyrði er yfirleitt útfært sem takmörkun á umsvifum fyrirtækisins á markaðnum, sem það starfar á, að endurskipulagningartímabilinu loknu. Ef stærð viðkomandi markaðar er óveruleg innan EES, eða markaðshlutur fyrirtækisins á viðkomandi markaði er óverulegur, telst ekki vera um að ræða óeðlilega röskun á samkeppni.

Samkvæmt ákvæðum undirkafla 16.3.2.2, staflíðar c), í leiðbeiningunum um björgun og endurskipulagningu ber Eftirlitsstofnun EFTA að ákvarða umfang takmörkunarinnar eða skerðingarinnar, sem er nauðsynleg til að koma í veg fyrir óeðlilega röskun á samkeppni, á grundvelli markaðsrannsóknarinnar sem fylgir endurskipulagningaráætluninni svo og á grundvelli upplýsinga frá hagsmunaaðilum sé formleg rannsókn hafin.

Formleg rannsókn á málinu, sem hér liggur fyrir, hófst hjá Eftirlitsstofnun EFTA í desember 2004 og í nóvember 2006 var umfang rannsóknarinnar rýmkað. Aftur á móti bærust engar athugasemdir frá hagsmunaaðilum sem hefðu að geyma upplýsingar um þörfina á jöfnunaraðgerðum og nauðsynlegt umfang þeirra.

Í leiðbeiningunum um björgun og endurskipulagningu eru þau fyrirtæki litin jákvæðari augum sem svo háttar til um að sé rekstri þeirra haldið áfram er ólíklegt að það hafi veruleg áhrif á samkeppni á Evrópska efnahagssvæðinu. Stjórnvöld á Íslandi hafa lagt fram markaðskönnun um Sementsverksmiðjuna hf. og sementsmarkaðinn á Íslandi, en fyrirtækið starfar aðeins á þeim markaði. Samkvæmt þeirri könnun er heildarmarkaður fyrir sement á Íslandi takmarkaður vegna fámennis í landinu. Tvö fyrirtæki eru starfandi á sementsmarkaði á Íslandi: Sementsverksmiðjan hf. og Aalborg Portland Íslandi hf. Fyrirnefnda fyrirtækið framleiðir og selur sement og slaggsement en hið síðarnefnda flytur sement inn frá Danmörku og selur á Íslandi. Árið 2002 nam sementsnotkun á Íslandi alls 122 899 tonnum<sup>(34)</sup>. Árið 2002 nam sementsnotkun í Evrópusambandsríkjunum alls 217,6 milljónum tonna. Því má líta svo á að markaðshlutdeild sementsmarkaðarins á Íslandi á Evrópska efnahagssvæðinu sé óverulegur.

Þá er kveðið á um það í 3. mgr. undirkafla 16.1 í leiðbeiningunum um björgun og endurskipulagningu að aðstoð, sem veitt er til endurskipulagningar, megi ekki aðeins réttlæta með vísun til félagslegra sjónarmiða eða byggðastefnu, heldur einnig með því að æskilegt þygi að viðhalda samkeppnishæfu markaðsfyrirkomulagi þegar lokun fyrirtækja getur leitt til einokunar eða þröngrar fákeppnisstöðu. Sú staða gæti komið upp á Íslandi ef Sementsverksmiðjan hf. hyrfi af markaði, enda yrði þá að öllum líkindum til einokunarmarkaður fyrir sement sem væri háður innflutningi á vegum eina keppnautarins á íslenskum sementsmarkaði. Sú staðreynd að íslenskur sementsmarkaður hefur ýmist einkennst af einokun eða þröngri fákeppnisstöðu tveggja markaðsaðila sýnir að þessi markaður býður fá sóknarfæri og er lítt vænlegur í augum annarra vegna takmarkaðs umfangs markaðarins og lítilla möguleika á uppbyggingu (í þessu tilliti vísast til niðurstaðna ofangreindrar markaðskönnunar).

<sup>(34)</sup> 38 215 tonn af sementi voru flutt til Íslands og 84 684 tonn voru framleidd í landinu.

Eftirlitsstofnun EFTA lítur því svo á að ekki sé nauðsynlegt að gera frekari ráðstafanir til að takmarka markaðsumsvif fyrirtækisins.

### 3.4.3 Aðstoð haldið í lágmarki

Samkvæmt ákvæðum undirkafla 16.3.2.2, staflíðar d), í leiðbeiningunum um björgun og endurskipulagningu verður að takmarka fjárhæð og umfang aðstoðar við algjört lágmark sem þarf til þess að hægt sé að ráðast í endurskipulagningu, að teknu tilliti til fjármuna sem eru til ráðstöfunar í fyrirtækinu, hjá hluthöfum þess eða í samstæðunni sem það tilheyrir. Til þess er ætlast af styrkþegum að þeir verji verulegu fé af eigin fjármunum til endurskipulagningaráætlunarinnar, meðal annars með sölu eigna sem eru ekki nauðsynlegar fyrir afkomu fyrirtækisins, eða með því að útvega utanaðkomandi fjármagn á markaðskjörum. Til þess að draga sem mest úr samkeppnisröskun er kveðið um það í undirkafla 16.3.2.2, staflíð d), í leiðbeiningunum um björgun og endurskipulagningu að takmarka skuli fjárhæð aðstoðar eða haga henni með öðrum hætti þannig að komið sé í veg fyrir að fyrirtækið fái meira fé en það hefur þörf fyrir; fé sem gæti nýst í yfirgangssama, markaðsraskandi starfsemi sem tengist ekki endurskipulagningu.

Í samræmi við ákvæði leiðbeininganna um björgun og endurskipulagningu ber Eftirlitsstofnun EFTA að meta skuldastöðu fyrirtækisins eftir endurskipulagningu, og þá einnig eftir hugsanlegan frest á afborgunum eða lækun á skuldum þess. Stofnuninni ber einnig að rannsaka hvort aðstoðin rennur að einhverju leyti til nýrra fjárfestinga sem eru ekki nauðsynlegar til að gera fyrirtækið arðbært á ný. Hvað sem öðru líður verður að sýna fram á að aðstoðin verði eingöngu notuð til að gera fyrirtækið arðbært á ný og að hún muni ekki gera styrkþega kleift, meðan endurskipulagningaráætluninni er hrundið í framkvæmd, að auka afkastagetu sína, nema að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt til að gera reksturinn lífvænlegan og þá án þess að raska samkeppni um of.

Það var grundvallarþáttur í endurskipulagningu Sementsverksmiðjunnar hf. að selja eignir sem voru ekki nauðsynlegar fyrir afkomu fyrirtækisins, svo sem lóðir og byggingar, auk hlutabréfa og skuldabréfa annarra fyrirtækja sem fyrirtækið gat selt til þess að útvega lausafé til greiðslu skulda. Skuldir fyrirtækisins voru jafnframt greiddar niður eftir því sem unnt var og samið á ný um eftirstöðvarnar í því skyni að gera endurgreiðslur auðveldari þannig að halda mætti fyrirtækinu í rekstri. Í samræmi við það fór fram endurskoðun á kostnaði og uppbygging starfsmannahalds og framleiðslu og var hún fjármögnuð af eigin fjármunum fyrirtækisins. Einu afskipti ríkisins voru fólgin í yfirtöku á lífeyrisskuldbindingum Sementsverksmiðjunnar hf. að fjárhæð hér um bil 425 milljóna kr. Af hálfu lánardrottna fyrirtækisins var litið á þetta sem ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir því að unnt væri að ráðast í endurskipulagningu. Það er því niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að aðstoðin, sem ríkissjóður veitti, hafi takmarkast við nauðsynlegt lágmark þar eð hún snerist aðeins um yfirtöku ríkisins á skuld Sementsverksmiðjunnar hf. við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Kostnaður við endurskipulagninguna skiptist sem hér segir:

a) Nýir lánasamningar	10 811 853 kr. 2 648 904 kr. (þóknun fyrir umsjón með fjárhagslegri endurskipulagningu)
b) Endurskipulagning starfsmannahalds	19 098 479 kr. 2 702 963 kr. (þóknun fyrir umsjón með endurskipulagningu starfsmannahalds)
c) Endurskoðun framleiðslukostnaðar og nýir tekjustofnar	1 018 200 000 kr.
d) Nýtt verðmat eigna	511 856 488 kr.

Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að þátttaka ríkisins í endurskipulagningu Sementsverksmiðjunnar hf., með yfirtöku á lífeyrisskuldbindingum fyrirtækisins gagnvart Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, hafi skipt höfuðmáli um að endurskipulagningin tækist. Lánardrottinn fyrirtækisins töldu yfirtöku ríkisins á lífeyrisskuldbindingunum forsendu þess að unnt væri að semja á ný um aðrar skuldir. Þessi aðstoð ríkisins gerði Sementsverksmiðjunni hf. kleift að afla nauðsynlegs fjár til hinnar eiginlegu endurskipulagningar.

Þótt yfirtaka lífeyrisskuldbindinganna fæli ekki í sér útgjöld fyrir Sementsverksmiðjuna hf., heldur fyrir ríkið, er rétt að taka tillit til hennar í heildarmati á endurskipulagningu fyrirtækisins. Aðstoðin var nauðsynleg til þess að unnt væri að framkvæma einstaka þætti endurskipulagningarinnar. Að teknu tilliti til þessa, og með hliðsjón af þeim útgjöldum sem nauðsynlegt er að ráðast í til þess að gera Sementsverksmiðjuna hf. arðbæra á ný, lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að fjárhæð aðstoðarinnar, sem veitt var í tengslum við þessa endurskipulagningu, hafi takmarkast við nauðsynlegt lágmark.

#### 3.4.4 Aðstoð til endurskipulagningar á styrktum svæðum

Í samræmi við ákvæði undirkafla 16.3.2.5 í leiðbeiningunum um björgun og endurskipulagningu mun Eftirlitsstofnun EFTA hafa hliðsjón af þörfinni á byggðaðþróun í mati sínu á aðstoð sem veitt er til endurskipulagningar á styrktum svæðum. Skilyrði fyrir því að heimila aðstoð geta verið vægari á styrktum svæðum, einkum að því er varðar framkvæmd mótvægisáðgerða. Það merkir þó ekki að stofnunin muni horfa í gegnum fingur sér þegar um ræðir aðstoð sem veitt er til að endurskipuleggja bágstödd fyrirtæki á styrktum svæðum í því skyni að gera stjórnvöldum í héraði kleift að halda fyrirtækjum í rekstri á fölskum forsendum. Þvert á móti er það hagur byggðanna sjálfra að byggja sem fyrst upp aðra starfsemi sem er arðbær og lífvænleg.

Starfsemi Sementsverksmiðjunnar hf. er á Akranesi, þ.e. á Vesturlandi. Það svæði fellur undir byggðakort fyrir Ísland sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti í ákvörðun 253/01/COL frá 8. ágúst 2001. Á svæðinu er meira atvinnuleysi en að meðaltali í landinu og íbúum fer fækkandi. Sementsverksmiðjan hefur starfað á Akranesi frá árinu 1958 og hefur gegnt mikilvægu hlutverki í atvinnu- málum héraðsins. Íbúar bæjarfélagsins eru um 5 500 og myndi lokun verksmiðjunnar hafa afar skaðleg áhrif og stuðla að frekari fólksfækkun og almennri félagslegri og efnahagslegri hnignun.

#### 3.4.5 Áætlun um endurskipulagningu komið að fullu til framkvæmda

Samkvæmt ákvæðum leiðbeininganna um björgun og endurskipulagningu verður fyrirtækið að framkvæma að fullu þá áætlun um endurskipulagningu sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt og fullnægja öllum öðrum skuldbindingum sem mælt er fyrir um í ákvörðun stofnunarinnar <sup>(35)</sup>. Skorti eitthvað á framkvæmd áætlunarinnar, eða sé öðrum skuldbindingum ekki fullnægt, mun stofnunin túlka það sem misnotkun aðstoðarinnar.

Gert er ráð fyrir að endurskipulagningaráætlunin verði framkvæmd í áföngum sem hér segir:

Ráðstöfun	Endurskipulagning hefst	Endurskipulagningu lýkur
Ráðstafanir til fjárhagslegrar endurskipulagningar (samið á ný við lánardrottna og skuldir greiddar upp, yfirtaka ríkisins á lífeyrisskuldbindingum)	September 2003	Október 2003
Endurskipulagning starfsmannahalds (uppsagnir starfsmanna, nýir kjarasamningar við verkalýðsfélög)	Október 2003	Apríl 2004
Endurskoðun framleiðslukostnaðar (samið á ný við birgja, ný tekjuöflun og lækkan útgjalda)	Október 2003	Desember 2004

Í áætluninni um endurskipulagningu fyrirtækisins var gert ráð fyrir að það færi að skila hagnaði í kjölfar endurskipulagningar í júlímánuði 2005. Stjórnvöld á Íslandi hafa greint Eftirlitsstofnun EFTA frá því að Sementsverksmiðjan hf. hafi framfylgt áætluninni og forðast taprekstur á árinu 2005. Frá júní 2003 til maí 2004 var tap af rekstri Sementsverksmiðjunnar hf. sem nam 83 milljónum kr., en til samanburðar nam tapið 250 milljónum kr. á árinu 2002. Frá júní 2004 til maí 2005 skilaði fyrirtækið hagnaði að fjárhæð 22 milljóna kr.

Af þessum upplýsingum að dæma virðist sem áætlun um endurskipulagningu hafi verið svo stuttur sem við varð komið, hafi skilað þeim árangri að gera fyrirtækið arðbært á ný innan hæfilega langs tíma og hafi þannig byggt á raunhæfum ályktunum um rekstrarskilyrði á komandi árum.

<sup>(35)</sup> Að réttu hefði áætlun um endurskipulagningu átt að berast í heild með tilkynningunni áður en aðstoðin var veitt. Í málinu, sem hér liggur fyrir, barst endurskipulagningaráætlunin ekki fyrirfram en helstu þættir áætlunarinnar lágu fyrir áður en endurskipulagningin fór fram. Eftirlitsstofnun EFTA lítur því svo á að unnt sé að samþykka hana á grundvelli leiðbeininganna um björgun og endurskipulagningu.

### 3.4.6 Eftirlit og ársskýrsla

Eftirlitsstofnun EFTA verður að hafa tök á því að ganga úr skugga um að áætlun um endurskipulagningu sé framfylgt á viðunandi hátt. Þetta er að jafnaði gert með ítarlegri og reglulegri skýrslugjöf hlutaðeigandi EFTA-ríkis til stofnunarinnar. Í málinu, sem hér er til umfjöllunar, er endurskipulagningunni þó þegar lokið með því að fyrirtækið hefur verið gert arðbært á ný. Engum þáttum endurskipulagningarinnar er ólokið heldur hafa þeir allir verið framkvæmdir með góðum árangri. Í þessu tilviki er því engin þörf á skýrslugjöf um framkvæmd endurskipulagningaráætlunarinnar.

### 3.5 Skilyrðið um aðstoð „í eitt skipti fyrir öll“

Til þess að koma í veg fyrir að fyrirtæki njóti ósanngjarnrar aðstoðar ber aðeins að veita aðstoð til endurskipulagningar einu sinni. Í undirkafli 16.3.2.3 í leiðbeiningunum um björgun og endurskipulagningu er kveðið á um að í tengslum við tilkynningu um áformaða endurskipulagningaraðstoð til Eftirlitsstofnunar EFTA skuli EFTA-ríkið tilgreina hvort viðkomandi fyrirtæki hafi þegar fengið endurskipulagningaraðstoð, að meðtalinni aðstoð sem veitt kann að hafa verið áður en leiðbeiningarnar öðluðust gildi sem og aðstoð sem ekki hefur verið tilkynnt.

Stjórnvöld á Íslandi hafa lýst yfir að skilyrðinu um aðstoð „í eitt skipti fyrir öll“ hafi verið fullnægt. Þá hafa þau lýst yfir að fyrirtækið hafi ekki notið neinnar aðstoðar áður og engin áform séu um að veita því aðstoð síðar.

## 4 Niðurstaða

Af þeim ástæðum, sem hér hafa verið raktar, lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að aðstoðin, sem veitt var Sementsverksmiðjunni hf. í tengslum við yfirtöku ríkisins á lífeyrisskuldbindingum fyrirtækisins, skuli teljast endurskipulagningaraðstoð sem er samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til þeirra ákvæða leiðbeininganna um björgun og endurskipulagningu sem giltu á þeim tíma sem aðstoðin var veitt.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Yfirtaka ríkisins á lífeyrisskuldbindingum Sementsverksmiðjunnar hf. gagnvart Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins felur í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

2. gr.

Aðstoðin, sem um getur í 1. gr., er samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til ákvæða stafliðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins með hliðsjón af leiðbeiningunum um björgun og endurskipulagningu sem Eftirlitsstofnun EFTA gaf út árið 1999.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Íslands.

4. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 28. maí 2008.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

*Per Sanderud*

Forseti

*Kristján Andri Stefánsson*

Stjórnarmaður

## ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2010/EES/14/02

405/08/COL

frá 27. júní 2008

um að ljúka formlegri rannsókn að því er varðar Íbúðalánasjóð

(Ísland)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN <sup>(1)</sup>

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið <sup>(2)</sup>, einkum ákvæða 2. mgr. 59. gr., 61., 62. og 63. gr. og bókanar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls <sup>(3)</sup>, einkum ákvæða 24. gr.,

með vísan til 2. mgr. 1. gr. I. hluta og 4. mgr. 4. gr. og 6. gr. II. hluta bókanar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól <sup>(4)</sup>,

með vísan til leiðbeininga Eftirlitsstofnunar EFTA <sup>(5)</sup> um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins,

með vísan til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL um framkvæmdarákvæði sem um getur í 27. gr. II. hluta bókanar 3 <sup>(6)</sup>,

með vísan til dóms EFTA-dómstólsins í máli E-9/04 um umsókn um ógildingu ákvörðunar 213/04/COL um Íbúðalánasjóð Íslands <sup>(7)</sup>,

með vísan til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 185/06/COL um að hefja formlega rannsókn að því er varðar Íbúðalánasjóð Íslands <sup>(8)</sup>,

eftir að hafa farið þess á leit við hagsmunaaðila að þeir legðu fram athugasemdir í samræmi við þessi ákvæði og með hliðsjón af athugasemdum þeirra

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

## I. MÁLSATVIK

## 1 Málsmeðferð

Með bréfi fastanefndar Íslands gagnvart Evrópusambandinu dagsettu 20. nóvember 2003, sem hafði að geyma bréf fjármálaráðuneytisins, dagsett sama dag, en bæði bréfin bárust Eftirlitsstofnun EFTA og voru skráð hjá henni 25. nóvember 2003 (skjalnr. 03-8227 A, nú skjalnr. 255584), tilkynntu stjórnvöld á Íslandi, skv. 3. mgr. 1. gr. I. hluta í bókun 3, hækkun á hámarksláni frá Íbúðalánasjóði Íslands (hér á eftir nefndur Íbúðalánasjóður) í allt að 90% af kaupverði húsnæðis.

<sup>(1)</sup> [Á ekki við í íslensku útgáfunni.]

<sup>(2)</sup> Nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(3)</sup> Nefnist „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(4)</sup> Nefnist „bókun 3“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(5)</sup> Leiðbeiningar um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókanar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti og gaf út 19. janúar 1994 og birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins* (Stjtið. EB, síðar Stjtið. ESB) L 231, 3.9.1994, bls. 1, og EES-viðbæti nr. 32, 3.9.1994, bls. 1. Leiðbeiningarnar breyttust síðast 19. desember 2007. Þær nefnast „Leiðbeiningar um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir. Uppfærð útgáfa af Leiðbeiningum um ríkisaðstoð er birt á vefsíðu Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/fieldsofwork/fieldstateaid/guidelines>

<sup>(6)</sup> Birt í Stjtið. ESB C 139, 25.5.2006, bls. 37, og EES-viðbæti nr. 26, 25.5.2006, bls. 1.

<sup>(7)</sup> Dómur frá 7. apríl 2006, mál E-9/04 *Samtök banka og verðbréfafyrirtækja á Íslandi* gegn *Eftirlitsstofnun EFTA* [2006], Dómasafn EFTA, bls. 42.

<sup>(8)</sup> Ákvörðun 185/06/COL frá 21. júní 2006 um að hefja formlega rannsókn að því er varðar Íbúðalánasjóð, Stjtið. ESB C 314, 21.12.2006, bls. 89, og EES-viðbætur nr. 63, 21.12.2006, bls. 1.

Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti ákvörðun 213/04/COL 11. ágúst 2004. Í þeirri ákvörðun komst stofnunin að þeirri niðurstöðu, án þess að hefja formlega rannsókn, að í íslenski löggjöf um Íbúðalánasjóð væri kveðið á um aðstoð til sjóðsins, en sú aðstoð væri samrýmanleg ríkis-aðstoðarreglunum, túlkuðum í samhengi við 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins.

Þessi ákvörðun var vefngd fyrir EFTA-dómstólnum með umsókn frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja á Íslandi; þau samtök hafa eftir það sameinast öðrum samtökum fjármála- og tryggingafyrirtækja og starfa nú undir nafninu Samtök fjármálafyrirtækja (hér á eftir skammstafað SFF). Með dómi frá 7. apríl 2006 í máli E-9/04 samþykkti EFTA-dómstóllinn umsóknina og ógilti ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 213/04/COL.

Þegar Eftirlitsstofnun EFTA komst að þeirri bráðabirgðaniðurstöðu, á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga, að hinar umdeildu aðstoðarráðstafanir fælu í sér nýja aðstoð, samþykkti hún 21. júní 2006 ákvörðun 185/06/COL um að hefja formlega rannsókn að því er varðar kerfi Íbúðalánasjóðs. Stofnunin sendi þessa ákvörðun til stjórnvalda á Íslandi með bréfi dagsettu 21. júní 2006 (skjalnr. 377864).

Ákvörðun 185/06/COL var birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau <sup>(9)</sup>. Eftirlitsstofnun EFTA fór þess á leit við hagsmunaaðila að þeir legðu fram athugasemdir sínar við þessa ákvörðun.

Með bréfi fastanefndar Íslands gagnvart Evrópusambandinu, dagsettu 20. nóvember 2006, sem barst Eftirlitsstofnun EFTA og var skráð hjá henni 21. nóvember 2006, bárust stofnuninni athugasemdir um ákvörðunina frá stjórnvöldum á Íslandi (skjalnr. 399173).

Með bréfi, dagsettu 24. nóvember 2006 (skjalnr. 399801), framsendi Eftirlitsstofnun EFTA athugasemdir stjórnvalda á Íslandi til SFF og hvatti SFF til að gera athugasemdir við framlagðar athugasemdir.

Eftirlitsstofnun EFTA bárust fleiri athugasemdir frá stjórnvöldum á Íslandi í bréfi fastanefndar Íslands gagnvart Evrópusambandinu, dagsettu 3. janúar 2007, sem barst Eftirlitsstofnuninni og var skráð hjá henni 4. janúar 2007 (skjalnr. 405009).

Með bréfi, dagsettu 31. janúar 2007, sem barst Eftirlitsstofnun EFTA og var skráð hjá henni 2. febrúar 2007 (skjalnr. 408361), svaraði SFF bréfi stofnunarinnar, dagsettu 24. nóvember 2006, og var það svar framsent stjórnvöldum á Íslandi 5. febrúar 2007 (skjalnr. 408509).

Með bréfi, dagsettu 28. febrúar 2007, sem barst Eftirlitsstofnun EFTA og var skráð hjá henni 1. mars 2007 (skjalnr. 411962), gerði SFF athugasemdir við ákvörðun stofnunarinnar 185/06/COL. Stofnunin framsendi stjórnvöldum á Íslandi þessar athugasemdir, svo að þau gætu gert athugasemdir við þær, með bréfi dagsettu 5. mars 2007 (skjalnr. 412290).

Með bréfi fastanefndar Íslands gagnvart Evrópusambandinu, dagsettu 5. mars 2007, sem barst Eftirlitsstofnun EFTA og var skráð 9. mars 2007 (skjalnr. 412950), svöruðu stjórnvöld á Íslandi athugasemdum SFF frá 31. janúar 2007.

Með bréfi, dagsettu 4. apríl 2007 (skjalnr. 415881), fór Eftirlitsstofnun EFTA fram á nánari skýringar á tilteknum atriðum frá stjórnvöldum á Íslandi.

Með bréfi fastanefndar Íslands gagnvart Evrópusambandinu, dagsettu 30. apríl 2007, sem barst Eftirlitsstofnun EFTA og var skráð hjá henni 30. apríl 2007 (skjalnr. 419451), svöruðu stjórnvöld á Íslandi bréfi stofnunarinnar, dagsettu 5. mars 2007.

Með bréfi fastanefndar Íslands gagnvart Evrópusambandinu, dagsettu 14. júní 2007, sem barst Eftirlitsstofnun EFTA og var skráð hjá henni 14. júní 2007 (skjalnr. 425255), svöruðu stjórnvöld á Íslandi bréfi stofnunarinnar, dagsettu 4. apríl 2007.

<sup>(9)</sup> Sjá 8. nmgr.



Nánari upplýsingar veittu fulltrúar stjórnvalda á Íslandi með tölvupósti 21. ágúst 2007 (skjalnr. 435379).

Með bréfi dagsettu 28. september 2007 (skjalnr. 442805) bað Eftirlitsstofnun EFTA um viðbótarupplýsingar frá stjórnvöldum á Íslandi varðandi ríkisábyrgð samkvæmt íslenskum lögum. Með bréfi fastanefndar Íslands gagnvart Evrópusambandinu, dagsettu 24. október 2007, sem barst stofnuninni og var skráð 25. október 2007 (skjalnr. 448739), svöruðu stjórnvöld á Íslandi þessari beiðni.

Fulltrúar Eftirlitsstofnunar EFTA og ríkisstjórnar Íslands tóku málið til nánari umfjöllunar á nokkrum fundum, og var sá síðasti þakkafundurinn sem haldinn var í Reykjavík 29. október 2007.

Með tölvupósti, dagsettum 27. nóvember 2007, lögðu lagalegir fyrirsvarsmenn SFF fram viðbótarupplýsingar að því er varðar rannsóknina á Íbúðalánasjóði (skjalnr. 454226).

Fjallað var um málið við kæranda á fundi 6. mars 2008 og í framhaldi af honum lagði kærandi fram fleiri athugasemdir, dagsettar 28. mars 2008 (skjalnr. 471552).

Ríkisstjórn Íslands lagði fram athugasemdir sínar um þessar síðustu framlögðu athugasemdir kæranda í bréfi þann 15. apríl 2008 (skjalnr. 473576).

## **2 Bakgrunnur fyrir íslenskar reglur á sviði húsnæðismála**

### **2.1 Inngangur**

Í eftirfarandi undirkafla verður lýst ákvæðum íslenskra laga að því er varðar húsnæðiskerfið. Lýsingin mun taka til laganna eins og þau voru við gildistöku EES-samningsins, en einnig er gerð grein fyrir lagabreytingum sem voru samþykktar síðar.

Í 3. undirkafla er lýst lagagrundvelli samkvæmt íslenskum lögum fyrir hvern hugsanlegan ríkis-aðstoðarþátt sem tilgreindur er í ákvörðun 185/06/COL um að hefja formlega rannsókn. Fjallað verður um lagaákvæði sem voru í gildi við gildistöku EES-samningsins, auk lagabreytinga.

### **2.2 Húsnæðiskerfið**

#### **2.2.1 Inngangur**

Síðastliðin 50 ár hafa opinber afskipti á íslenskum húsnæðismarkaði miðast við að hvetja einstaklinga til að kaupa íbúðir. Árið 1955 var lagður grunnur fyrir kerfisbundna þátttöku ríkisins, að því er varðar stefnumótun á sviði húsnæðismála og veitingu lána til íbúðakaupa. Húsnæðisstofnun ríkisins var stofnuð með lögum nr. 51/1980 og veitti hún m.a. lán með vildarkjörum til þeirra sem voru að kaupa sér íbúðir.

Árið 1986 gekkst húsnæðislánakerfið undir tilteknar breytingar, sem höfðu m.a. í för með sér að lífeyrissjóðir fjármögnuðu kerfið að hluta. Íslensku bankarnir fjármögnuðu yfirleitt ekki íbúðakaup. Þegar Húsnæðisstofnun veitti húsnæðislán undir markaðsgengi varð eftirspurnin töluvert meiri í kjölfarið og á móti gekk of mikið á fjármagn lífeyrissjóðanna. Til þess að bæta þetta ástand og til að mynda meira fjármagn til að fjármagna húsnæðiskaup voru tekin upp húsbref árið 1989 og verður þeim ítarlega lýst hér á eftir.

## 2.2.2 *Lög nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins*

### 2.2.2.1 Inngangur

Við gildistöku EES-samningsins 1. janúar 1994 giltu lög nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þessi lög voru í rauninni samsteypt útgáfa af lögum nr. 86/1988, með sama titli, sem höfðu gengist undir fjölmargar breytingar <sup>(10)</sup>.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 97/1993 var tilgangurinn með þeim að stuðla að öryggi landsmanna í húsnæðismálum með lánveitingum og með skipulagi húsnæðismála og húsbýgginga. Ennfremur áttu þau að stuðla að jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum yrði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks á að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Samkvæmt skilmálum laga nr. 97/1993 voru fjórar mismunandi opinberar stofnanir starfræktar í húsnæðiskerfinu, nánar tiltekið: Húsnæðisstofnun ríkisins, Húsnæðismálastjórn ríkisins, Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna.

### 2.2.2.2 Húsnæðisstofnun ríkisins og Húsnæðismálastjórn ríkisins

Mælt var fyrir um lagagrundvöll fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins í 2. gr. laganna. Samkvæmt því ákvæði var Húsnæðisstofnunin ríkisstofnun sem laut sérstakri stjórn (Húsnæðismálastjórn ríkisins) innan stjórnáráðs félagsmálaráðherra sem fór með öll mál sem tengdust húsnæðismálum. Stofnunin átti að fara með og framkvæma verkefni á sviði húsnæðismála sem opinber yfirvöld höfðu umboð fyrir samkvæmt lögunum.

Félagsmálaráðherra hafði heimild til að gefa út reglugerð til að ákveða ítarlega uppbyggingu stofnunarinnar, sbr. 3. gr. laganna. Ráðherra var einnig veitt heimild til að sameina heildarrekstur, starfsemi og mannauð tveggja eða fleiri deilda, stofnana og sjóða sem kveðið var á um í lögunum. Kostnaði við rekstur Húsnæðisstofnunar ríkisins átti að skipta milli sjóðanna sem Húsnæðisstofnunin starfrækti að teknu tilliti til gildissviðs starfsemi þeirra og útistandandi eigna í lok reikningsársins.

Húsnæðisstofnun ríkisins heyrði undir Húsnæðismálastjórn ríkisins („Húsnæðismálastjórn“) sem var skipuð sjö mönnum sem kjörnir voru á Alþingi eftir hverjar Alþingiskosningar, sbr. 4. gr. laganna. Samkvæmt 5. gr. laganna átti Húsnæðismálastjórn að sjá um fjárhag, rekstur og aðra starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Hún átti einnig að gæta þess að Húsnæðisstofnun starfaði í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Jafnframt bar Húsnæðismálastjórn m.a. ábyrgð á að úthluta framkvæmdaraðilum lánnum til félagslegra íbúða.

Húsnæðismálastjórn ríkisins hafði einnig heimild til að ákveða nýja lánaflokka að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, sbr. 2. mgr. 11. gr. Nánari lýsingar varðandi ákvæði vegna lánanna voru í 12. til 15. gr. laganna.

### 2.2.2.3 Byggingarsjóður ríkisins

Mælt var fyrir um hlutverk og verkefni Byggingarsjóðs ríkisins í 8. gr. laga nr. 97/1993. Samkvæmt því ákvæði átti sjóðurinn að annast lánveitingar og sinna húsbrefaviðskiptum í samræmi við ákvæði laganna og reglugerða sem grundvallast á þeim. Byggingarsjóður bar einnig ábyrgð á lántökum og lánveitingum sem áttu sér stað úr sjóðnum eða ákveðið yrði að taka upp í framtíðinni. Í 9. gr. laganna var mælt fyrir um hvernig afla skyldi fjár í Byggingarsjóð ríkisins sem hér segir:

1. *Með tekjum af eigin fé sjóðsins, þ.e. afborgunum, vöxtum og verðtryggingu af veittum lánnum.*
2. *Með árlegu framlagi úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum.*

<sup>(10)</sup> Samruninn fór fram í samræmi við lög nr. 61/1993 um breytingu á lögum nr. 86/1988 og öðlaðist gildi 12. ágúst 1993.

3. *Með sölu skuldabréfa til Atvinnuleysistryggingasjóðs, til lífeyrissjóða samkvæmt samningum Húsnæðisstofnunar við lífeyrissjóði, svo og með öðrum lántökum samkvæmt nánari ákvörðun í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hverju sinni.*

Ákvæði 11. gr. laganna heimiluðu Byggingarsjóði ríkisins að veita lán í eftirfarandi flokkum, enda hefði verið gert ráð fyrir þessum lánveitingum í fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir viðkomandi ár:

- „1. *Lán til bygginga heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða.*
2. *Sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir.*
3. *Lán eða styrk til tækninýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði.*“

Öll lán frá Byggingarsjóði ríkisins skyldu vera að fullu verðtryggð, sbr. 16. gr. laganna. Hvert lán skyldi tryggt með 1. eða 2. veðrétti í þeirri íbúð sem lánað var til. Jafnframt mátti ákveða að veitt lán og áhvílandi mætti ekki fara fram úr tilteknu hlutfalli af kaupverði, fasteignamati eða brunabótamati.

#### 2.2.2.4 Húsbréf

Eins og þegar hefur komið fram var hinu svokallaða húsbréfakerfi komið á laggirnar 1989. Til samræmis við það var Byggingarsjóði ríkisins heimilt, skv. 18. gr. laga nr. 97/1993, að starfrækja sérstaka húsbréfadeild sem var með aðskilinn fjárhag frá annarri starfsemi sjóðsins. Samkvæmt 19. gr. laganna var hlutverk húsbréfadeildarinnar sem hér segir:

- „a. *Að gefa út flokka markaðshæfra skuldabréfa í nafni Byggingarsjóðs ríkisins, hér eftir nefnd húsbréf, og með þeim kjörum og skilmálum sem ákveðin eru með lögum þessum eða reglugerð.*
- b. *Að skipta á húsbréfum og fasteignaveðbréfum sem gefin eru út með veði í íbúðarhúsnæði í tengslum við fasteignaviðskipti, nýbyggingar og meiri háttar viðbyggingar, endurbætur og endurnýjun á notuðu íbúðarhúsnæði [...].*
- c. *Að stuðla að því að húsbréf séu ávallt seljanleg á markaði.*“

Húsbréfakerfið var ekki hefðbundið veðlánakerfi heldur skuldabréfaskiptakerfi sem fólst í því að íbúðarkaupendur sóttu um til húsbréfadeildar að gefin yrðu út veðbréf með veði í eigninni sem verið var að kaupa. Húsbréfadeildin keypti síðan þessi veðbréf af íbúðarkaupandanum og greiddi fyrir þau með því að ráðstafa húsbréfum til seljanda. Síðan var frjálst að versla með þessi húsbréf á veðbréfamarkaði. Seljandinn gat selt bréfin á veðbréfamarkaði, notað þau til að greiða með eða haldið þeim.

Samkvæmt 21. gr. laganna hafði húsbréfadeildin heimild til að áskilja sér vaxtaálag til að mæta rekstrarkostnaði og áætluðu útlánatapi. Félagsmálaráðherra skyldi ákveða vaxtaálagið að fengnum tillögum frá Húsnæðismálastjórn ríkisins.

Hámarkslánstími á fasteignaveðbréfum er húsbréfadeild keypti mátti vera 25 ár, sbr. 26. gr. laganna. Samkvæmt 27. gr. voru þessi fasteignaveðbréf gjaldgeng í skiptum fyrir húsbréf fyrir fjárhæð sem nam allt að 75 % af matsverði fasteignar. Félagsmálaráðherra hafði heimild til að ákveða hámarkshlutfall þetta með reglugerð og gat hann samkvæmt henni ákveðið hærra hlutfall vegna nýbygginga eða kaupa á íbúð í fyrsta sinn. Samkvæmt 29. gr. laganna skyldi húsbréfadeildin stuðla að því að greið sala væri á húsbréfum á markaðinum. Í því skyni skyldi deildin leita eftir samstarfi við banka, lífeyrissjóði og aðra aðila á fjármagnsmarkaði. Jafnframt var Byggingarsjóði ríkisins heimilt að ráðstafa hluta af fjárráðum sínum til viðskipta með húsbréf í því skyni að stuðla að jafnvægi á markaðinum.

Í lögnum sjálfum var ekki kveðið á um hverjir væru lánshæfir samkvæmt húsbréfakerfinu. Hins vegar var mælt fyrir um slíkar reglur í reglugerð nr. 467/1991 um húsbréfadeild og húsbréfavíðskipti. Að því er varðar lán til fyrirtækja var kveðið á um í reglugerðinni að byggingaverktakar ættu rétt á láni frá kerfinu. Byggingarverktaki var skilgreindur sem

viðurkenndur aðili sem byggir og selur íbúðir sem fulllokið er við í samræmi við viðkomandi atvinnustaðla, sbr. 1. gr. reglugerðarinnar. Mælt var fyrir um reglur um lánveitingar til nýbygginga í 10. gr. reglugerðarinnar og í 25. gr. var gerð sérstök krafa til verkataka um að þeir legðu fram tryggingu frá fjármálastofnun eða sveitarfélagi.

#### 2.2.2.5 Byggingarsjóður verkamanna

Hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna var að annast lánveitingar til félagslegra íbúða með það að markmiði að bæta úr húsnæðisþörf þess fólks sem þarfnadist til þess sérstakrar fyrirgreiðslu, sbr. 47. gr. laganna. Í 48. gr. var fjallað um fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna sem var aflað eins og hér segir:

- „a. með tekjum af eigin fé sjóðsins, þ.e. afborgunum, vöxtum og verðtryggingu af veittum lánum,*
- b. með árlegum framlögum úr ríkissjóði eins og kveðið er á um í fjárlögum hverju sinni,*
- c. með láni sveitarfélags til Húsnæðisstofnunar ríkisins, sbr. 42. gr.,*
- d. með sölu skuldabréfa til lífeyrissjóða samkvæmt samningum Húsnæðisstofnunar ríkisins við lífeyrissjóði,*
- e. með sérstökum lántökum sem ákveðnar verða í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hverju sinni þegar ráðstöfunarfé samkvæmt a–d-liðum nægir ekki til áformaðra framkvæmda.“*

Lánaflokkar Byggingarsjóðs verkamanna voru skráðir í 50. gr. laganna og voru sem hér segir:

- „1. lán til félagslegra kaupleiguíbúða, (fyrir 90 % af kaupverði),*
- 2. lán til félagslegra eignaríbúða, (fyrir 90 % af kaupverði),*
- 3. lán til félagslegra leiguíbúða, (fyrir 90 % af kaupverði),*
- 4. lán til almennra kaupleiguíbúða, (fyrir 70 % og 20 % af kaupverði). [...]“*

Lán til félagslegra íbúða veitti Húsnæðismálastjórn úr Byggingarsjóði verkamanna, sbr. 52. gr. laganna. Lánshlutfall mátti nema allt að 90 % af byggingarkostnaði eða kaupverði, þó aldrei meira en 90 % af þeim kostnaðargrundvelli sem Húsnæðismálastjórn hafði samþykkt, að frádrögnum 3,5 % sérstöku framlagi sveitarfélaga til hverrar félagslegrar íbúðar, sbr. 2. mgr. 42. gr. laganna <sup>(1)</sup>. Að því er varðar rétt til félagslegrar aðstoðar kom fram í 64. gr. laganna að réttur til að fá lán fyrir félagslegri eignaríbúð eða félagslegri kaupleiguíbúð væri bundinn við þá sem uppfylltu eftirfarandi skilyrði:

- „a. Eiga ekki íbúð fyrir eða samsvarandi eign í öðru formi.*
- b. Hafa haft meðaltekjur síðustu þrjú árin áður en úthlutun fer fram sem svarar eigi hærrí fjárhæð en [...]. Tekjumörk þessi skulu ákvörðuð af húsnæðismálastjórn í upphafi hvers árs [...].*
- c. Sýna fram á greiðslugetu sem metin er hjá húsnæðisnefnd sveitarfélaga [...]“*

Í 65. gr. var kveðið á um að þeir sem sóttu um félagslegar leiguíbúðir þyrftu að uppfylla skilyrðin í staflíð a og b.

Eiganda félagslegrar íbúðar, sem hugðist selja íbúð sína, bar að tilkynna það húsnæðisnefnd eða öðrum framkvæmdaraðila, sbr. 85. gr. laganna. Framkvæmdaraðili keypti íbúðina og seldi að nýju samkvæmt ákvæðum laganna og þeirra reglugerða sem settar voru samkvæmt þeim. Við kaup á íbúðinni skyldi seljandi fá endurgreitt það fjármagn sem hann lagði fram við kaup íbúðarinnar og þær afborganir sem hann hafði greitt af láni Byggingarsjóðs verkamanna frá því að kaupsamningur var gerður. Í 86. gr. var kveðið á um að sveitarfélögin önnuðust útreikning á söluverði félagslegra íbúða.

<sup>(1)</sup> Í VIII. kafla laga nr. 97/1993 var mælt fyrir um reglur um húsnæðissamvinnufélög. Þessar reglur voru ekki yfirferðar í lög um húsnæðismál frá 1998. Eins og sakir standa falla húsnæðissamvinnufélög undir sérstök lög nr. 66/2003. Réttur þessara samvinnufélaga til lána frá Íbúðalánasjóði fellur undir gildissvið ákvæða VIII. kafla laga um húsnæðismál, sbr. staflíð d í 5. gr. laga nr. 66/2003.

### 2.2.3 Lög um húsnæðismál nr. 44/1998

#### 2.2.3.1 Inngangur – helstu breytingar

Lög um húsnæðismál nr. 44/1998 öðluðust gildi 1. janúar 1999. Íbúðalánasjóður var stofnaður með þeim lögum. Jafnframt féllu úr gildi framangreind lög nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Samkvæmt 1. gr. laga um húsnæðismál er tilgangur laganna að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn búi við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum sé sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Með öðrum orðum samsvarar tilgangur laganna að öllu leyti því sem mælt var fyrir um í 1. gr. fyrrnefndra brottfallinna laga nr. 97/1993.

Í frumvarpi til laga sem síðar varð lög um húsnæðismál var helstu breytingum lýst með eftirfarandi hætti:

*„Stærsta breytingin sem felst í frumvarpinu lýtur að félaglega [sic] íbúðakerfinu. Er sú grundvallarbreyting lögð til að byggingu og kaupum á félagslegum eignaríbúðum verði hætt og í stað þess tekið upp nýtt félaglegt íbúðalánakerfi. Að megin stefnu til eru nógildandi ákvæði til byggingar leiguíbúða óbreytt, en lagt til að ákvæði um kaupleiguíbúðir verði felld brott. Auk þessa sem hér hefur verið rakið eru sett í sjálfstætt frumvarp ákvæði um byggingar- og húsnæðissamvinnufélög.*

*Helstu breytingar frumvarpsins má að öðru leyti greina í þrjú þætti. Í fyrsta lagi lúta þær að félagslegri aðstoð við einstaklinga. Í öðru lagi að þátttöku sveitarfélaga í slíkri aðstoð og í þriðja lagi að breytingum sem snerta uppbyggingu og skipulag húsnæðismála“<sup>(12)</sup>*

Þegar félagsmálaráðherra lagði frumvarpið fyrir á Alþingi skýrði hann frá helstu lagalegu breytingunum sem áætlaðar voru samkvæmt hinu nýja frumvarpi með eftirfarandi hætti:

*„Helstu atriðin eru þessi:*

*Húsnæðisstofnun ríkisins verður lögð niður.*

*Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna verða sameinaðir í Íbúðalánasjóð og eignir Húsnæðisstofnunar renna jafnframt til hans. [...]*

*Húsbréfakerfið helst óbreytt í almennum húsnæðisviðskiptum. Íbúðalánasjóður á að verða sjálfbær með tímanum. Einn liður í því er að gert er ráð fyrir skuldbreytingum eldri lána sem Íbúðalánasjóður hefur tekið. Með skuldbreytingunni er hægt að ná umtalsvert betri kjörum en byggingarsjóðirnir búa við í dag. Þessi sjóður verður mjög sterkur. Hann á mikið eigið fé, 26 milljarða, og mun eiga kost á bestu lánskjörum.“<sup>(13)</sup>*

#### 2.2.3.2 Stofnanauppbygging

Íbúðalánasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins er lýtur sérstakri stjórn og heyrir stjórnarfarslega undir félagsmálaráðherra, sbr. 4. gr. laga um húsnæðismál. Sjóðurinn kom í stað Húsnæðisstofnunar ríkisins. Samkvæmt 7. gr. skipar félagsmálaráðherra fimm menn í stjórn Íbúðalánasjóðs til fjögurra ára í senn. Í 8. gr. er kveðið á um að stjórn Íbúðalánasjóðs skuli ráða framkvæmdastjóra og hann skuli annast daglegan rekstur skrifstofu sjóðsins, ráða starfsfólk o.s.frv.

Eins og að framan greinir voru bæði Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna lagðir niður með lögum um húsnæðismál. Við gildistöku laga þessara voru Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna lagðir niður og sameinaðir. Frá sama tíma tók Íbúðalánasjóður við hlutverki, réttindum, eignum, skuldum og skuldbindingum beggja sjóðanna, sbr. 53. gr. laganna. Réttindi og undanþágur, sem sjóðirnir nutu samkvæmt gildandi lögum, skyldu taka til Íbúðalánasjóðs. Íbúðalánasjóður tók við öllum réttindum og öllum skyldum tengdum skuldaskjölum í eigu Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna og aðild að dómsmálum sem þeir ráku eða rekin voru gegn þeim.

<sup>(12)</sup> Sjá <http://www.althingi.is/alttext/122/s/0877.html>.

<sup>(13)</sup> Sjá <http://www.althingi.is/alttext/122/03/r06115030.sgml>.

Lögbundin verkefni Íbúðalánasjóðs eru tilgreind í 9. gr. laga um húsnæðismál og eru m.a. þessi:

1. *Að annast lánveitingar og sinna húsbrefaviðskiptum í samræmi við ákvæði laga þessara.*
2. *Að annast lánveitingar til sveitarfélaga, félaga og félagasamtaka til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði. [...]*

Íbúðalánasjóður er fjármagnaður með sama hætti og Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna á sínum tíma, samkvæmt þágildandi lögum nr. 97/1993, þ.e. 1) með tekjum af eigin fé sjóðsins og 2) með útgáfu og sölu íbúðabréfa, sbr. 10. gr. laga um húsnæðismál. Hins vegar var kerfinu, sem mælt var fyrir um í lögum nr. 97/1993, varðandi fjármögnun með beinum framlögum úr ríkissjóði, ekki viðhaldið í lögum um húsnæðismál.

Samkvæmt 11. gr. laga um húsnæðismál skal Íbúðalánasjóður varðveita og ávaxta það fé sem hann hefur umsjón með. Stjórn Íbúðalánasjóðs getur, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, tekið ákvörðun um að fela öðrum varðveislu eigna sjóðsins, að nokkru leyti eða öllu. Þess skal gætt að sjóðurinn hafi jafnan nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar.

### 2.2.3.3 Lánaflokkar

#### 2.2.3.3.1 Þrjár gerðir lána

Í 15. gr. laga um húsnæðismál var mælt fyrir um að Íbúðalánasjóður annaðist lánveitingar samkvæmt þremur lánafökkum<sup>(14)</sup>. Flokkarnir eru:

- *Almenn lán* skv. VI. kafla laganna til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði.
- *Viðbótarlán* til einstaklinga skv. VII. kafla laganna til byggingar eða kaupa á eigin íbúðarhúsnæði.
- *Lán til leigubúða* til sveitarfélaga, félagasamtaka og félaga skv. VIII. kafla laganna til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði til útleigu.

Samkvæmt 1. málslíð 16. gr. var Íbúðalánasjóði heimilt, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, að stofna til nýrra lánaflokka.

#### 2.2.3.3.2 Almenn lán

Samkvæmt upphaflegum lögum um húsnæðismál gildi áfram kerfi almennra húsnæðislána sem hafði verið innleitt með húsbrefakerfinu 1989 og gildi einnig samkvæmt lögum nr. 97/1993<sup>(15)</sup>. Nýju lög in fólu ekki í sér breytingar á þessum lánaflokki. Til þess að annast almenn lán skyldi Íbúðalánasjóður starfrækja húsbrefadeild eins og Húsnæðisstofnun ríkisins hafði áður starfrækt og var fjárhagur deildarinnar aðskilinn frá öðrum þáttum í starfsemi Íbúðalánasjóðs, sbr. 17. gr. laga um húsnæðismál.

Hlutverki húsbrefadeildar var lýst þannig:

1. *Að gefa út flokka markaðshæfra húsbrefa í nafni Íbúðalánasjóðs með þeim kjörum og skilmálum sem ákveðin eru með lögum þessum eða reglugerð.*
2. *Að skipta á húsbrefum og fasteignaveðbrefum.*
3. *Að stuðla að því að greið sala sé á húsbrefum á markaði. [...]*

Fasteignaveðbref skyldi vera verðtryggt og hafa sömu lánskjör og þau húsbref sem skipta átti fyrir fasteignaveðbrefið, að viðbættu föstu vaxtaálagi, sbr. 19. gr. laganna. Húsbrefadeildinni var heimilt að áskilja sér vaxtaálag til að mæta rekstrarkostnaði og áætluðum útlánatöpum, sbr. 28. gr. laganna. Félagsmálaráðherra skyldi ákveða vaxtaálag þetta, að fengnum tillögum stjórnar Íbúðalánasjóðs.

<sup>(14)</sup> Eins og tilgreint er hér á eftir var einn flokkurinn, viðbótarlán, felldur niður með lögum nr. 120/2004, sbr. undirkafla 2.2.3.4.2.

<sup>(15)</sup> Með lögum nr. 57/2004 voru ákvæði í tengslum við húsbref felld brott þegar Íbúðalánasjóður hóf að veita staðgreiðslulán sbr. undirkafla 2.2.3.4.1.

Skipta mátti fasteignaveðbréfum fyrir húsbref fyrir fjárhæð sem nam allt að 70% af matsverði fasteignar, ef eigandi var að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð, en annars allt að 65% af matsverði íbúðar, sbr. 19. gr. laganna; með öðrum orðum, mælt var fyrir um lækkun á fyrri 75% efri mörkum matsverðsins í fyrrnefndri 27. gr. eldri laga nr. 97/1993. Félagsmálaráðherra gat með reglugerð ákveðið hámarksfjölda fasteignaveðbréfa sem húsbrefadeild keypti fyrir hverja eign. Samkvæmt 21. gr. laganna var hámarkslánstími á fasteignaveðbréfum, er húsbrefadeild keypti, 40 ár. Mælt var fyrir um frekari reglur varðandi húsbref í reglugerð nr. 7/1999 um húsbref og húsbrefaviðskipti.

Að því er varðar lán til byggingarverktaka endurspegluðu reglurnar í þeirri reglugerð reglurnar sem mælt var fyrir um í fyrri reglugerð 467/1991 með sama titli sem átti stoð í eldri brottföllnum lögum <sup>(16)</sup>.

Eins og sjá má af því, sem hér hefur verið rakið, hélst skuldabréfaskiptakerfið óbreytt eftir að lög um húsnæðismál öðluðust gildi. Húsbrefadeild Íbúðalánasjóðs hafði umboð til að gegna sama hlutverki og sama deild hafði innt af hendi hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. 19. gr. laga nr. 97/1993 og 17. gr. laga um húsnæðismál, sem vísað er til hér á undan. Þetta er einnig stutt með athugasemdum við VI. kafla frumvarpsins, sem síðar varð að lögum um húsnæðismál, um að í kaflanum væru samsvarandi efnisákvæði og í IV. kafla laga nr. 97/1993 <sup>(17)</sup>.

### 2.2.3.3.3 Viðbótarlán

Með lögum um húsnæðismál bættist við nýr lánaflokkur í húsnæðiskerfinu fyrir tekjuminna fólki, nefndur viðbótarlán. Þessi lán voru veitt ofan á almenn lán og komu í stað nokkurra félagslegra lánaflokka sem höfðu stoð í lögum nr. 97/1993. Viðbótarlánin voru síðar felld niður <sup>(18)</sup>. Samkvæmt 30. gr. skyldi Íbúðalánasjóður, að beiðni húsnæðisnefndar sveitarfélaga, veita einstaklingum, sem rétt áttu á almennu láni til kaupa á eigin íbúð, viðbótarlán sem mátti nema allt að 25% af matsverði íbúðar. Rétt eins og gildi um félagsleg lán, sem veitt voru í eldra kerfi samkvæmt lögum nr. 97/1993 áður en Íbúðalánasjóður var stofnaður, gat heildarlánveiting frá Íbúðalánasjóði (almennt lán og viðbótarlán) ekki farið yfir 90% af matsverði íbúðar.

Félagsmálaráðherra skyldi setja nánari fyrirmæli í reglugerð um skilyrði fyrir veitingu viðbótarlána. Við veitingu viðbótarlána skyldi höfð hliðsjón af fjölskyldustærð, eignum, tekjum, íbúðarstærð og gerð húsnæðis. Félagsmálaráðherra gaf út reglugerð nr. 783/1998 um viðbótarlán þar sem ítarlega var mælt fyrir um þau skilyrði sem umsækjendur þurftu að uppfylla til þess að eiga rétt á viðbótarláni. Í 5. og 6. gr. reglugerðarinnar var kveðið á um að umsækjandi mætti ekki fara yfir ákveðin tekju- og eignamörk til þess að eiga rétt á viðbótarláni <sup>(19)</sup>. Í 8. gr. var tilgreint að leggja yrið mat á greiðslugetu umsækjanda. Í 4. gr. var tilgreint að sveitarfélögum væri heimilt að setja nánari fyrirmæli um þau atriði er húsnæðisnefndirnar skyldu líta til. Þessi atriði gátu varðað húsnæðisaðstæður, ástand og gerð húsnæðis, fjölskyldustærð og heilsufar <sup>(20)</sup>. Helstu viðmiðanirnar við ákvörðun um hvort umsækjandi átti rétt á félagslegu láni voru því áfram að hann væri eigna- og tekjulítill eins og var samkvæmt reglunum sem giltu fyrir setningu laga um húsnæðismál.

Ólíkt áðurgildandi ákvæðum laga nr. 97/1993 höfðu lög um húsnæðismál ekki að geyma ákvæði um lán til svokallaðra félagslegra kaupleiguíbúða. Þá voru engin ákvæði í lögum um húsnæðismál um sölu félagslegra íbúða heldur var heimilt að selja þær á almennum markaði með fyrirvara um skilyrði sem tilgreind voru í 32. gr. laganna um húsnæðismál.

<sup>(16)</sup> Sbr. undirkafla 2.2.2.4 hér á undan.

<sup>(17)</sup> <http://www.althingi.is/altext/122/s/0877.html>

<sup>(18)</sup> Þessi viðbótarlán voru felld niður með lögum nr. 120/2004, sbr. undirkafla 2.2.3.4.2 hér á eftir.

<sup>(19)</sup> Einstaklingur mátti ekki hafa hærri tekjur en sem nam 1 620 000 kr. og eignamörk voru 1 900 000 kr. Þessar tölur skyldu uppfærðar árlega.

<sup>(20)</sup> Til að bæta hugsanlegt útlánatap Íbúðalánasjóðs vegna þessara viðbótarlána var kveðið á um það í 43. gr. laga um húsnæðismál að sveitarfélögin skyldu eiga og starfrækja svokallaðan varasjóð sem Íbúðalánasjóður sæi um. Samkvæmt 44. gr. bætur varasjóðurinn tjón sem Íbúðalánasjóður verður fyrir vegna útlánatapa á viðbótarlánnum. Í 45. gr. var kveðið á um að sveitarfélögin skyldu upphaflega greiða framlag sem næmi 5% af hverju viðbótarláni sem veitt væri í sveitarfélaginu.

#### 2.2.3.3.4 Leiguíbúðir

Reglur um þriðja lánaflokkinn, lán til leiguíbúða, er að finna í VIII. kafla laga um húsnæðismál. Samkvæmt 33. gr. getur Íbúðalánasjóður veitt sveitarfélögum, félögum og félagasamtökum, er hafa að markmiði að byggja, eiga og hafa umsjón með rekstri leiguhúsnæðis, lán til byggingar eða kaupa leiguíbúða. Lánshlutfall mátti nema allt að 90% af byggingarkostnaði eða kaupverði, þó aldrei meira en 90% af þeim kostnaðargrundvelli sem stjórn Íbúðalánasjóðs samþykkti, sbr. 36. gr. laganna. Samkvæmt 37. gr. laganna fer um rétt til leiguhúsnæðis eftir félagslegum aðstæðum umsækjanda og því hvort tekjur hans og eignir eru innan tekju- og eignamarka sem nánar er kveðið á um í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur.

Í almennum athugasemdum við VIII. kafla frumvarps til laga um húsnæðismál kom fram að hvað varðar þessa tegund lána giltu sömu reglur að mestu áfram og giltu samkvæmt eldri lögum nr. 97/1993<sup>(21)</sup>. Samkvæmt því er þessi lánaflokkur í grundvallaratriðum sá sami og áður var kveðið á um í reglum varðandi Byggingarsjóð verkamanna. Hámarkslán í þessum lánaflokki gat numið allt að 90% af byggingarkostnaði eða kaupverði, bæði samkvæmt ákvæðum laga um húsnæðismál og laga nr. 97/1993. Á svipaðan hátt miðaðist réttur til slíkra leiguíbúða við félagslega þörf, t.d. litlar sem engar eignir og lágar tekjur.

#### 2.2.3.4 Breytingar sem gerðar voru árið 2004

##### 2.2.3.4.1 Lög nr. 57/2004

Tvenn lög um breytingu á lögum um húsnæðismál voru samþykkt árið 2004, lög nr. 57/2004 og lög nr. 120/2004. Með lögum nr. 57/2004, sem öðluðust gildi 1. júlí 2004, var skuldabréfaskiptakerfið fellt niður. Þess í stað var tekið að greiða almenn lán Íbúðalánasjóðs út í peningum. Aðalmarkmiðinu með breytingunum var lýst með eftirfarandi hætti í frumvarpinu:

*„Það frumvarp sem hér er lagt fram hefur það að markmiði að tryggja landsmönnum hagkvæmari húsnæðislán í gegnum Íbúðalánasjóð með ódýrari fjármögnun á almennum lánamarkaði. Þessu markmiði á að ná með endurskipulagningu á verðbréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs sem eykur hagkvæmni fjármögnunar [og] sniður af helstu agnúa sem eru á núverandi útgáfu [...]“*<sup>(22)</sup>

Eftir breytingarnar var eftirfarandi ákvæði að finna í 19. gr. laga um húsnæðismál:

*„Lán Íbúðalánasjóðs eru greidd út í peningum. Áður en kemur til útgreiðslu láns skal lántaki gefa út ÍLS-veðbréf og þinglýsa því. ÍLS-veðbréf skal vera verðtryggt með vísitölu neysluverðs, sbr. lög um vísitölu neysluverðs, og bera vexti skv. 21. gr.“*

Ákvæðum 2. og 3. tölul. 10. gr. laganna, er varðar tekjur sjóðsins, var breytt í samræmi við afnám húsbúðakerfisins:

*„Íbúðalánasjóður fjármagnar þau verkefni sem honum eru falin samkvæmt lögum þessum með þeim hætti sem hér segir:*

- 1. Með tekjum af eigin fé sjóðsins, þ.e. afborgunum, vöxtum og verðtryggingu af veittum lánunum.*
- 2. Með útgáfu og sölu íbúðabréfa og lántöku samkvæmt fjárlögum hverju sinni*
- 3. Með þjónustugjöldum skv. 49. gr.“*

<sup>(21)</sup> <http://www.althingi.is/alttext/122/s/0877.html>.

<sup>(22)</sup> Úr frumvarpi til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.



Enda þótt þjónustugjöld hefðu ekki verið tilgreind áður í 10. gr. sem fjáröflunarleið var 49. gr., sem vísað er til, hluti af lögnum frá því að þau öðluðust gildi og hafði ekki verið breytt. Með 5. gr. laga nr. 57/2004 bættust tvær nýjar málsgreinar við 11. gr. laga um húsnæðismál um stýringu eigna og skulda:

*„Íbúðalánasjóður skal halda jafnvægi milli inn- og útgreiðslna sjóðsins og gera áætlanir þar um. Sjóðurinn skal koma upp áhættustýringarkerfi í því skyni.*

*Íbúðalánasjóði er heimilt að eiga viðskipti með fjármögnunarbréf sín og önnur verðbréf. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um áhættuviðmið, áhættustýringu, innra eftirlit og viðskipti sjóðsins með verðbréf að fenginni umsögn stjórnar Íbúðalánasjóðs og Fjármálaeftirlisins.“*

Nokkrar breytingar aðrar voru gerðar með lögum nr. 57/2004. Þær tengdust að mestu atriðum sem líta má á sem tæknilegar breytingar í tengslum við afnám skuldabréfaskiptakerfisins, sbr. 9. til 20. gr. breytinga laganna. Þessi lög breyttu engu að því er varðaði meginatriði almennra lána eða hver átti rétt á þeim.

#### 2.2.3.4.2 Lög nr. 120/2004

Með lögum nr. 120/2004, sem öðluðust gildi 3. desember 2004, var almenn lánveiting Íbúðalánasjóðs hækkuð í 90% af matsverði eignar úr 70% eldra hámarki og félagsmálaráðherra fékk heimild til að breyta þeirri fjárhæð með reglugerð, sbr. 19. gr. laga um húsnæðismál. Þá féll brott VII. kafli laganna, um viðbótarlán, sökum hækkunar á hámarks hlutfalli almennra lána. Í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins, þar sem VII. kafli laga um húsnæðismál, um viðbótarlán, er felldur brott, var m.a. gefin svohljóðandi skýring:

*„Verði frumvarpið að lögum munu allir íbúðakaupendur eiga kost á 90% lánnum og þörf fyrir viðbótarlán verður því ekki lengur fyrir hendi. Vextir viðbótarlána voru framan af ári 2004 5,3% eða umtalsvert hærrí en vextir af almennum lánnum eftir breytingar á skuldabréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs sem tóku gildi 1. júlí 2004. Frá því í septembermánuði bera viðbótarlán sömu vexti og almenn lán. Þessi breyting hefur því haft í för með sér verulega betri lánskjör fyrir tekju- og eignaminni kaupendur. Ekki eru því forsendur fyrir sérstökum lánaflokkum fyrir þann hóp við núverandi aðstæður.“ (23)*

Félagsmálaráðherra hefur nýtt sér valdheimildir sínar samkvæmt ofangreindum lögum. Hámarks slánshlutfall hefur verið lækkað í 80% og hækkað aftur í 90% en síðan lækkað á ný í 80% og er það núgildandi hámark (24).

### 3 Lagagrundvöllur hugsanlegra ríkisaðstoðarpáttá samkvæmt íslenskum lögum

Í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hefja formlega rannsókn voru tilgreind eftirtalin fimm atriði sem hugsanlegt væri að telja til ríkisaðstoðar:

- Ríkisábyrgð
- Undanþága frá tekju- og eignarskatti
- Niðurgreiddir vextir
- Undanþága frá greiðslu arðs
- Íbúðalánasjóður undanþeginn eiginfjárkröfum og reglum um lágmarksgjaldþol

(23) Sjá <http://www.althingi.is/altext/131/s/0223.html>.

(24) Sjá reglugerð nr. 540/2006, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð 587/2007. Í reglugerðinni er einnig mælt fyrir um hámarks slán sem nú er 18 milljónir kr.

### 3.1 *Ríkisábyrgð*

Íbúðalánasjóður er ríkisstofnun sem fellur undir gildissvið opinbers réttar, sbr. 4. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál, sbr. einnig 2. gr. brottfallinna laga nr. 97/1993. Sem slíkur nýtur hann ríkisábyrgðar á öllum skuldbindingum sínum samkvæmt almennum óskráðum reglum opinbers íslensks réttar sem gilda um allar ríkisstofnanir.

Þessi óskráða regla íslensks réttar er eldri en EES-samningurinn. Í almennum athugasemdum við frumvarpið sem varð að lögum nr. 121/1997 um ríkisábyrgðir er eftirfarandi tekið fram: „Byggist það á þeirri ótvíræðu reglu íslensks réttar að ríkissjóður beri ábyrgð á skuldbindingum stofnana sinna og fyrirtækja, nema sú ábyrgð sé takmörkuð með beinu lagaákvæði [...] eða þar sem ábyrgð ríkissjóðs í hlutafélagi takmarkast við hlutafjárframlagið.“<sup>(25)</sup> Ábyrgðin gildir um allar stofnanir ríkisins án tillits til þess hvenær þær eru stofnaðar, starfsemi þeirra eða breytinga á þeirri starfsemi. Hún gildi því líka um Húsnæðisstofnun ríkisins og hinar stofnanirnar þrjár sem störfuðu á sviði fjármögnunar húsnæðis áður en lög um húsnæðismál öðluðust gildi.

### 3.2 *Undanþága frá tekju- og eignarskatti*

Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn tók Eftirlitsstofnun EFTA fram að undanþága Íbúðalánasjóðs frá tekju- og eignarskatti væri önnur hugsanleg ríkisaðstoðarráðstöfun.

Ríkissjóður, allar ríkisstofnanir og öll ríkisfyrirtæki, sem ríkið ber ótakmarkaða ábyrgð á, voru undanþegin tekju- og eignarskatti löngu fyrir gildistöku EES-samningsins, sbr. 1. tölul. 4. gr. núgildandi laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Íbúðalánasjóður nýtur þessarar almennu skattundanþágu sem ríkisstofnun.

Við gildistöku EES-samningsins var lagagrundvöll fyrir skattundanþágunni að finna í 1. tölul. 4. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Þau lög um tekjuskatt, sem nú eru í gildi, eru samsteypt útgáfa laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Þessi undanþága frá skatti tók því einnig til undanfara Íbúðalánasjóðs.

Hvað eignarskatt varðar var hann felldur niður, gagnvart öllum, með lögum nr. 129/2004 og var lagður á eignir í síðasta sinn í lok árs 2005. Þar til lög nr. 129/2004 voru samþykkt voru fyrrnefndar stofnanir einnig undanþegar greiðslu á eignarskatti skv. 1. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003. Þessi undanþága frá skatti tók því einnig til undanfara Íbúðalánasjóðs.

### 3.3 *Niðurgreiddir vextir*

Í ákvörðuninni um að hefja rannsókn tilgreindi Eftirlitsstofnun EFTA niðurgreiðslu vaxta sem þriðju hugsanlegu ríkisaðstoðarráðstöfunina, sem í reynd samsvarar beinum fjárframlögum til Íbúðalánasjóðs til að standa straum af skuldbindingum sem urðu til vegna þess að lán voru veitt undir markaðsvöxtum til byggingar félagslegra leiguíbúða.

Einn lánaflokkur Byggingarsjóðs verkamanna voru lán til félagslegra leiguíbúða, sbr. 50. gr. laga nr. 97/1993 sem vísað er í hér á undan. Núverandi reglur um lán til félagslegra leiguíbúða er að finna í VIII. kafla laga um húsnæðismál og eins og um getur hér á undan eru þær að mestu leyti þær sömu og áður giltu. Af þeim sökum fengu annars vegar Húsnæðisstofnun ríkisins, gegnum Byggingarsjóð verkamanna, og hins vegar Íbúðalánasjóður það hlutverk að veita lán í þessum lánaflokki.

Eins og hér hefur komið fram voru bein fjárframlög ein leiðin til að afla fjár til Byggingarsjóðs verkamanna, sbr. 48. gr. laga nr. 97/1993. Slík framlög áttu að standa straum af rekstrarkostnaði sjóðsins að hluta, meðal annars kostnaði sem tengdist félagslegum leiguíbúðum. Ríkisstjórnin ákvað vexti í þessum lánaflokki árlega, sbr. 52. gr. laganna.

<sup>(25)</sup> Sjá <http://www.althingi.is/altxt/122/s/0099.html>.

Hvað varðar stöðuna eftir að lög um húsnæðismál öðluðust gildi var kveðið á um það í ákvæði til bráðabirgða IX í lögum um húsnæðismál frá árinu 1998 að til ársloka 2000 væri heimilt að veita lán til félagslegra leiguíbúða með óbreyttum lánskjörum.

Félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra undirrituðu sérstakan samning 21. ágúst 2001 sem kvað á um niðurgreiðslu vaxta fyrir þennan lánaflokk fyrir allt að 400 leiguíbúðir á ári <sup>(26)</sup>. Ráðherrarnir undirrituðu nýjan samning 26. september 2005 þar sem framlagi til Íbúðalánasjóðs var breytt með tilliti til vaxtalækkana og hækkunar á hámarksframlagi fyrir hverja íbúð. Samkvæmt þessum samningum skyldi Íbúðalánasjóður fá fjárframlag vegna taps af þessum lánaflokki samkvæmt nánari ákvæðum samninganna.

### 3.4 *Undanþága frá greiðslu arðs*

Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn tilgreindi Eftirlitsstofnun EFTA að fjórða hugsanlega ríkisaðstoðarráðstöfunin væri að Íbúðalánasjóði bæri ekki að greiða ríkinu arð. Þetta stafar af almennum reglum opinbers íslensks réttar þar sem þess er ekki krafist að ríkisstofnanir, sem reknar eru eins og Íbúðalánasjóður, greiði arð <sup>(27)</sup>. Þessi regla er eldri en EES-samningurinn og lagaleg staða undanfara Íbúðalánasjóðs var því sú sama.

Þessi regla endurspeglar m.a. þá staðreynd að markmið stofnananna er ekki að skila hagnaði heldur að veita þjónustu sem löggjafinn hefur ákveðið að ríkið skuli hafa með höndum. Samkvæmt opinberum íslenskum rétti þarf ríkisstofnun lagaheimild til að taka gjald fyrir þjónustu sína og má gjaldið ekki vera hærra en kostnaðurinn við að veita þjónustuna <sup>(28)</sup>. Ef ríkisstofnun fær heimild með lögum til að taka hærra gjald en sem kostnaðinum nemur eða á rétt á því, eins og á við um Íbúðalánasjóð, að reikna sér hagnað af fjármagni sem hann varðveitir, sbr. 11. gr. laga um húsnæðismál, þarf engu að síður sérstaka lagaheimild til arðgreiðslna til ríkisins.

Þessi skilningur á íslenskum lögum er staðfestur í bréfi íslensku ríkisstjórnarinnar frá 15. apríl 2008 þar sem eftirfarandi kemur fram: „*Samkvæmt lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins er það almenn regla að ríkisaðilar þurfi einungis að skila rekstrarhagnaði ef þeir eru skuldbundnir til þess samkvæmt lögum. Þá verður krafa um að ríkisaðili greiði arð að byggjast á lagaheimild. Ef ríkisaðili skilar rekstrarhagnaði skal hann skila eðlilegum hluta af honum sem arði í ríkissjóð samkvæmt 42. gr. laga nr. 88/1997. Ríkisaðilar sem greiða arð, til að mynda Landsvirkjun, gera það samkvæmt sérstöku lagaákvæði. Vísa má til 4. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun. Þannig eru engin almenn lagaákvæði í gildi sem geri ríkisaðilum skylt að greiða arð.*“

Hvorki lög um húsnæðismál né lög nr. 97/1993 hafa að geyma lagaákvæði sem geri Íbúðalánasjóði eða undanföllum hans skylt að greiða arð. Því hefur Íbúðalánasjóður í þessu tilliti alltaf fallið undir gildissvið fyrrnefndrar reglu opinbers íslensks réttar.

### 3.5 *Íbúðalánasjóður undanþeginn eiginfjárkröfum og reglum um lágmarksgjaldþol*

Í gerðinni, sem um getur í 14. lið II. kafla IX. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana*, með áorðnum breytingum, er nefnist „bankatilskipunin“ í því sem hér fer á eftir) <sup>(29)</sup>, eru settar eiginfjárkröfur og reglur um lágmarksgjaldþol sem gilda um lánastofnanir í öllu Evrópusambandinu og EFTA-rikjunum. Í 3. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar eru skráðar stofnanir sem eru undanþegnar ákvæðum bankatilskipunarinnar. Í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar var aukið við þessa skrá, m.a. þannig að á Íslandi bættust við „Byggingarsjóðir ríkisins“ <sup>(30)</sup>. Þá var átt við Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna en þeir voru síðar sameinadur, eins og lýst hefur verið hér á undan, og Íbúðalánasjóður látinn taka við starfsemi þeirra,

<sup>(26)</sup> Bréf ríkisstjórnar Íslands frá 3. janúar 2007, bls. 10.

<sup>(27)</sup> Öðruvísi háttar til þegar ríkið á fyrirtæki sem eru skipulögð sem hlutafélög og falla undir gildissvið einkaréttar.

<sup>(28)</sup> Beiting reglunnar kemur t.d. fram í dómi Hæstaréttar frá 5. nóvember 1998 í máli nr. 50/1998.

<sup>(29)</sup> Gerðin var tekin upp í samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2001 og öðlaðist gildi 1. október 2001.

<sup>(30)</sup> [Á ekki við í íslensku útgáfunni.]

sbr. 53. gr. laga um húsnæðismál. Í samræmi við þetta er Íbúðalánasjóður undanþeginn ákvæðum gerðarinnar skv. 116. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálagjafirrtæki, en sú grein er hluti þeirra ráðstafana sem lögfestu tilskipunina á Íslandi.

#### 4 Athugasemdir stjórnvalda á Íslandi

Í bréfum dagsettum 20. nóvember 2006 og 15. apríl 2008 hélt ríkisstjórn Íslands því fram að líta skyldi á kerfi Íbúðalánasjóðs sem gildandi aðstoð. Í fyrsta lagi væru helstu atriði kerfisins frá því fyrir gildistöku EES-samningsins og þau hefðu ekki breyst með samþykkt laga um húsnæðismál. Breytingar, sem gerðar hefðu verið á húsnæðiskerfinu með þeim lögum, sneru eingöngu að félagslega húsnæðiskerfinu og væru ekki efnislegar. Í öðru lagi væru ríkisábyrgðarþættirnir, sem tilgreindir voru í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hefja formlega rannsókn, almennar ráðstafanir sem haldist hefðu óbreyttar við setningu laga um húsnæðismál. Þannig hefði t.d. undirskilin ríkisábyrgð verið sú sama bæði fyrir og eftir gildistöku EES-samningsins. Í þessu tilliti voru rök ríkisstjórnarinnar þau að samkvæmt dómi Evrópudómstólsins í *Namur*-málinu gætu eingöngu efnislegar breytingar á löggjöf orðið til þess að breyta flokkun aðstoðar<sup>(31)</sup>. Í þriðja lagi hefðu engar breytingar orðið með gildistöku laga um húsnæðismál árið 1999 sem líklegar væru til að breyta mati á því hvort kerfið samrýmdist reglum um ríkisaðstoð. Í fjórða lagi, og sem röksemd til vara, væru breytingarnar, sem gerðar voru á félagslega íbúðakerfinu, t.d. í tengslum við svokölluð viðbótarlán, aðgreinanlegar frá almenna lánakerfinu.

#### 5 Athugasemdir hagsmunaaðila

SFF hefur haldið því fram að breytingarnar, sem urðu með lögum um húsnæðismál, hafi haft í för með sér að telja bæri kerfið nýja aðstoð þar sem ráða mætti af breytingunum að húsnæðiskerfið hefði ekki haldist að mestu óbreytt til þessa dags. Í bréfi dagsettu 31. janúar 2007 vísaði SFF m.a. til eftirfarandi atriða:

- Ný lög hafa verið sett, þ.e. lög um húsnæðismál hafa komið í stað laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.
- Nýr lögaðili, Íbúðalánasjóður, hefur komið í stað Húsnæðismálastjórnar ríkisins/Húsnæðisstofnunar ríkisins og yfirtekið eignir og skuldbindingar Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.
- Nýir lánagerningar hafa komið til með staðgreiðslulánum í stað húsbreifa og minni félagslegri aðstoð í húsnæðismálum, breytinga á hámarki fjármögnunar á íbúðarkaupum, afléttingu takmarkana á sölu félagslegs húsnæðis sem eigandi nýtir, niðurfellingu eignarréttar og breytinga með tilliti til þess hverjir eiga rétt á láni.
- Fjáröflunarleiðir hafa breyst: Samkvæmt lögum um húsnæðismál fær Íbúðalánasjóður ekki bein framlög frá ríkinu, ólíkt undanförum sínum.

Í bréfi dagsettu 28. mars 2008 færði SFF rök fyrir því að viðeigandi lagaleg prófun ætti að felast í mati á kerfi Íbúðalánasjóðs fremur en sérstakri greiningu á hinum tilteknu hugsanlegu aðstoðarráðstöfunum. Að áliti SFF eru tengslin milli einstakra þátta kerfisins svo náin að ekki væri réttlætanlegt að reyna að aðgreina þá þegar metið er hvort ráðstafanirnar eru í eðli sínu nýjar eða gildandi. Að áliti SFF væri slík nálgun ekki í samræmi við viðtekna málsmeðferð framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna í sambærilegum málum. Loks hvetur SFF Eftirlitsstofnun EFTA til að taka tillit til raunverulegrar þróunar að því er varðar fjölda lána sem Íbúðalánasjóður veitti og markaðshlutdeildar hans í samanburði við hlutdeild einkabankanna.

<sup>(31)</sup> Mál C-44/93 *Namur-Les Assurances du Crédit SA* [1994] Dómasafn EB I-3829.

## II. MAT

### 1 **Undanþága Íbúðalánasjóðs frá eiginfjárkröfum og reglum um lágmarksgjaldþol er ekki ríkisaðstoð**

Eftirlitsstofnun EFTA hefur reynt gagnlegt að hefja mat sitt á að leita svara við því hvort undanþága Íbúðalánasjóðs frá eiginfjárkröfum og reglum um lágmarksgjaldþol skuli teljast ríkisaðstoð.

Eins og fram hefur komið koma eiginfjárkröfur og reglur um lágmarksgjaldþol fram í bankatilskipuninni og gilda þær um lánastofnanir á Evrópska efnahagssvæðinu. Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn lýsti Eftirlitsstofnun EFTA því bráðabirgðaálit að undanþága Íbúðalánasjóðs frá bankatilskipuninni teldist ekki ríkisaðstoð. Hins vegar taldi hún að sú spurning væri nægileg vafa undirorpin til að gagnlegt væri að leggja mat á hana í formlegu rannsókninni. Það mat hefur orðið til þess að stofnunin staðfesti bráðabirgðaálit sitt og eru ástæðurnar sem hér segir:

Í fyrsta lagi, eins og einnig kemur fram í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn, telst Íbúðalánasjóður ekki vera lánastofnun sem fellur undir bankatilskipunina þar sem sjóðnum er ekki heimilt að taka við geymslufé eða öðru endurgreiðanlegu fé frá almenningi.

Í öðru lagi eru skráðar í 3. mgr. 2. gr. bankatilskipunarinnar stofnanir sem eru undanþegnar ákvæðum tilskipunarinnar. Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar bætust „Byggingarsjóðir ríkisins“ við skrána. Venja var að nota það heiti yfir sjóðina sem Íbúðalánasjóður hefur nú yfirtekið. Án tillits til þess hvort um grundvallarákvæði er að ræða eða einungis áréttingu á því sem reglur tilskipunarinnar kveða nú þegar á um er það í bankatilskipuninni sjálfri, með áorðnum breytingum samkvæmt ákvæði til aðlögunar að EES-samningnum, sem Íbúðalánasjóður er undanþeginn ákvæðum hennar og þar með eiginfjárkröfum og reglum um lágmarksgjaldþol sem í henni er að finna. Jafnvel þótt gert sé ráð fyrir að undanþága frá tilskipuninni feli í sér sérstakt hagræði fyrir Íbúðalánasjóð yrði sú ráðstöfun ekki rakin til íslenska ríkisins heldur til sameiginlegu EES-nefndarinnar og teldist því ekki ríkisaðstoð<sup>(32)</sup>.

Í þriðja lagi hefði undanþága ekki í för með sér tilfærslu ríkisfjármuna, jafnvel þótt Íbúðalánasjóður félli undir bankatilskipunina, þar eð ríkið yrði ekki fyrir neinum tekjumissi við þær aðstæður.

### 2 **Sjónarmið sem eiga við sameiginlega um ríkisábyrgð, niðurgreiðslu á vöxtum, undanþágu frá tekju- og eignarskatti og það að arðgreiðslur fara ekki fram**

#### 2.1 **Mismunandi málsmeðferð vegna nýrrar aðstoðar og gildandi aðstoðar**

Mælt er fyrir um málsmeðferð vegna nýrrar aðstoðar í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól (sem samsvarar 3. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans). Telji Eftirlitsstofnun EFTA vafasamt að slíkar aðstoðarráðstafanir samrýmist gildandi reglum ber henni að hefja formlega rannsókn samkvæmt 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól (sem samsvarar 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans) og 4. mgr. 4. gr. II. þáttar II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Málsmeðferð vegna gildandi aðstoðar er frábrugðin þeirri sem lýtur að nýrri aðstoð og er mælt fyrir um hana í 1. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Samkvæmt því ákvæði skal Eftirlitsstofnun EFTA í samvinnu við EFTA-ríkin hafa stöðugt til skoðunar öll aðstoðarkerfi sem eru við lýði í þessum ríkjum. Hún skal leggja til við þau að þau geri viðeigandi ráðstafanir sem krafist er í samræmi við þróun eða framkvæmd EES-samningsins.

<sup>(32)</sup> Mál T-351/02 *Deutsche Bahn AG* [2006] Dómasafn EB II-1047, 100.–103. mgr.

Evrópudómstóllinn hefur fellt dóm á þessa leið:

*„[...] þegar framkvæmdastjórnin tekur aðstoðarráðstafanir til skoðunar skv. 87. gr. EB-sáttmálans til að ákvarða hvort þær samrýmist sameiginlega markaðnum verður hún að stofna til málsmeðferðar skv. 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans ef ekki hefur reynst unnt, með bráðabirgðarannsókn, að leysa úr öllum erfiðleikum við að ákvarða hvort ráðstafanirnar samrýmist sameiginlega markaðnum [...] Sömu reglur verða að sjálfsögðu að gilda ef framkvæmdastjórnin hefur einnig efasemdir um hvort ráðstöfunin, sem er til skoðunar, skuli í raun flokkast sem aðstoð, í skilningi 1. mgr. 87. gr. EB-sáttmálans. Þannig verður framkvæmdastjórnin ekki gagnrýnd fyrir að hefja rannsókn jafnvel þótt hún hafi látið í ljós efasemdir í ákvörðun um slíka rannsókn um það hvort ráðstafanirnar, sem eru til athugunar, séu aðstoð í skilningi 1. mgr. 87. gr. EB-sáttmálans.*

*[...] framkvæmdastjórnin verður að takast á hendur fullnægjandi rannsókn ... á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkið hefur þegar veitt henni á því stigi, jafnvel þótt niðurstaða þeirrar rannsóknar leiði ekki til endanlegrar flokkunar á ráðstöfununum sem eru til skoðunar. [...] Sé unnt að álykta til bráðabirgða, á grundvelli þeirra upplýsinga, að líklegt sé að viðkomandi ráðstafanir séu gildandi aðstoð verður framkvæmdastjórnin að taka á þeim í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans. Réttlæti upplýsingar frá aðildarríkinu hins vegar ekki slíka bráðabirgðaniðurstöðu eða berist engar upplýsingar um málið frá aðildarríkinu verður framkvæmdastjórnin að fjalla um ráðstafanirnar í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr. 88. gr.“<sup>(33)</sup>*

Með öðrum orðum hlýtur mat, sem gert er þegar ákveðið er að hefja formlega rannsókn á því hvort hugsanleg aðstoðarráðstöfun teljist ný eða gildandi aðstoð, að vera bráðabirgðamat eingöngu. Af því leiðir samkvæmt dómaframkvæmd að jafnvel þótt Eftirlitsstofnun EFTA hafi í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn fyrst litið svo á að viðkomandi ráðstöfun væri ný aðstoð getur hún engu að síður komist að þeirri niðurstöðu í ákvörðuninni sem lýkur rannsókninni að ráðstöfunin sé í reynd gildandi aðstoð eða feli alls ekki í sér aðstoð. Ef um er að ræða gildandi aðstoð verður stofnunin að fylgja málsmeðferð fyrir slíka aðstoð<sup>(34)</sup>. Í slíku máli yrði stofnunin þannig að ljúka formlegu rannsókninni og hefja aðra málsmeðferð fyrir gildandi aðstoð, eins og mælt er fyrir um í 17. til 19. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól<sup>(35)</sup>. Í þessari síðari málsmeðferð, og aðeins í henni, myndi stofnunin meta hvort gildandi aðstoðarráðstöfun væri samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins.

Upplýsingarnar, sem voru lagðar fyrir Eftirlitsstofnun EFTA á þeim tíma sem hún tók ákvörðun um að hefja formlega rannsókn, voru „ekki til þess að réttlæta“ bráðabirgðaniðurstöðu um það hvort aðstoðin væri gildandi og fjallaði því stofnunin um þessar ráðstafanir innan þess regluramma sem lýtur að nýrri aðstoð. Þar sem ríkisstjórn Íslands hefur andæft þessu upphaflega álitu mun stofnunin í framhaldi af því meta spurninguna á ný í ljósi þess efnis sem ríkisstjórnin og SFF hafa nú lagt fram.

Eins og þegar hefur komið fram mun Eftirlitsstofnun EFTA komast að niðurstöðu í formlegu rannsókninni um hvort nýjar aðstoðarráðstafanir séu fyrir hendi, og hvort þær séu samrýmanlegar gildandi reglum. Teljist viðkomandi ráðstafanir hins vegar ekki ný aðstoð getur stofnunin ekki samkvæmt núverandi málsmeðferð metið svo bindandi sé að þær teljist fremur gildandi aðstoð, skv. 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Stofnunin getur ekki heldur lagt bindandi mat á hvort slík gildandi aðstoðarráðstöfun samrýmist samningnum. Því mun stofnunin, áður en hún kemst að niðurstöðu um hvort aðstoð teljist ný eða gildandi, samkvæmt eftirfarandi, ganga út frá þeirri forsendu að eftirfarandi ráðstafanir séu ríkisaðstoð: ríkisábyrgð, undanþága frá skatti, vaxtaniðurgreiðsla og undanþága frá arðgreiðslum.

<sup>(33)</sup> Mál C-400/99 *Ítalska ríkið gegn framkvæmdastjórninni* [2005] Dómasafn EB I-3657, 47. mgr. og 54.–55. mgr.

<sup>(34)</sup> Mál T-190/00 *Regione Siciliana gegn framkvæmdastjórninni* [2003] Dómasafn EB II-5015, 48. mgr.

<sup>(35)</sup> Mál C-312/90 *Spænska ríkið gegn framkvæmdastjórninni* [1992] Dómasafn EB I-4117, 14.–17. mgr., mál C-47/91 *Ítalska ríkið gegn framkvæmdastjórninni* [1992] Dómasafn EB I-4145, 22.–25. mgr., sameinuð mál T-195/01 & T-207/01 *Ríkisstjórn Gibraltar* [2002] Dómasafn EB II-2309 og sameinuð mál T-297/01 og T-298/01 *SIC II* [2004] Dómasafn EB II-743.

## 2.2 **Fordæmi**

Í 4. gr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL kemur fram að breyting á yfirstandandi aðstoð sé hvers kyns breyting, önnur en förmleg eða stjórnsýsluleg breyting, sem getur ekki haft áhrif á mat á því hvort aðstoð samrýmist sameiginlega markaðinum. Þá var úrskurður Evrópudómstólsins í *Namur-Les Assurances*-málinu á þessa leið að því er varðaði lagalegt mat á því hvort aðstoð er ný eða gildandi:

*„[...] þegar stofnað er til nýrrar aðstoðar, eða breytingar gerðar á gildandi ákvæðum um aðstoð, getur mat á aðstoðinni ekki ráðist af umfangi hennar né, einkum og sér í lagi, fjárhæðum sem greiddar hafa verið fyrirtæki einhvern tíma á rekstrartíma þess hafi aðstoðin verið veitt samkvæmt eldri ákvæðum sem standa óbreytt. Það hvort flokka beri aðstoð sem nýja aðstoð eða breytingu á gildandi aðstoð hlýtur að ráðast af þeim ákvæðum sem um hana gilda.*

*Ákvörðunin, sem öðlaðist gildi 1. febrúar 1989, breytti ekki löggjöfinni sem færði OND það sérstaka hagræði sem stofnunin naut, hvorki að því er varðaði það hvers eðlis það hagræði var né starfsemi þeirrar opinberu stofnunar sem naut hagræðisins, enda var henni sett mjög almennt markmið um að draga úr dhættu við lánveitingar til útflutnings með lögum frá 31. ágúst 1939. Ákvörðunin varðar því ekki þá tilhögun aðstoðar sem gildir samkvæmt þeirri löggjöf.“* <sup>(36)</sup>

Dómstóllinn komst síðan að þeirri niðurstöðu að þótt fyrirtækið færði út starfsemi sína nægði það ekki til að breyta flokkun aðstoðarráðstöfunar:

*„Andstæð túlkun á þessu myndi jafngilda því að hlutaðeigandi aðildarríki bæri að tilkynna framkvæmdastjórninni og leggja fram til fyrirbyggjandi skoðunar ekki aðeins nýja aðstoð eða breytingar á aðstoð, í eiginlegum skilningi, sem veitt er fyrirtæki sem nýtur gildandi aðstoðar, heldur einnig allar ráðstafanir sem varða starfsemi fyrirtækisins og geta haft áhrif á starfsemi sameiginlega markaðarins, samkeppni eða einfaldlega raunfjárhæð þeirrar aðstoðar sem er tiltæk að formi til á tilteknu tímabili en er óhjákvæmilega breytileg að fjárhæð eftir veltu fyrirtækisins. Þegar allt kemur til alls er unnt að líta svo á, þegar um ræðir opinbert fyrirtæki á borð við OND, að sérhver ný aðgerð í tryggingamálu, sem skylt er að leggja fyrir eftirlitsyfirlönd samkvæmt upplýsingunum sem stjórnmöld í Belgíu lögðu fram við réttarhöldin, sé ráðstöfun sem fellur undir málsmeðferð samkvæmt 3. mgr. 93. gr. sáttmálans.*

*Túlkun á þennan veg, sem samsvarar hvorki skilningi né tilgangi 3. mgr. 93. gr. né þeirri skiptingu ábyrgðar milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna sem þar er kveðið á um, myndi skapa fyrirtækjum og aðildarríkjum lagalega óvissu og þyrftu þau þá að tilkynna fyrirfram mjög ólíkar ráðstafanir sem getu þá ekki komið til framkvæmda þrátt fyrir efasemdir um hvort þær skyldu flokkaðar sem ný aðstoð. [...]“* <sup>(37)</sup>

Í *Gibraltar*-málinu komst undirdómstóll EB að eftirfarandi niðurstöðu:

*„er það aðeins þegar breytingin [á landslögum] hefur áhrif á efnisleg meginatriði upprunalega kerfisins sem það breytist í kerfi nýrrar aðstoðar. Ekki getur verið um neina slíka efnislega breytingu að ræða þegar ný aðstoðarþátturinn er augljóslega aðskiljanlegur frá upphaflega kerfinu.“* <sup>(38)</sup>

Í mati framkvæmdastjórnarinnar á því hvort breyting á aðstoðarráðstöfun leiði til þess að aðstoð, sem fram til þessa hefur verið gildandi, verði ný aðstoð hefur hún litið til þess hvort breytingin sé efnislegs eðlis <sup>(39)</sup>. Í þessu sambandi hefur hún tekið til greina eðli hins sérstaka

<sup>(36)</sup> Mál C-44/93 *Namur-Les Assurances du Crédit SA* [1994] Dómasafn EB I-3829, 28.–29. mgr. (feitletrun hér). Sjá einnig 23. mgr. dómsins þar sem dómstóllinn vísar til breytinga „sem hafa ekki áhrif á efnisleg atriði þessa hagræðis“.

<sup>(37)</sup> Mál C-44/93, *Namur-Les Assurances du Crédit SA*, áður tilvitnað, 32.–33. mgr.

<sup>(38)</sup> Sameinuð mál T-195/01 & T-207/01, *Ríkisstjórn Gibraltar* gegn framkvæmdastjórninni [2002] Dómasafn EB II-2309, 111. mgr. Sjá einnig álit AG Fennelly í sameinuðum málum C-15/98 og C-105/98 *Ítalska ríkið og Sardegna Lines, Servizi Marittimi della Sardegna SpA* gegn framkvæmdastjórninni [2000] Dómasafn EB I-8855, 64. mgr.

<sup>(39)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. apríl 2007 í máli E 10/2005 (áður C 60/1999), 33. mgr., ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. apríl 2007 í máli E 7/2005 varðandi finnsk ábyrgðarkerfi, 16. mgr., ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. apríl 2005 í máli E 8/2005 spænska útvarpsrekandanum RTVE í vil, liður 2.2, og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli E 22/2004 – beinar skattaívilnanir til stuðnings starfsemi tengdri útflutningi, 34.–35. mgr.

hagræðis, hvaða markmiði stefnt er að með því að veita það, á hvaða grundvelli hagræðið er veitt, hvaða einstaklingar og lögaðilar verða fyrir áhrifum af því og hvaða fjáröflunarleiðir eru notaðar. Hins vegar hefur framkvæmdastjórnin ekki kannað lagabreytingar sem ekki eru hluti af viðkomandi aðstoðarráðstöfun.

Í tengslum við einstakar aðstoðarráðstafanir, t.d. afnotagjöld sem renna til opinbers útvarpsrekanda, hefur þessi nálgun leitt til þess að framkvæmdastjórnin fór að kanna hvaða skilyrði væru fyrir notkun á viðkomandi gjaldi sökum þess að slík skilyrði eru óaðskiljanlegur hluti viðkomandi aðstoðarráðstöfunar<sup>(40)</sup>.

Þegar viðkomandi aðstoðarráðstöfun hefur verið fölgin í aðstoðarkerfi sem ekki beinist að tiltekinni starfsemi, til að mynda þegar opinbert fyrirtæki nýtur ríkisábyrgðar einungis vegna þess að það er samkvæmt skipulagi hluti af ríkinu, hefur framkvæmdastjórnin einkum beint sjónum að því hvort ríkisaðstoðin sjálf (kerfið sem felur í sér ríkisábyrgð fyrir öll þess háttar fyrirtæki) hafi breyst í efnislegum atriðum. Sökum þess að við þessar síðarnefndu aðstæður eru reglurnar, sem lúta að hverjum og einum aðstoðarþega, ekki hluti af aðstoðarráðstöfuninni hefur framkvæmdastjórnin ekki kannað þær sérstöku reglur sem gilda um starfsemi hvers og eins aðstoðarþega. Með öðrum orðum hefur framkvæmdastjórnin ekki komist að þeirri niðurstöðu að breytingar á reglum, sem lúta að einstökum aðstoðarþegum, geti haft þau áhrif að aðstoðarkerfið breytist í nýja aðstoð, hvort sem það væri að því er varðaði kerfið sem slíkt eða einungis tiltekið fyrirtæki sem félli undir lagabreytinguna<sup>(41)</sup>. Slík niðurstaða hefði raunar þýtt að ráðstöfun, sem fæli í sér einkenni kerfis, breyttist úr gildandi aðstoð í nýja aðstoð að því er suma aðstoðarþegana varðaði, en ekki aðra, einungis vegna breytinga á reglum sem vörðuðu hina fyrrnefndu, en ekki hina síðarnefndu. Þess konar niðurstaða væri ósamrýmanleg þeirri staðreynd að ráðstöfunin fæli í sér aðeins eina ráðstöfun.

Af þessu leiðir að áður en skoðað er hvaða lagabreytingar skipta máli um mat á því hvort aðstoð er ný eða gildandi verður fyrst að ákvarða hvort reglur, sem varða einn þiggjanda aðstoðarinnar eða fleiri, séu hluti af aðstoðarráðstöfuninni eða ekki. Ef viðkomandi fyrirtæki nýtur aðstoðar af mörgum ráðstöfunum sem hafa mismunandi tilgang, byggjast á mismunandi lagagrundvelli og hafa verið teknar upp á mismunandi tíma, og eru ýmist stakar eða hafa einkenni kerfis, skulu þessar mismunandi aðstoðarráðstafanir jafnframt metnar hver fyrir sig en ekki teknar saman í eitt heildarmat eingöngu vegna þess að ráðstafanirnar hafa sama aðstoðarþega að öllu leyti eða að hluta<sup>(42)</sup>.

<sup>(40)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. apríl 2007 í máli er varðar aðstoð E 3/2005 – Fjármögnun almannaútvarps í Þýskalandi, 200.–214. mgr., ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar E-14/2005 – Portugal, endurgjald til almannaútvarpsins RTP, 61.–80. mgr.

<sup>(41)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. apríl 2007 í máli er varðar aðstoð E 3/2005 – Fjármögnun almannaútvarps í Þýskalandi, 215. mgr. Þeir bankar í Þýskalandi sem eru í eigu hins opinbera höfðu samkvæmt venju notið óbeinnar ríkisábyrgðar, svokallaðrar Anstaltslast. Í máli E-10/2000 að því er varðar Landesbanken í Þýskalandi komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að Anstaltslast hefði verið komið á fót áður en EB-sáttmálinn öðlaðist gildi. Aðstoð við bankana vegna þessarar ábyrgðar var því gildandi og það gildi einnig þegar Anstaltslast leiddi ekki eingöngu af almennri lagareglu heldur hafði ábyrgðarkerfið síðar verið innleitt sérstaklega með skriflegum lagaákvæðum, sbr. bréf framkvæmdastjórnarinnar til stjórnvalda í Þýskalandi frá 8. maí 2000 þar sem hún leggur til viðeigandi ráðstafanir í máli E 10/2000, 7. lið, fyrstu málsgrein. Eftirlitsstofnun EFTA er kunnugt um að þeir þýsku bankar sem njóta aðstoðar frá Anstaltslast eru venjulega stofnaðir samkvæmt sérlægum sem gilda um stofnun og rekstur þess sérstaka banka. Nokkrir þessara banka virðast hafa verið stofnaðir eftir gildistöku EB-sáttmálans. Breytingar á löggjöfinni, sem rekstur ríkisbanka fellur undir, hafa oft verið gerðar. Stofnun nýrra banka með lögum, samruni og sundrun ríkisbanka og aðrar breytingar á löggjöfinni, sem gildir um ríkisbanka, geta vissulega varðað starfsemi fyrirtækisins og geta einnig haft áhrif á starfsemi sameiginlega markaðarins, samkeppni eða einfaldlega á raunverulega fjárhæð aðstoðar sem fyrirtækjunum býðst. Samt sem áður rannsaði framkvæmdastjórnin hvorki hvenær hinir mismunandi bankar, sem nutu ábyrgðarinnar, voru stofnaðir né lét hún greina breytingar á starfsemi bankanna eða gerði aðrar ráðstafanir í tengslum við einstaka banka áður en hún komst að þeirri niðurstöðu að aðstoðin frá Anstaltslast væri gildandi aðstoð. Sjá einnig ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. október 2002 í máli C 68/2002 – *Frakkland, Electricité de France (EDF)*, 68. mgr., þar sem eina af aðstoðarráðstöfunum í þágu EDF, ríkisábyrgð, leiddi af meginreglu í frönskum lögum frá því fyrir gildistöku EB-sáttmálans. Starfsemi EDF hafði breyst verulega með árunum og félagið hafði einnig fært út kvíarnar á nýjum mörkuðum. Þrátt fyrir þetta sá framkvæmdastjórnin hvorki þörf á að rannsaka þessar raunverulegu breytingar né skoðaði hún breytingar á löggjöfinni, sem lýtur að EDF, eftir gildistöku EB-sáttmálans, þegar hún ákvarðaði hvort þessi aðstoðarráðstöfun teldist ný eða gildandi aðstoð, sbr. einnig sambærilega ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. desember 2003 um ríkisaðstoð sem veitt er EDF og raforku- og gasfyrirtækjum, Stjtið. ESB L 49, 22.2.2005, bls. 9, 59. mgr., og hvatningu framkvæmdastjórnarinnar til að leggja fram athugasemdir skv. 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans í máli E 3/2002, EDF, Stjtið. EB C 164, 16.11.2002, bls. 8, 53.–55. mgr.

<sup>(42)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. apríl 2007 í máli E 3/2005 – Fjármögnun almannaútvarps í Þýskalandi, 192.–216. mgr., ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. apríl 2005 í máli E 8/2005 – Ríkisaðstoð í þágu spænska almannaútvarpsins RTVE, liður 2.2 og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. apríl 2005 í máli E 9/2005 – Ítalía, RAI, 25.–48. mgr.



### 2.3 *Flokkun mismunandi aðstoðarráðstafana í nýja eða gildandi aðstoð*

#### 2.3.1 *Ríkisábyrgð*

Ríkisábyrgð á öllum ríkisstofnunum vegna allra skuldbindinga þeirra leiðir af óskráðri almennri venju opinbers íslensks réttar sem öðlaðist viðurkenningu fyrir gildistöku EES-samningsins. Ábyrgðin gildir um allar ríkisstofnanir án tillits til þess hvenær þær voru stofnaðar, hvaða starfsemi þær hafa með höndum og hvaða breytingar hafa orðið á þeirri starfsemi. Líta ber á þessa hugsanlegu aðstoðarráðstöfun sem kerfi sem fellur undir skilgreininguna í staflíð d) í 1. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Sé enn gert ráð fyrir að um aðstoð sé að ræða verður frá upphafi að líta á kerfið sem gildandi aðstoð þar sem það var til fyrir gildistöku EES-samningsins, sbr. staflíð b) í 1. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Frá gildistöku EES-samningsins hafa engar efnislegar breytingar, og raunar engar óefnislegar breytingar, orðið á umfangi eða virkni ábyrgðarinnar sem slíkar. Í lögum nr. 121/1997 um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum, var tekið upp lágmarksábyrgðargjald sem nemur 0,00625 % á ársfjórðungi (0,00375 % á ársfjórðungi af innlendum skuldbindingum til ársins 2001). Þetta gjald minnkar þó eingöngu aðstoðina samkvæmt upprunalega ríkisábyrgðarkerfinu, sem er eldra en EES-samningurinn. Því er ekki hægt að flokka upprunalega kerfið sem nýja aðstoð, óháð því hvaða ávinningur tengist því<sup>(43)</sup>.

Ennfremur fól engin þeirra breytinga á starfsemi Íbúðalánasjóðs, sem lýst er í undirkafla I.2 hér á undan, í sér neina slíka breytingu. Ávinningurinn var nákvæmlega sama eðlis og sama má segja um lagagrundvöll aðstoðarinnar. Þá breyttist tilgangurinn með þessari ráðstöfun, sem er ekki sértæk og nær langt út fyrir sérákvæði húsnæðislánakerfisins, og gildir ennfremur almennt um allar ríkisstofnanir, ekki heldur með þeim breytingum á húsnæðislánakerfinu sem urðu með lögum um húsnæðismál<sup>(44)</sup>. Þessar lagabreytingar voru með öðrum orðum ekki aðeins aðgreinanlegar frá þessari hugsanlegu aðstoðarráðstöfun heldur með öllu ótengdar henni. Af þeim sökum getur ábyrgðarkerfið ekki talist ný aðstoðarráðstöfun sem hægt sé að meta í þeirri formlegu rannsókn sem hér er til umfjöllunar.

#### 2.3.2 *Undanþága frá tekju- og eignarskatti*

Ríkissjóður, allar ríkisstofnanir og öll ríkisfyrirtæki, sem ríkið ber ótakmarkaða ábyrgð á, voru undanþegin tekju- og eignarskatti löngu fyrir gildistöku EES-samningsins.

Ákvæði um undanþágu frá *tekjuskatti* er nú að finna í 1. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 sem er samsteypt útgáfa laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Að því gefnu að skattundanþágan teljist aðstoð ber frá upphafi að fara með hana sem almennt kerfi sem fellur undir skilgreininguna í staflíð d) í 1. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Frá gildistöku EES-samningsins hafa engar efnislegar breytingar, og raunar engar óefnislegar breytingar, orðið á umfangi, fjármögnun eða virkni þessa kerfis. Ekkert í þessum almennu skattaákvæðum, hvorki í tengslum við Íbúðalánasjóð né nokkurn annan aðila sem nýtur undanþágunnar, breyttist í kjölfar breytinganna á húsnæðislánakerfinu sem voru gerðar eftir 1. janúar 1994. Þá höfðu breytingarnar á húsnæðislánakerfinu hvorki bein né óbein áhrif á þetta kerfi. Raunar breyttu lög um húsnæðismál engu um tilgang eða eðli skattundanþágunnar. Þá breyttu þau ekki fjáröflunarleiðum eða lagagrundvelli undanþágunnar. Skattundanþágan getur því ekki talist ný aðstoð sem taka má til umfjöllunar í formlegu rannsókninni.

Fyrir samþykkt laga nr. 129/2004 um afnám eignarskatts voru áðurgreindar stofnanir einnig undanþegar þeim skatti skv. 1. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt. Að því er varðar eignarskatt var í lögunum einfaldlega steypt saman reglum sem þegar var að

<sup>(43)</sup> Önnur spurning er hvort undanþága Íbúðalánasjóðs frá ábyrgðargjaldinu sem tekið var upp 1998 flokkist undir nýja aðstoð. Eftirlitsstofnun EFTA hefur nú með ákvörðun 406/08/COL hafið formlega rannsókn að því er varðar undanþágu frá ábyrgðargjöldum þeim sem mælt er fyrir um í lögum nr. 121/1997 um ríkisábyrgðir.

<sup>(44)</sup> Með tilliti til þessa eru aðstæðurnar hliðstæðar síðari ákvörðunum framkvæmdastjórnar varðandi þýska útvarpsrekendur, Poczta Polska, La Poste, EDF o.s.frv. Í þeim ákvörðunum þurfti framkvæmdastjórnin að meta hvort ríkisábyrgð til opinberra fyrirtækja teldist ný eða gildandi aðstoð. Niðurstaða framkvæmdastjórnarinnar í öllum ákvörðunum var sú að ábyrgðin sjálf hafði annaðhvort ekki breyst eða var efnislega óbreytt. Mat framkvæmdastjórnarinnar á aðstöðinni sem leiddi af ábyrgðinni tók ekki til mats á því hvort starfsemi tiltekins fyrirtækis hefði breyst þar sem sú spurning tengdist ekki aðstoðarráðstöfuninni sem slíkri heldur einum af aðstoðarþegum almenns aðstoðarkerfis.

finna í áðurgreindum lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Eignarskatturinn hefur nú verið afnuminn að fullu. Fram að afnámi hans árið 2004 verður að meta undanþágur þessara stofnana frá skattinum, ef þær skilgreinast sem aðstoð, sem kerfi sem fellur undir skilgreininguna í staflíð d) í 1. gr. II. hluta bókonar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Á tímabilinu frá gildistöku EES-samningsins og þar til eignarskattur var almennt afnuminn urðu engar efnislegar breytingar, og raunar engar óefnislegar breytingar, á umfangi, fjármögnun eða virkni skattundanundanþágunnar, og breytingarnar á húsnæðislánakerfinu höfðu hvorki áhrif á eðli, markmið, framkvæmd né fjármögnun undanþágunnar. Af þessum sökum getur undanþágan ekki talist ný aðstoð sem hægt er að athuga í formlegu rannsókninni sem nú stendur yfir.

### 2.3.3 Vaxtaniðurgreiðsla

Eins og lýst hefur verið veitti Byggingarsjóður verkamanna lán til félagslegra leiguíbúða á lágum vöxtum sem ríkisstjórnin ákvað. Sjóðurinn fékk bein fjárframlög, m.a. til að standa straum af útgjöldum vegna þessara lána. Þar sem Byggingarsjóður verkamanna var opinber stofnun var íslenska ríkið endanlega ábyrgt fyrir öllu tapi sem tengdist þessum lánaflökki stæði svo á að bein framlög nægðu ekki til að bæta tap sjóðsins.

Lánaflökurinn, félagslegar leiguíbúðir, hélst að miklu leyti óbreyttur með lögum um húsnæðismál og var Íbúðalánasjóði ætlað að veita slík lán, upphaflega á sömu kjörum og áður giltu, sbr. ákvæði til bráðabirgða IX í lögum. Í því ákvæði var einnig kveðið á um að ríkið skyldi veita framlög af fjárlögum til að bæta tap Íbúðalánasjóðs. Í kjölfarið hafa reglur verið settar um þessi atriði með samningum milli félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra, sbr. undirkafla I.3.3 hér á undan.

Með tilliti til stofnanabreytingarinnar sýna ákvarðanafordæmi framkvæmdastjórnarinnar að aðilar, sem njóta aðstoðar, geta breytt lögformlegri stöðu sinni með samruna, skiptingu eða af öðrum ástæðum án þess að það hafi áhrif á flokkun aðstoðarinnar. Þetta á jafnt við þegar slík breyting á lögformlegri stöðu er gerð með ráðstöfun sem fellur undir einkarétt og þegar kveðið er á um breytinguna í lögum eða annarri ráðstöfun sem fellur undir opinberan rétt<sup>(45)</sup>. Raunar getur breytingin, sem varð með lögum um húsnæðismál að því er varðar opinberu lögáðilana fjóra sem störfuðu skv. lögum nr. 97/1993, ekki haft áhrif á mat á því hvort viðkomandi ráðstafanir samrýmist gildandi reglum. Eins og fram hefur komið yfirtók Íbúðalánasjóður allar eignir, réttindi og skyldur undanfara sinna og tók við hlutverki þeirra og sýnir það að kerfisbreytingin hafði það markmið að tryggja samfellu í starfsemi þessara stofnana<sup>(46)</sup>.

Af þessum sökum fengu Byggingarsjóður verkamanna og Íbúðalánasjóður það verkefni að veita þessi félagslegu lán vegna leiguíbúða á vöxtum sem ríkisstjórnin ákvað og lagði fjármagn til samkvæmt fjárlögum, enda voru vextirnir of lágir til að standa straum af lánakostnaði. Munurinn á starfsemi stofnananna var fölginn í því að framlag til Íbúðalánasjóðs miðast við þennan tiltekna lánaflökk en Byggingarsjóður verkamanna fékk fjárframlög í alla félagslega lánaflökka sína sameiginlega. Munurinn kemur til af því að með lögum um húsnæðismál voru hinir félagslegu lánaflökar Byggingarsjóðs verkamanna afnumdir og að viðbótarlánin, helsti félagslegi lánaflökurinn samkvæmt lögum um húsnæðismál í sinni upprunalegu gerð, voru ekki fjármögnuð með fjárframlögum til Íbúðalánasjóðs.

Af þessu leiðir að breytingarnar, sem lög um húsnæðismál höfðu í för með sér, öllu ekki breytingum á því verkefni að veita lán til félagslegra leiguíbúða, með öðrum orðum, tilgangurinn

<sup>(45)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. nóvember 2007, C (2007) 5778, ríkisaðstoð C 56/2007 – Frakkland, *Garantie illimitée de l'Etat en faveur de La Poste*, 93.–97. mgr., ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar E-14/2005/Portúgal, endurgjald til almannaútlagsins RTP, 78.–80. mgr., ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. apríl 2005 í ríkisaðstoðarmáli E 10/2005 (áður C 60/1999) – *Redevance radiodiffusion TFI*, 33. mgr., og bréf framkvæmdastjórnarinnar til stjórnvalda í Þýskalandi frá 8. maí 2000 sem hafði að geyma tillögur um viðeigandi ráðstafanir í máli E 10/2000, *Landesbank*, 7. liður, fyrsta málsgrein. Að því er varðar undanþáguna sem Íbúðalánasjóður nýtur frá greiðslu ábyrgðargjalds samkvæmt lögum nr. 121/1997 um ríkisábyrgðir er það bráðabirgðamat Eftirlitsstofnunar EFTA að undanþágan teljist ný aðstoð og að fjalla skuli um þá ráðstöfun sérstaklega, sbr. ákvörðun stofnunarinnar 406/08/COL frá 27. júní 2008.

<sup>(46)</sup> Samkvæmt 35. gr. laga nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins geta sjóðfélagar valið þann kost að lífeyrisgreiðslur til þeirra hækki til samræmis við breytingar sem verða á launum sem eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast. Framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins taldi að staða hans væri sambærileg við stöðu framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs en lífeyrissjóðurinn var á öðru máli. Í dómi í máli nr. 344/2003, sem féll 22. janúar 2004, dæmdi Hæstiréttur framkvæmdastjórnunum í vil. Í dómnum var m.a. vísað til þess að Íbúðalánasjóður gegndi í grundvallaratriðum sama hlutverki og Húsnæðisstofnun ríkisins hafði gert, þ.e. sem fasteignalánastofnun landsmanna. Rétturinn taldi að staða framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins og starf framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs væri sambærilegt að eðli, umfangi og ábyrgð.

með þessari ráðstöfun var enn sá sami <sup>(47)</sup>. Ennfremur stafar sú staðreynd, að fjárframlögin miðast nú eingöngu við þessi lán, af afnámi beinna ríkisframlaga vegna annarra félagslegra lána. Afnám beinna ríkisframlaga vegna tiltekinnar starfsemi felur ekki í sér breytingu á fjármögnun annarrar ráðstöfunar. Þess vegna getur slíkt afnám ekki haft áhrif á flokkun á eiginleikum þeirrar ráðstöfunar sem eftir stendur. Þess í stað felst í því afnám sérstakrar stuðningsráðstöfunar <sup>(48)</sup>.

SFF hefur vísað í ýmsar breytingar sem komið var til leiðar með lögum um húsnæðismál og haldið því fram að samkvæmt þeim ætti aðstoð við Íbúðalánasjóð að flokkast sem ný aðstoð. Án tillits til þess hverjar þessar breytingar væru vörðuðu þær ekki þessa aðstoðarráðstöfun sem eingöngu bætir tap sem Íbúðalánasjóður stofnaði til í tengslum við lán til félagslegra leiguíbúða. Enda tengdist það ekki þessum lánaflokki þótt efri mörk almennra lána hækkuðu. Með samsvarandi hætti höfðu breytingarnar, sem urðu með lögum nr. 57/2004, þar sem húsbrefakerfið var afnumið og staðgreiðslulán komu í staðinn, ekki áhrif á þennan lánaflokk. Krafa sem mælt var fyrir um í 11. gr. laga nr. 97/1993 þess efnis að lán væru tryggð með fyrsta eða öðrum veðrétti gildi ekki um þennan lánaflokk heldur einungis um tiltekin lán frá Byggingarsjóði ríkisins. Þar af leiðandi hefur það enga þýðingu varðandi þessi lán að þetta ákvæði var ekki fært yfir í lög um húsnæðismál.

Niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA er sú að hún telur að aðstoðin sem felst í vaxtaniðurgreiðslu geti ekki talist ný aðstoð sem hægt er að taka upp í formlegu rannsókninni sem nú stendur yfir.

#### 2.3.4 Undanþága frá greiðslu arðs

Eins og tilgreint er í undirkafla 3.4 hér á undan felst í meginreglum í opinberum íslenskum rétti að ríkisstofnanir, sem eru skipulagðar eins og Íbúðalánasjóður, þurfi ekki að greiða arð. Reglan er frá því fyrir gildistöku EES-samningsins og gildir um ríkisstofnanir án tillits til þess hvenær þær voru settar á lagginnar, starfsemi þeirra eða breytinga á starfsemi þeirra. Frá gildistöku EES-samningsins hafa ekki verið gerðar neinar efnislegar breytingar á þessari meginreglu, né heldur breytingar sem eru ekki efnislegar. Jafnframt hefur ekki verið vikið frá þessari reglu hvorki í lögum um húsnæðismál né undanföllum þeirra með gildandi lagaákvæðum um kröfu um að Íbúðalánasjóður greiði arð. Af þeim sökum breyttu lög um húsnæðismál eða breytingar á þeim lögum ekki eðli þeirrar aðstoðar og ríkisfjármögnunar sem fólst í því að ekki var skylt að greiða arð. Tilgangurinn með reglunni, sem er ekki sértæk og nær langt út fyrir sérákvæði húsnæðislánakerfisins, og gildir ennfremur almennt um allar ríkisstofnanir, breyttist ekki heldur í kjölfar breytinganna sem gerðar voru á húsnæðislánakerfinu. Með öðrum orðum, þessar lagabreytingar voru ekki einungis aðskiljanlegar frá þessari hugsanlegu aðstoðarráðstöfun heldur algjörlega ótengdar henni. Af þessum sökum skal því ráðstöfunin, að því marki sem litið verður á undanþágu frá greiðslu arðs sem aðstoðarráðstöfun, teljast aðstoðarkerfi sem fellur undir skilgreininguna í staflíð d) í 1. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Ennfremur yrði kerfið að teljast gildandi aðstoð þar sem það var fyrir hendi áður en EES-samningurinn öðlaðist gildi, sbr. staflíð b) í 1. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Skilyrðin sem giltu um starfsemi hinna mismunandi húsnæðisstofnana gátu einungis orðið hluti af samhæfismati um nýja aðstoð ef í ljós kom að undanþága frá arðgreiðslum gæti ekki stafað af meginreglunni í opinberum íslenskum rétti heldur samkvæmt lögum um húsnæðismál og undanföllum þeirra. Af þeim sökum væri það einungis í þeim hugsanlegu aðstæðum að breytingar á húsnæðisfjármögnunarkerfinu, sem voru gerðar eftir 1. janúar 1994, gætu ef til vill bent til þess að aðstoð, sem felst í því að arður er ekki greiddur, breyttist úr gildandi aðstoð í nýja aðstoð.

<sup>(47)</sup> Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli E-14/2005 – Portúgal, endurgjald til almannaútvarpsins RTP, 63. og 74. mgr., komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að breytingar sem gerðar voru á aðstoðarráðstöfun vegna Portúgals breytti ekki ráðstöfuninni í aðstoð, m.a. vegna þess að breytingar á innlendu reglunni breyttu ekki því markmiði sem átti að ná fram með styrkjunum.

<sup>(48)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. nóvember 2004 um aðstoð sem Þýskaland veitti eimingarstöð fyrir brennt vín unnið úr mais (2006/240/EB), 83.–84. mgr. Sjá einnig 2. mgr. 17. gr. í bréfi framkvæmdastjórnarinnar frá 14. júlí 2005 í máli E 2/2005 um hollenska aðstoð við húsnæðisgeirann þar sem framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að aðstoðin væri gildandi jafnvel þótt í stað kerfis beinna styrkja hefði verið komið á kerfi ríkislána og undanþágu frá skatti eftir að EB-sáttmálinn öðlaðist gildi. Niðurstaðan varð sú að breytingarnar í heild leiddu til minni samkeppnishindrana, sbr. 16.–26. mgr. bréfsins.

#### 2.4 *Niðurstaða um hvort fjórar hugsanlegar ríkisaðstoðarráðstafanir feli í sér nýja eða gildandi aðstoð*

Á grundvelli undanfarandi mats telur Eftirlitsstofnun EFTA að eftirfarandi ráðstafanir: ríkisábyrgð, vaxtaniðurgreiðsla, undanþága frá skatti og undanþága frá arðgreiðslum, sem eru skilgreindar í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn, teljist ekki vera nýjar aðstoðarráðstafanir sem hægt er að meta í formlegu rannsókninni sem nú stendur yfir.

Til samræmis við það mun Eftirlitsstofnun EFTA ljúka formlegu rannsókninni og hefja málsmeðferð skv. 1. mgr. 1. gr. I. hluta og V. þætti II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, sem varðar gildandi aðstoð.

Til áréttingar vill Eftirlitsstofnun EFTA bæta því við að jafnvel þótt farin væri sú leið sem SFF leggur til og sú niðurstaða fengist að lög um húsnæðismál með síðari breytingum ætti vissulega við um mat á flokkunum á hugsanlegum aðstoðarráðstöfunum, sem skilgreindar eru hér á undan, hefði stofnunin samt sem áður komist að þeirri niðurstöðu að raunverulegar breytingar sem gerðar voru á húsnæðiskerfinu voru ekki með þeim hætti að þær kölluðu á endurflokkun á því hvenær aðstoð teldist gildandi og hvenær ný:

- Í fyrsta lagi getur sú staðreynd, að Ísland kaus að fara þá lagalegu leið að samþykka ný lög fremur en að breyta gildandi lögum, í sjálfu sér ekki leitt til endurflokkunar á aðstoð sem hingað til hefur verið flokkuð sem gildandi aðstoð <sup>(49)</sup>. Eingöngu skiptir máli hvort nýju lögini feli í sér efnislegar breytingar á viðkomandi aðstoðarráðstöfunum, s.s. að hafa áhrif á mat á samrýmanleika þessara ráðstafana. Í þessu tilliti telur Eftirlitsstofnun EFTA mjög mikilvægt að lög um húsnæðismál séu, að því er varðar alla grundvallareiginleika, framhald af fyrra kerfi með það sama markmið að tryggja öllum landsmönnum húsnæði á viðráðanlegu verði. Eins og sýnt er fram á í undirkafla 2.2.3.1 hér á undan er markmið laga um húsnæðismál það sama og leitast er við að ná samkvæmt lögum nr. 97/1993.
- Í öðru lagi hefur stjórnvæðingarmynd framkvæmdastjórnarinnar mótast þannig, eins þegar hefur verið getið, að breyting á lögformlegri stöðu aðstoðarþegans skiptir ekki máli um flokkun á aðstoðinni.
- Í þriðja lagi hefur fjármögnun hugsanlegra aðstoðarráðstafana fyrir Íbúðalánasjóð, sem nú eru í gildi, ekki breyst í kjölfar setningar laga um húsnæðismál og síðari breytinga á þeim lögum.
- Í fjórða lagi breyttist ekkert með lögum um húsnæðismál að því er varðar útgáfu húsbrefa, sem er helsti lánaflokkurinn. Nýr lánaflokkur, svonefndur viðbótarlánaflokkur, var tekinn upp til þess að gera endurbætur á félagslegu húsnæði samkvæmt lögum um húsnæðismál. Þessi lánaflokkur kom í raun í staðinn fyrir flokkana um félagsleg lán sem mátti veita samkvæmt lögum nr. 97/1993. Eins og fram kemur í undirkafla I.2.2.3.3 var hámarks-hlutfall af þessari gerð lána og skilyrðin, sem giltu um að rétt til láns, nánast þau sömu. Af þessum sökum er helsti munurinn á reglunum varðandi þessar gerðir lána sá að í lögum um húsnæðismál er kveðið á um að þessar íbúðir megi selja, með fyrirvara um tiltekin skilyrði, á almennum markaði á markaðsverði. Það er álit Eftirlitsstofnunar EFTA að þessar breytingar á löggjöfinni breyttu hvorki þeim hópi sem hugsanlega þiggur félagsleg lán efnislega né jók umfang starfsemi Íbúðalánasjóðs á því sviði í samanburði við undanfara hans. Jafnframt getur afnám félagslegu lánaflokkanna, sbr. undirkafla I.2.2.3.3 hér á undan, ekki valdið því að aðstoðarkerfi verði flokkað sem ný aðstoð. Á þess háttar breytingar væri í mesta lagi hægt að líta sem afnám aðstoðar.
- Í fimmta lagi getur Eftirlitsstofnun EFTA ekki tekið undir það álit SFF að með lögum um húsnæðismál opnast mun fleiri möguleikar fyrir Íbúðalánasjóð til að veita lán til fyrirtækja til byggingar leiguíbúða <sup>(50)</sup>. Eins og greint er frá í undirkafla I.2.2.3.2 hér á undan mátti veita fyrirtækjum, sem fengust við byggingu íbúðahúsnæðis, lán úr húsbrefakerfinu, hvort tveggja samkvæmt skilmálum reglugerða sem eru gefnar út á grundvelli laga um húsnæðismál og undanfara þeirra.

<sup>(49)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar E 12/2005 – Pólland, ótakmörkuð ríkisábyrgð til stuðnings Poczta Polska, 39.–47. mgr.

<sup>(50)</sup> Hvað þetta varðar vísaði SFF til ummæla formanns þingnefndarinnar sem féllu þegar orðin „til einstaklinga“ voru felld brott úr 1. tölul. 15. gr., um almenn lán, í frumvarpinu sem síðar varð að lögum um húsnæðismál. Sjá 7. lið í ræðunni, sjá <http://www.althingi.is/altext/122/05/r13133243.sgml>.

- Í sjötta lagi var húsbréfakerfið afnumið með lögum nr. 57/2004, eins og þegar hefur komið fram, og þess í stað voru veitt staðgreiðslulán úr Íbúðalánasjóði. SFF hefur haldið því fram að með þessari breytingu skuli ráðstöfunin flokkast sem ný aðstoð. Þessi lög breyttu þó engu með tilliti til umfangs hugsanlegra aðstoðarþega og annarra sambærilegra, ekki hafði hún heldur í för með sér breytingu á tilgangi hugsanlegrar aðstoðarráðstöfunar til Íbúðalánasjóðs og fjármögnunar á henni. Því er það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að líta skuli svo á að breytingarnar séu stjórnsýslulegar og tæknilegar fremur en efnislegar.
- Í sjöunda lagi hækkaði hámarkslán Íbúðalánasjóðs í almenna lánaflokknum í allt að 90 % af matsverði íbúðar með lögum nr. 120/2004. Af þeim sökum var VII. kafli laganna um viðbótarlán felldur niður. Með lögum nr. 120/2004 breyttist ekkert að því er varðar almannaþjónustu Íbúðalánasjóðskerfisins. Markmiðið með lögum um húsnæðismál var óbreytt, aðstoðarþegi var áfram Íbúðalánasjóður eingöngu og starfsemi hans var enn óbreytt í grundvallaratriðum. Þá breyttu löggin engu um hver átti rétt á láni úr Íbúðalánasjóði, heldur var breytingin sú ein að 90 % hámarkið stóð öllum til boða <sup>(51)</sup>. Þessi staða mála er ólík því sem var í *Keller*-málinu þar sem undirdómstóll EB úrskurðaði að hækkun á hámarki fastafjármuna, sem fyrirtæki mátti hafa til umráða til þess að falla undir samþykkt aðstoðarkerfi, úr 7 milljörðum ITL í 80 milljarða ITL, væri efnisleg breyting sem skylt væri að tilkynna framkvæmdastjórninni. Dómstóllinn vísaði til þess að breytingin hefði fjölgað hugsanlegum aðstoðarþegum enda hefði hún opnað kerfið nýjum umsækjendum <sup>(52)</sup>. Breyting á aðstoðarkerfinu, sem hugsanlega eykur fjölda aðstoðarþega, er breyting á grundvallarþætti kerfis og getur haft áhrif á hvort það er samrýmanlegt EB-sáttmálanum. Í málinu, sem hér er til skoðunar, skiptir það hvort lánshlutfallið er 70 % eða 90 % af matsverði fasteignar hins vegar ekki máli um flokkun almennra lána sem almannaþjónustu samkvæmt 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Hugsanleg aðstoðarráðstöfun í formi ríkisábyrgðar, vaxtaniðurgreiðslu, undanþágu frá skatti og undanþágu frá greiðslu arðs til stuðnings Íbúðalánasjóði telst gildandi aðstoð. Formlegri rannsókn sem varðar nýja aðstoð er því lokið.

2. gr.

Undanþága Íbúðalánasjóðs frá því að beita ákvæðum laganna sem um getur í 14. lið II. kafla í IX. viðauka við EES-samninginn telst ekki vera ríkisaðstoð.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Íslands.

4. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 27. júní 2008

fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

**Per Sanderud**

forseti

**Kurt Jaeger**

stjórnarmaður

<sup>(51)</sup> Í ákvörðun sinni í málinu sem varðaði almannaútlit í Þýskalandi komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að hækkun afnotagjalds skyldi ekki teljast ný aðstoð: „Öllu heldur er hækkunin afleiðing af aukinni fjárförf útvarpsrekenda í almannaþjónustu sem stafar af almannaþjónustuhlutverki þeirra. Af þeim sökum – og í samræmi við fyrri stjórnsýslufrákvæmd framkvæmdastjórnarinnar – verður hækkunin ekki greind frá hinni upprunalegu tilhögun fjármögnunarinnar og telst ekki efnisleg breyting að því tilskildu að ekki hafi orðið efnislegar breytingar á almannaþjónustuhlutverkinu sjálfu.“ Áðurnefnd ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. apríl 2007, 206. mgr.

<sup>(52)</sup> Mál T-35/1999, *Keller SpA* gegn framkvæmdastjórninni, 62. mgr.

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2010/EES/14/03

(Mál COMP/M.5797 – State Street Corporation/Intesa Sanpaolo Servizi Transazionali/  
Sanpaolo Bank)

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. mars 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið State Street Corporation („STT“) öðlast með kaupum á hlutabréfum í eigu Banca Intesa Sanpaolo SpA að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í ítalska fyrirtækinu Intesa Sanpaolo Servizi Transazionali SpA og lúxemborgska fyrirtækinu Sanpaolo Bank s.a.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - STT group: sala á öllum tegundum verðbréfaþjónustu til stofnanafjórfa og einstaklinga um allan heim
  - Intesa San Paolo Servizi Transazionali SpA og Sanpaolo Bank s.a.: sala á margvíslegri eignavörslu- og sjóðstýringarþjónustu til stofnana, svo og í minna mæli einstaklinga, á Ítalíu og í Lúxemborg
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 77, 26. mars 2010). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5797 – State Street Corporation/Intesa Sanpaolo Servizi Transazionali/Sanpaolo Bank, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.5824 – BC Partners/Spotless)**

2010/EES/14/04

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. mars 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið CIE Management II Limited, sem er rekstraraðili og einn eigenda BC European Capital VIII („BC“), en það er í eigu BC Partners Holdings Limited („BC Partners“) gegnum önnur félög og eru þessi fyrirtæki skráð á Guernsey, öðlast með hlutfjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í franska fyrirtækinu Spotless Group SAS („Spotless“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - BC Partners: fyrirtæki sem fjárfestir í óskráðum félögum, rekstraraðili og einn eigenda BC Funds; starfsemin byggist á nánu samstarfi starfstöðva í Evrópu og Norður-Ameríku og snýst um að kaupa og efla fyrirtæki og mynda virðisauka í samstarfi við stjórnendur
  - BC: sjóður sem fjárfestir í óskráðum félögum
  - Spotless: framleiðsla á þvottavörum, ræstivörum, skóhirðuvörum, hreinsiefnum fyrir glerlinsur og vörum til umhirðu plantna og gæludýra
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 74, 24. mars 2010). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5824 – BC Partners/Spotless, á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/14/05**  
**(Mál COMP/M.5549 – EDF/Segebel)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 12. nóvember 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5549. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/14/06**  
**(Mál COMP/M.5554 – HAVI/KeyLux/STI Freight JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 16. mars 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5554. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.



**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/14/07**  
**(Mál COMP/M.5579 – TLP/Ermewa)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 22. janúar 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á frönsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5579. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/14/08**  
**(Mál COMP/M.5611 – Agilent/Varian)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 20. janúar 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5611. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/14/09**  
**(Mál COMP/M.5664 – Bilfinger Berger/MCE)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 18. desember 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5664. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/14/10**  
**(Mál COMP/M.5688 – Alstom/Bharat Forge/JV Companies)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 27. janúar 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5688. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/14/11**  
**(Mál COMP/M.5700 – Lloyds TSB Development Capital/PCH)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 12. mars 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5700. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/14/12**  
**(Mál COMP/M.5707 – Tennet/E.ON)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 4. febrúar 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5707. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/14/13**  
**(Mál COMP/M.5712 – Mitsubishi Chemical Holdings/Mitsubishi Rayon Co)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 25. febrúar 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5712. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/14/14**  
**(Mál COMP/M.5729 – Bank of America/Barclays Bank/DSI International)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 25. febrúar 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5729. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/14/15**  
**(Mál COMP/M.5730 – Telefónica/Hansenet Telekommunikation)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 29. janúar 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5730. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/14/16**  
**(Mál COMP/M.5732 – Hewlett-Packard/3Com)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 12. febrúar 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5732. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/14/17**  
**(Mál COMP/M.5750 – WABCO/Würth/JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 11. mars 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á þýsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5750. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/14/18**  
**(Mál COMP/M.5773 – Qatar Petroleum/General Electric Company/PII Group)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 2. mars 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5773. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/14/19**  
**(Mál COMP/M.5783 – Statoil/Svitzer/FTTS (JV))**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 2. mars 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5783. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/14/20**  
**(Mál COMP/M.5806 – KKR & Co/Pets at Home)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 17. mars 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5806. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

**Ríkisaðstoð – Spánn****2010/EES/14/21****Málsnúmer C 37/09 (áður N 226/09) – Fyrsti og annar samningur fyrirtækjanna Bizkailur S.A. og Habidite Technologies País Vasco S.A. um byggingu iðjuvers fyrir Habidite í Alonsotegi****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans í tengslum við ofangreinda ríkisaðstoð, sjá [Stjtið. ESB C 61, 12.3.2010, bls. 6](#).

Framkvæmdastjórnin birtir þessa auglýsingu til þess að gefa EES-ríkjunum og öðrum áhugaaðilum færi á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdafrestur er einn mánuður frá því að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal senda athugasemdirnar til:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
State aid Greffe  
Office: J-70, 3/225  
1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

Bréfasími: +32 22961242

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld á Spáni. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**Ríkisaðstoð – Lettland****2010/EES/14/22****Málsnúmer C 39/09 (áður N 385/09) – Opinber fjármögnun mannvirkja og búnaðar í höfninni í Ventspils****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans í tengslum við ofangreinda ríkisaðstoð, sjá [Stjtið. ESB C 62, 13.3.2010, bls. 7](#).

Framkvæmdastjórnin birtir þessa auglýsingu til þess að gefa EES-ríkjunum og öðrum áhugaaðilum færi á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdafrestur er einn mánuður frá því að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal senda athugasemdirnar til:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
State Aid Greffe  
1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

Bréfasími: +32 22961242

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Lettlandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.



**Ríkisaðstoð – Ungverjaland****2010/EES/14/23****Málsnúmer C 31/09 (áður N 113/09) – Aðstoð sem veitt hefur verið fyrirtækinu  
Audi Hungaria Motor Kft.****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans í tengslum við ofangreinda ríkisaðstoð, sjá [Stjtið. ESB C 64, 16.3.2010, bls. 15](#).

Framkvæmdastjórnin birtir þessa auglýsingu til þess að gefa EES-ríkjunum og öðrum áhugaaðilum færi á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdafrestur er einn mánuður frá því að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal senda athugasemdirnar til:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
State Aid Greffe  
1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

Bréfasími: +32 22961242

Athugasemdum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Ungverjalandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**Ríkisaðstoð – Þýskaland****2010/EES/14/24****Málsnúmer C 40/09 (áður N 555/09) – Viðbótaraðstoð sem veitt hefur verið fyrirtækinu WestLB AG til að selja frá sér eignir****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans í tengslum við ofangreinda ríkisaðstoð, sjá [Stjtið. ESB C 66, 17.3.2010, bls. 15](#).

Framkvæmdastjórnin birtir þessa auglýsingu til þess að gefa EES-ríkjunum og öðrum áhugaaðilum færi á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdafrestur er einn mánuður frá því að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal senda athugasemdirnar til:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
State aid Greffe  
Rue de la Loi/Wetstraat 200  
1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

Bréfasími: +32 22961242

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Þýskalandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

## Auglýsing eftir tillögum – EACEA/11/10

2010/EES/14/25

## Áætlunin „Virk æska“

**Aðgerð 3.2 – „Æska heimsins“: samstarf við önnur ríki en nágrannaríki Evrópusambandsins**

Auglýst er eftir tillögum með það fyrir augum að styrkja verkefni sem snúast um samstarf á sviði æskulýðsmála milli aðildarríkja áætlunarinnar „Æska heimsins“ og samstarfsríkja annarra en nágrannaríkja Evrópusambandsins (ríkja utan Evrópusambandsins sem hafa gert samninga við það á sviði æskulýðsmála). Auglýst er í því skyni að veita verkefnastyrki. Nánari upplýsingar um markmið og verkefni má finna í óstyttri útgáfu auglýsingarinnar eins og hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 64, 16.3.2010, bls. 4) og þar er einnig skýrt hvaða viðmið ráða úthlutun styrkja.

Tekið verður við umsóknum til **17. maí 2010**. Allar nánari upplýsingar er að finna á eftirfarandi vefslóð:

[http://eacea.ec.europa.eu/youth/funding/2010/call\\_action\\_3\\_2\\_en.php](http://eacea.ec.europa.eu/youth/funding/2010/call_action_3_2_en.php)

**Auglýst eftir tillögum um aðgerðir til að draga úr vegaf lutningum, stuðla að breytingum í öðrum flutningagreinum, nýta hraðbrautir á sjó, forðast aukna umferð eða auka menntun og samstarf í fraktflutningageiranum samkvæmt annarri Marco Polo áætluninni**

2010/EES/14/26

*(Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1692/2006 – Stjtið. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 1)*

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins auglýsir eftir tillögum sem koma eiga til greina við val verkefna samkvæmt annarri Marco Polo áætluninni á árinu 2010. Tekið verður við umsóknum til 18. maí 2010.

Upplýsingar um tilhögun við val á tillögum og leiðbeiningar fyrir umsækjendur er að finna á eftirfarandi vefsetri:

[http://ec.europa.eu/transport/marcopolo/calls/2010\\_en.htm](http://ec.europa.eu/transport/marcopolo/calls/2010_en.htm)

Senda má fyrirspurnir í tengslum við Marco Polo áætlunina á netfangið [eaci-marco-polo-helpdesk@ec.europa.eu](mailto:eaci-marco-polo-helpdesk@ec.europa.eu) og með símbréfi á eftirfarandi númer: +32-22979506.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar 2010/EES/14/27  
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flug-  
rekstur í bandalaginu**

**Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug**

Aðildarríki	Frakkland
Flugleið	Rouen–Lyon (Saint-Exupéry)
Gildistökudagur almannaðjónustukvaða	Kvaðir felldar niður
Textinn er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða almannaðjónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	Arrêté du 17 février 2010 abrogeant l'arrêté du 9 juillet 2009 relatif à l'imposition d'obligations de service public sur les services aériens réguliers entre Rouen et Lyon (Saint-Exupéry)  NOR: DEVA1004589A <a href="http://www.legifrance.gouv.fr/initRechTexte.do">http://www.legifrance.gouv.fr/initRechTexte.do</a>  Nánari upplýsingar veitir: Direction générale de l'aviation civile DTA/SDT/T2 50 rue Henry Farman 75720 Paris Cedex 15 FRANCE  Sími +33 158094321 Netfang: <a href="mailto:osp-compagnies.dta@aviation-civile.gouv.fr">osp-compagnies.dta@aviation-civile.gouv.fr</a>